17. Eptir þat for konungr sialfr til munklifissins. En þa er hann sa Benedictum guds þræl sitianda, þordi hann eigi nær honum ath koma, ok fell hann til iardar. En guds madr mællti vit hann **15** tysvar eda þrysvar, at hann skyldi upp risa. En hann þordi eigi, adr Benedictus tok i hond honum ok reisti hann upp ok asakadi hann um grimmleik sinn ok sagdi honum i faam ordum, hvat verda mundi wæt hagh hans, ok mællti hann: »Mart illt hefir þu giort ok giorir, stilltu þik nu um sidir at illzku þinni¹. Þu munt **20** koma til Romaborgar ok heria ut um haf, ok muntu .ix. vetr hafa veldi þar en deyia **aa** enum .x.^{da}« Ok er konungr heyrdi þetta, þa ottadiz hann miok ok bad Benedictum bidia fyrir ser. Þa for hann i brott ok var alldregi sidan iafngrimmr sem adr. En þat sannadiz allt, sem Benedictus hafdi um hann spæd, hann kom til **25** Romaborgar ok for allt til Sikileyiar ok do **aa** tiunda vetri þadan fraa.

Benedictus rak dioful fra odum klerk.

18. A þeiri tid var klerkr einn ordinn odr af diofla i borg þeiri, sem kollut er Aqvinensis, en Constancius byskup leiddi hann til margra helgra stada, at hann mætti þar heilsu fa. En **30** guds vottar villdu honum eigi af því heilsu gefa, at kraptr Benedicti skyldi ollum auglos verda. Þa var enn odi klerkr leiddr fyrir Benedictum; en hann bad fyrir honum til guds ok rak i brott enn forna fianda. En er hann var heill, þa mællti Bene-

dictus vit hann: »Far þu nu ok et eigi kiot sidan, ok tak eigi vigslur fleiri, en nu hefr þu; en **a** þeim degi, sem þu dirfiz þess, þa muntu odr verda i annat sinn.« Klerkrinn for heim heill ok vardveitti nockura stund þat, er Benedictus baud honum. En þa er margin vetr voru lidnir, þa sa klerkrinn, at þeir hofdu fleiri vigslur en hann, sem yngri voru, en andadir voru enir ellre, ok gleymdi hann ordum Benedicti, þviat langt var þadan lidit, ok tok þa vigslur fleiri. En þegar vard hann gripinn af enum sama diofli ok var odr, medan hann lifdi sidan.

10

Fra Benedicto ok Theoporus.

19. Theoporus het einn gófugr madr, er til tru hafdi horfit af kenningum Benedicti, ok var við hans mikill, þviat hann var radvandr madr. Hann hafdi komit til husa Benedictus um dag, ok sa hann guds vin hardla hryggvan; þat sa hann ok, at hann felldi tær, ok var hann þó eigi **a** bænum. Þa spurdi Theoporus, hver sok væri til hrygdar hans. En Benedictus svaradi: »Munklifi þetta mun allt eydaz, er ek hefi gera latit, ok sa audr allr, sem her er til lagdr, mun koma i hendr utlendum monnum at rettum guds domi, ok mætta ek trautt geta af gudi, at hann veitti mer andir brædra.« Þessi ord Benedicti heyrdi Theoporus. En su spasaga kom fram miklu sidarr, þviat Langbarda herr kom um nott, þa er munkar voru i svefn, ok toku allt þat, er femætt var, en gud hlifdi svo þrælum sinum, at þeim sialfum var ecki mein gert, ok fylltiz þa fyrirheit, þat er gud het Benedicto, ath hann mundi vardveita andir brædra, þó at hann selldi audæfi þeira heidnum monnum.

Fra sendimanne til Benedictum.

20. Madr var sendr um dag til munklifiss Benedicti ath færa honum tunnar tvær fullar vins. En sa, er sendr var, færdi Benedicto adra tunnuna, en adra fal hann a gótu sinni. Benedictus vissi, hvat hann hafdi giort ok tok vit tunnunni þacksamliga. En adr sendimadrinn færi a braut, þa mællti hann vit hann: »Hygg attu, sonr, ath eigi dreckir þu or tunnunni þeiri, sem þu falt **a** gotunni, helldr halladu, ok sia hvat i byr.« En **sæ** for i brött ok villdi reyna, hvat þat væri, sem honum var sagt, ok halladi tunn-

unni. En þar skreid or høggormr. Þa idradizt hann illzku sinnar, ok hræddiz hann þa grand hugar sins, er hann sa grand i vinino.

• **Fra Benedicto ok munk hans.**

21. Bær var skamt fra munklifi Benedicti. I þeim stad var mikill fioldi þeira manna, sem tru høfdu tekit af ordum Benedicti. 5 Þar voru ok nunnur, ok sendi Benedictus opt munka þangat ath telia tru fyrir monnum. Hann sendi einn dag þangat munk ath vanda sinum, ok taldi sa tru fyrir monnum. En adr hann for heim, þa gafu nunnur honum duka, en hann stack i serk ser ok villdi ser nyta. Par voru laug munka, at allir skylldu eiga saman 10 þat, er þangat var sent, þo at einum væri fyrst gefit. Ok er hann kom heim, þa asakadi Benedictus hann ok mællti: »Fyrir hvi geck ilzka i serk þer?« En sa duldiz vit ok let, ath hann vissi eigi, um hvat hann var avitadr. Benedictus mællti: »Wissir þu eigi, at ek var þar i hia, er nunnunnar gafu þer dukana ok þu 15 letz þa i serk þer?« En sa fell til fota Benedicto ok tok dukana or serk ser ok gerdi idran fyrir heimsku sina.

Fra kertisveini Benedicti.

22. Þa er Benedictus sat at bordi einnhvern aptan, ok skyldi halda kerti fyrir honum eins riks manz son, er hann matadizt; 20 en ofmetnadur andi kom i briost honum, ok hugsadi hann þetta: »Hvat manna er sia þess, at ek skal honum þiona ok halda liosi fyrir honum?« Benedictus leit til hans ok mællti: »Hvat er nu, brodir? sign þu þik ok hiarta þitt.« Þa kalladi hann þangat munka ok mællti, ath kertit skyldi taka fra þeim er hellt, ok bad hann 25 sitia kyrran fra þeiri stundu. En þa var hann spurdr af brædrum, hvat honum væri, en hann sagdi, hversu hann hafdi drambat i hugskotinu i gegn guds þræli. Þa var þat ollum liost, at ecki matti leynaz fyrir Benedicto, þat sem hann villdi vita, er eigi mattu hugrenningar leynazt fyrir honum. 30

Fra Benedicto oc aaran(!).

23. Pat var enn æ einni tid, at oðaran gerdi mikit, ok margir menn urdu matþrota. Pat oðaran kom ok i munklifi Benedicti, ok var þar svo giorla matr þrotinn, at .v. braudleifar voru eptir

til nattverdar. En (er) Benedictus sa munka oglada, þa leitadi hann at hugga þa med blidum ordum ok mællti. »I dag er oss vant fæzlu, en a morgin munum vær gnott hafa.« Ok enn næsta dag eptir þa funduz .cc. mæla hveitis i seckum fyrir husdyrum hans.
 5 En þat vissi eingi sidan, hvadan su fæzla var komin. Ok er brædr sáa þetta, þa gerdu þeir gudi þackir ok efudu alldregi sidan um fyrirheit heilags Benedicti.

Fra Benedicto ok brædrum.

24. Einn gofugr madr var sa, er gera villdi lata munklifi i landi sinu, en hann bad enn helga Benedictum, at hann sendi þangat lærisveina sina, þa sem hefdi forrad þess stadar. Benedictus sendi þangat brædr ok kvad a, hvern aboti skyldi vera eda hvern prior, ok mællti, adr þeir fær: »Fari þer nu, en ek mun koma at nefndum deghi ok syna ydr, hvar kirkju skal giora, ok sva hversu 10 þer skulut hvert huss setia at þeim stad.« Peir toku blezan af Benedicto ok foru sidan, ok biugguz vit þangatkomu hans at ollu eptir megni, sem makligt var. En ær þeiri nott, sem næst var fyrir þann dag, er Benedictus het at koma, þa syndiz hann i draume tveimr munkum, þeim sem hann hafdi til forrads ætlada 15 at munklifinu, ok sagdi þeim glögliga ok syndi, hvar þeir skyldu hvert huss lata gera. En er þeir voknolu, þa sagdi hvor brodirinn odrum, hvat dreymt hafdi, ok trudu ecki ær draumiun, helldr væntu þeir, at Benedictus mundi koma um daginn eptir. En er hann kom eigi, þa foru þeir til fundar vit hann ogladir ok mællto: »Vær 20 bidum þin, fadir, ok væntum, at þu mundir koma ok syna oss, hversu vær skyldim gera þann stad, sem þu hetz, ok konitu eigi.« Hann svaradi: »Fyrir hvi mælit þit þetta, þvíat ek kom, sem ek het yekr.« En þeir mællto: »Hvenar komtu?« Hann svaradi: »Fyrir hvi munit þit eigi, þar sem þit sögdut badir, ath ek kom 25 til yekar, ok synda ek yekr alla husaskipan; farit þit nu ok giorit svo, sem þa var yekr sagt.« En þeir foru heim ok undruduz þenna atburd ok gerdu, sem þeim var kent i drauminum, alla husaskipan.

Fra nunnum tveimr.

35 25. Nunnur tvær voru skamt fra munklifi Benedicti, en þessar konur voru ættgaufgar at þessa heims virding. Einn sid-

samr madr færdi þeim likams fæzlu. En iardligh tign giorir opt ogofugleik andar, ok mega þeir menn sidr lægia sig fyrir gudi, sem at nockuru hafa odrum monnum ædri verit. Þat vard ok þessum konum, þviat þær stilltu eigi vel tungu sina ok voru avitsamar vit þann mann, sem þeim þionadi med gæzku, ok gerdu s hann opt reidan. En er svo hafdi leingi verit, þa for sa madr ok sagdi Benedicto, hversu ohægar konur þær voru vit hann. Ok er Benedictus heyrdi þetta, þa for hann ok hitti þær ok mællti svo: »Stillit þit betr tungu yckra, ella mun ek setia yekr i bann.« Pessi bannsetningu ægdi hann þeim, en gerdi eige. Þær blotnodu 10 ecki vit ord hans. Þær lifdu skamma stund sidan ok voru grafnar i kirkiu. En er messur voru sungnar i þeiri kirkiu, þa syndizt sva konu þeirri, sem þær hafdi faðdar ok þar fornadi gudi, ath þær risu upp or grofum sinum ok gengo or kirkiu ævallt ath upphafi messu. En er hon sa þat opt, þa kom henne i hug, hvat Benedictus hafdi mællt vit þær, er hann het þeim bannsetningu, ef þær stillti eigi betr tungu sina. Þa var madr sendr til guds vinar, ok var honum þetta sagt med ahyggju. En hann gerdi oflatu ok mællti: »Fari þer nu ok færít oflatu þessa gudi fyrir öndum þeira, ok munu þær eigi sidan vera i banni.« Þa var su oflata gudi 20 færd fyrir þeim, ok voru þær eigi senar sidan ganga¹ or grofum sinum, þott messur væri sungnar, þviat Benedictus hafdi sættar þær vit gud.

miraculum.

26. Munkr einn var sa ungr ath alldri, sem of mikti unni 25 födur sinum ok modur, ok for sva um dag til þeirra, ath hann hafdi eigi tekit blezan af Benedicto ne leyfi til at fara. Ok enn sama dagh, sem hann kom til þeirra, þa vard hann braddaudr. En er hann var grafinn, þa war liki hans kastat or grofinni annan dagh. Þa rann fadir hans ok modir til fundar vit Benedictum ok 30 fellu til fota honum ok badu med tarum, ath hann veitti þeim miskunn. En hann sendi hlut af holldi drottins ok mællti: »Farit þer nu ok leggit þetta corpus domini yfir briost sveinum ok grafit hann.« En er þat var giort, þa tok vit likama hans iord.

¹ þær gengu Cd.

Enn fra odrum munk.

27. Sa var annarr munkr, er hugr hans var ostadfastr ok undi hann eigi i munklifi Benedicti, en guds madr talde opt fyrir honum med blidum ordum, at hann skyldi þar una, en munkrinn let eigi at ordum hans ok bad hann leyfis til brautfarar. En guds þræli vard hermt vit ounatsemd hans ok mællti, ath hann skyldi brott fara, ef hann villdi. En þegar sem hann geek or klaustragardzhliði, þa sa hann dreka standa fyrir ser med gapanda munni ok let, sem gleypa hann mundi. Þa tok munkrinn ath hrædazt ok banda hondum, svo sem hann verdiz noekuru, ok kalladi hatt ok mællti: »Rennit hingat þer, þvíat dreki sia vill sveglia mik.« En braedr foru til ok mattu eigi drekanu sia, en þeir leiddu heim munkinn skialfanda. Þa het hann því, at hann mundi alldregi sidan fysaz brott or munklife, ok þat efndi hann.

15

miraculum.

28. Dat var enn w m dagh, at leiddr var fyrir Benedictum sweinn sa, er hina verstu likþra hafdi, svo at haar fell af höfdi honum, ok allt hörond hans var fullt vogs ok hriuft. En fadir hans leiddi hann fyrir enn sela Benedictum, ok gaf hann honum 20 þegar heilsu i nafne Jesus Cristz.

Fra manne einum.

29. Saa madr kom til mals vit Benedictum, er giallda atti .xii. skillinga, ok hafdi eigi til. Hann sagdi Benedicto til vandrédis sins, at hann matti eigi giallda þat, sem hinn heimti at honum. En Benedictus hafdi þa eigi silfr til at gefa honum, en kvaddi þo hinn blidliga ok mællti: »Kom þu hingat á tveggja natta fresti, þvíat nu er eeki til i dagh ath gefa.« En a þeim dögum .ii. var Benedictus á bænum þrásamliga. Hinn kom enn þridia daghinn, ok þa funduz þrettan skillingar silfrs á aurk þeiri, 30 sem full var hveitis. Benedictus bad selia silfrit enum volada manne ok mællti, at hann skyldi giallda .xii. skillinga ok hafa sialfr enn þrettanda til þurftar sinnar.

miraculum.

30. Sa madr var enn einn, sem ovinn hans villdi fyrirkoma ok blandadi eitri dryck hans. En sa drycek matti eigi fyrirfara

honum, en þo gerdiz honum sott af því, ok vard margr litr **aa** likama hans. Þessi madr var leiddr fyrir Benedictum, en þegar er hann tok hendi **aa** honum, þa vard hann heill, svo sem alldregi hefdi hann siukr verit.

Um oaran.

5

31. A þeirri tid sem oaaran gerdi i heradi því, er Kampania heitir, þa hafdi Benedictus gefit aumum monnum alla fæzlu, þa sem i munklifnu var, nema vitsmiðr litit i einu keri. Þa kom subdiakn, sa er Agapitus het, ok bad gefa ser vidsmiðr, en guds madr Benedictus, er allt villdi gefa fyrir guds sakir, til þess ath **10** hann mætti eignatz **aa** himne allt med gude, þa mællti hann, at gefa skyldi þat et litla vitsmiðr, sem eptir var. En sa sem eptir var sendr villdi eigi framm selia. Benedictus spurdí litlu sidar, ef hann gerdi, sem mælt var. En hann kvedz eigi giort hafa, ok sagdi, at ecki væri eptir, ef hann gæfi þetta. Þa vard **15** Benedictus reidr ok mællti wit annan mann, ath hann skyldi kasta ut glerkerinu i glugg, þviat hann villdi eigi þat nyta lata, sem med singirni ok ohlydni var vardveitt. En undir glugginum var borit saman griot mart, ok er kerinu var utkastad, þa kom þat **20** **aa** steina, ok brotnadi eigi ok eigi slagnadiz nidr vidsmiðrit. Þa mællti Benedictus, at kerit skyldi taka ok gefa þurfamonnunum þat, sem i var. Sidan heimti hann munka til sin ok avitadi enn ohlydna mann um otru sina ok singirni. Ok er því var lokit, þa geck Benedictus til bænar med brædrum.

miraculum.

25

32. En i þeim stad, sem þeir voru a bænum, stod ketill tomr ok breitt klædi yfir, ok er þeir hofdu leingi statit, þa tok ath lyptaz klædit, þat sem yfir ketilinn var breitt. En er þat var af tekit, þa var ketillinn fullr vidsmiors, svo at þa rann alla vega yfir. Ok er Benedictus **sæ** þat, þa let hann falla bæn sina, ok **30** þa let af at ganga yfir ketilinn. Þa tok enn ohlydni madr ath skammazt otru sinnar, er hann sa, ath Benedictus sannadi med iarteinum þat, sem hann kendi med ordum, ok var eingi **sæ** sidan, er efadi um fyrirheit hans, þviat hann hafdi **aa** einu augabragdi ketil fullan vidsmiors golldit þeim i stad glerkers, þess er miðg **35** sva var tomt.

Fra Benedicto ok odum manni.

33. Dat var enn um dag, at Benedictus for til kirkiu til bænar, ok þa kom enn forni fiandi æ mot honum i asionu illz læknis ok hafdi horn i hendi. Benedictus spurdí, hvert hann færí. Fiandinn svaradi: «Ek fer til brædra at gefa þeim dryek.» Benedictus for til bænar. En hinn illgiarni ande slo ædi æ munk þann, er taka skyldi vatn, ok velltiz hann æ iðrdu ok mællti orar. Ok er Benedictus geck fra bæn sinni ok sa enn oda munk, þa laust hann a kinn honum ok rak svo fiandann fra honum, at hann 10 þordi eigi sidan til hans at koma.

Fra rikismanni einum.

34. Rikismadr var sa, er Zalla het, grimmr madr ok vafdr i villu þeiri, sem Arrius hafdi bodit. Hann var svo illr vit kristna menn, at kennimenn eda munkar nadu trautt med fiðrvi ath fara, 15 þeir sem honum mættu. Þat var um dagh, at hann neyddi þorpkarll nockurn med kvolum til, at hann selldi honum fe sitt allt. En þorpkarlinum vard þat a munne, at hann kvedz allt fe sitt sellt hafa enum helga Benedicto. En sia enn grimme madr Zalla let þa af at kvelia hann, helldr batt hann hendr hans æ bak apr 20 ok rak hann fyrir ser, til þess at hann syndi honum, hvern sia Benedictus væri, er vit fenu hafdi tekit at hans sögn. Þorpkallinn for fyrir, en Zalla reid eptir, þar til er þeir komu til munklifissins. Pa sat Benedictus uti fyrir husdyrum sinum ok sa a bok. Pa mællti þorpkallinn vit Zallam: «Her er sa Benedictus, er ek gat 25 fyrir þer.» Pa leit Zella reiduliga til Benedictum ok ætladi, at hann mundi skelfa hann i ognum sinum sem adra menn, ok mællti med akalli vit hann: «Ris upp þu skioott ok giallt mer aura manz þessa, er þu hefir vit tekit.» Pa heyrdi Benedictus kallit ok leit til hans fra bokinni, er hann hellt æ. «Tak þu feit, kvad Zalla, 30 ok sel oss.» Benedictus svaradi óngu ok sa, hvar þorpkallinn stod bundinn. En vit þat losnudu öll bond af honum, ok er hann stod laus, þa braeddiz enn grimme Zalla vit takn þetta ok fell til fota Benedicto ok bad ser liknar. En guds madr leit eigi til hans, helldr kalladi hann braedr, at þeir leiddi hann til blezanar. 35 En er þat var giort, þa asakadi Benedictus hann miok um grimeik sinn ok bad, at hann batnadi. En Zalla for a braut ok gerdi ecki mein þorpkarlli, ok var eigi iafngrimmr sidan.

Fra einum þorpkarle.

35. Annar þorpkarll kom um dag med lik sonar sins til munklifis Benedicti ok spundi, hvar hann væri. En Benedictus var æ akri med brædrum. Ok er þorpkallinn vissi þat, þa kastadi hann liki sonar sins fyrir kirkiudyr. En hann rann a mot Benedicto, er hann geek af akri med brædrum. En þorpkallinn kalladi þegar a Benedictum, er hann sa hann: «Gialltu mer son minn! Gialltu mer son minn!» Benedictus svaradi: «Weiztu, ath eigi tok ek son þinn fra þer.» Þorpkarlinn mællti: «Daudr er hann, en þu kom ok reis hann af dauda.» Benedictus vard hryggr ok mællti: «Farit brott þer, farit brott þer, þviat þetta er vort verk eigi, helldr postola guds almattigs; til hvers bindit þer oss byrdar, þær sem vær megum eigi bera.» En kall var þrær a bæn sinni ok sor þess vit gud, at hann mundi eigi brott fara, fyrr en Benedictus gæfi lif syni hans. Benedictus spundi, hvar likit var. Hann sagdi ok kvad vera fyrir kirkiudyrum. En er guds þræll kom þangat, þa fell hann a kne-hia likinu til bænar ok hellt hondum til himins ok mællti: «Drottinn! littu eigi syndir minar, helldr tru þessa manz, er lifs bidr syni sinum, ok gialltu likama hans önd, þa sem þu tokt æ braut.» En er hann lauk bæn sinni, þa hrærdiz likit ok hof sveinninn upp augu sin. Benedictus tok i hond honum ok selldi hann lifanda ok heilan fedr sinum.

Fra syskinum Benedicti.

36. Benedictus atti systur, ok var hun nunna ok pionadi gudi, en hun het Scolastica. Hun var von ath koma æ hverium misserum til brodur sins, en þau funduzt a bæ þeim, sem skamt var fra munklifi Benedicti, þviat þar skyldi eingin kona koma. En er þau funduz um dagh, þa ræddu þau um himneskar dyrdir þann dag til nætr, ok motoduz bædi saman. Þa mællti Skolastica: «Ek bid þik, brodir, at þu farir eigi a brött i nott, ok rædum vid enn um dyrd guds.» Hann svaradi: «Mer er eigi lofat at vera annars stadar en heima.» Þa var svo vedri farit, at heid var um allan himin. Ok er Skolastica heyrdi svör hans, þa laut hun a bordit i gaupnir ser ok bad til guds, ok er hun hof upp hofdi sino, þa var regn svo mikil ok elldingar ok reidarþrumur, at Benedictus matte eigi ut ganga ne fórunautar hans. En heilug mær hafdi svo bedit af ollum hug, at taralækirnir fellu af bordinu, ok kom þat allt senn a iord ok regn or lopti. En er Benedictus

sa, at hann matti eigi **aa** brott fara fyrir vedrs sakir, þa mællti hann vit systur sina: «Miskunne gud þer, systir, hvi gegnir þat sem þu gerdir?» Hon svaradi: «Ek bad þik, ok villdir þu eigi hlyda mer, bad ek gud, ok hlyddi hann mer. Far þu heim nu, ef þu villt, ok gack ut.» En engum manne þotte fært, ok var Benedictus þar naudigr, sem hann villdi eigi verit hafa. En þau voktu þa nott alla ok ræddu um himneska hluti.

Fra helgum Benedicto.

37. Annan dag eptir for hvort þeira til heimilis sins, ok er .ii. dagar voru þadan lidnir, þa sat Benedictus i husi sinu ok leit upp til himins, ok þa sa hann önd systur sinnar fara til himins i dufu liki. Hann fagnadi dyrd hennar ok gerdi þackir gudi ok sagdi munkum andlat hennar ok sendi munka eptir likinu, ok var hon lagin i grof þa, sem Benedictus hafdi ser gera latit, ok var þat makligt, at þau færi i eina grof, er bædi höfdu eina ast til guds.

Fra Servando diakna.

38. Diakn ok aboti munklifis þess, er Liberius hafdi gera latit, var vanr at koma **aa** hverium misserum til munklifis Bene-
dicti, en hann het Servandus. Ok er hann var kominn til fundar
vit Benedictum, ræddu þeir dag þann allan um fagnat himinrikis,
þann sem þeir löngudu badir miok til. Ok er sveftid kom, var
Benedictus ofarla i stöpli nockurum, en Servandus var nedarr,
ok matti ganga milli þeira. En undir nidri var hus þat, sem
hvilldu i lærveisnar þeira, ok voru sofnadir, en Benedictus vakti ok
stod **aa** bæn wit glugg. Þa leit hann ut ok sa lioss svo mikit koma
af himni, at öll foruzt myrkr nætrinnar, ok vard svo liost sem
um midian dagh. En med liosinu sa Benedictus allan heiminn senn
svo sem undir einum solargeisla, þat sa hann ok med, at einglar
guds baro aund Germani byskups i elldligri asionu til himins.
Þa kalladi Benedictus **aa** Servandum tysvar eda þrysvar. En
Servandus stod upp þegar, er hann heyrdi, ok leit ut ok sa liosit,
ok þotti mikils um vert takn þetta. Þa sagdi Benedictus honum
alla syn, þa sem fylgt hafdi liosinu. Sidan seudi Benedictus mann
ena sömu nott til borgar þeirar, er Kampania heitir, ok bad hann
spyria at Germano byskupi, ok er sendimadr kom þangat, þa var

byskup andadr, ok hafdi **aa** þeiri stundu andaz, sem Benedictus **sæ** ond hans fara til himins.

Andlat Benedicti.

39. En a þeim vetri adr Benedictus andadiz, þa sagdi **hann** fyrir nockurum lærisveinum sinum andlatzdag sinn. Hann bað **5** þat ok þeim, at þeir segdi eigi odrum, en þeir bædi þess alla munka, at þeir leiddi athuga, ef nockur takn birtiz i andlati hans. Sex dogum fyrir andlat sitt let hann luka upp gróf sinni. Þa tok hann ridosott mikla, ok vox sottin miok, ok enn setta dag let hann lærisveina sina bera sig til kirkju ok tok corpus domini **10** ok let munka ganga undir hendr ser, ok stod hann sva ok hellt höndum til himens, ok andadiz, þa er hann var a bæn. En **aa** þeim degi vitradiz enn undarlig syn tveimr munkum, odrum þeim er var heima i husi sinu, en odrum þeim er var fiarre þangat. Peir **sæ** badir gótu fagra skinandi mikilli dyrd ok liose; hun **15** i austr fra husi Benedicti til himins; **aa** þeirri gotu stod madr biartr i dyrlihum buningi ok spurdi, hverr gótu þessa ætti, en munkarnir letuz eigi vita. Þa mællti hann vit þa: «Pessa gótu stigr Benedictus guds vinr til himens.» En af vitran þesse vissu þeir andlat Benedicti iafnvist, er fiarri voru, sem þeir, er þar **20** voru hia. Hann var grafinn i kirkju Johannes baptiste, þeiri sem hann hafdi gera latid or heidnu hof, ok synir hann þar margar iarteiner ok svo i helli þeim, er Sublacus heitir, er hann bygdi fyrst i einsetu.

Miraculum.

25

40. Kona nockur var vitlaus, reikadi nætr ok daga um fíoll ok heidar, skoga ok völlu, ok hafdi hun þat eitt hvíldar, er mædi eda svefn neyddi hana til. Hun kom a nockurum degi til hellis Benedicti ok hvildiz þar fyrir freytileika sakir ok sofnadi þar, en hun vaknadi heilvita, ok var svo heil alla efi sina sidan, **30** sem hun hefdi alldregi verit vitlaus. Vær skulum bidia Benedictum guds vin, at hann arne oss miskunnar, er svo hefir i sinu lifi greida gótu geingit ok gefit dæmi ollum sinum sporgðongumnum, at hann mun marga eptir ser leida til himinrikis, ok arnat fae þess vit gud, ath af hans bænum batnim vær ok bætt **35** fam til fullz vor vond verk, ok vær lifim til batnadara, þat sem

eptir er lifdaga vorra, ok ath þeim lidnum mætim vær fyrir þeim fagnadi, sem vinnz um allar alldir. Amen.

APPENDIX.

Da Sagaen om Benedictus af Nursia ogsaa indeholdes i anden Bog af Pave Gregors Dialoger, meddeles paa dette Sted, hvad der er oss levnet af disse.

(Cd. 677 quarto, A; Cd. 239 folio, B; Fragm. i Norske Rigsarkiv, C)

Incipit primus liber dialogorum quem fecit beatus Gregorius papa.

A nockurum degi þa er Gregorius var hryggr af optligum fiðskylldum þessa heims, þa for hann at sitia einn saman i nockurum leyndum stad ok hafdi i hug ser öll vandrædi, þau er at hendi honum baruz af heimi þessum. Enn er hann hafdi þar lengi setit ogladr af miklum harmi, þa kom þangat enn vitrasti diakn hans ok fostri Petrus. Enn er hann sa Gregorium mædazt af harmi, þa mælti hann: «Hefir nockut þat nytt at hendi þer borit, er ek se þik ogladara enn vant er?» Gregorius svaradi: «Harmr sa, er ek þoli hvern dag, er mer forn fyrir vanda enn nyr fyrir auka: þviat vesall hugr minn sérdr af mórgum fiðskylldum minniz a þat, hvilíkr hann var fyrri i munklifi, þa er hann var upphafidr yfir alla hluti, þa er her i heimi velltaz, ok girntiz engiss nema himneska hluti eina, ok hann elskadi daudann sialfan sva sem inngöngu lifs ok ómbun erfidis sins. Enn nu þolir hann hvern dag fiðskylldi veralldligra hluta af hirdis ahyggju ok saurgaz af dusti iardligrar syslu eptir fagra asionu hvilldar sinnar. Ok þa er hugr dreifir sik til inna ytri hluta, þeira er hann vill vorkynna, þa kemr hann² minni aprt til inna idri hluta, þott hann girniz þangat. Virdi ek, hvat ek hefi tekit eda hveriu ok hefi tynt. Enn þa er ek lít, hveriu ek tynda, þa verdr mer þung byrdr, su er ek ber. Nu reida mik storar bylgjur mikils siofar ok margar hridir a hugar skipi. Enn (er) ek minnumz ens fyrra lifs, þa er sem ek lita aprt til strandar þeirrar, er ek fyrirlet. Ok þa er mik reida miklar barur, þa ma ek traut hófr sia, þa

¹ Begyndelsen mangler i A, der først tager fat i første Bogs Cap. 10; indtil da lægges B til Grund. ² rettet; hans B; minor redit lat.

er ek hvarf fra; þviat su er natura hugar, at hann [tynir fyrst] þvi godu er hann helldr, ok minniz¹ þess, at hann hefir þvi tynt; ok er hann hverfr þadan langt a brott, þa gleymir hann þvi godu, er (hann) tyndi, ok tekr eigi at muna þat, er hann elskadi fyrr, medan hann hellt þvi. Þviat þa er ver siglum langt i haf, þa 5 megum ver eigi sea hvíldarhöfn, þa er ver fyrirletum. Þat geriz enn til auka harms mins, er mer kemr i hug lif þeira nockurra, er af ollum hug fyrirlitu heim þenna. Ok þa er ek lit héd þeira, þa skil ek, hve lagt ek ligg. En þeir likudu margir sva skapara sinum vel i leyndu lifi, at almattigr gud villdi eigi þrongva 10 þa i fiólskylldum þessa heims. Enn þa ma ek þat betr skyra, er ek sagda, ef ek greini þa at nafni, þa er ek vil fra segia.«

Petrus. Eigi ero mer ǫrid kunnir þeir menn, er her skina i kraptalifi þvi, er þu megin af þeira samvirþingu hitna til guds aðstar. Eigi efa ek marga goda vera a þvi landi, enn eigi ǫtla ek 15 þa i arteinir gera, eda ella er þvi sva leynt, at ver vitum eigi iarteinir þeirra.

Gregorius. Þott ek segia þa hluti eina, er ek nam af enum skynsðmuztum mónum eda ek matta sia eda heyra, þa ǫtla ek fyrr munu dag þenna þriota enn dæmisðgur.

Petrus. Þat vilda ek, at þu segdir mer nockut fra þeim, þviat iðfn kenning geriz af skyringu ok af minningu krapta. I skyringu ritninganna kennum ver, hversu finna skal ok hallda króptum, en i minningu iarteina vitum ver, hversu lukaz fundnir kraptar ok haldnir; ok ero þeir sumir, er betr styrkiaz til astar guds af 25 dænum enn af kenningum. Opt geriz tvifölld hialp i hugskoti heyranda af dænum heilagra fedra, þviat hugr kyndiz til astar ovordins lifs af samvirþingu þeira, ok lægiz hann, þa er hann heyrir sagt fra ódrum ser betrum, ef hann þottiz adr nockurr fyrir ser vera.

Gregorius. Þa eina hluti mun ek segia, er ek heyrda af skynsðum mónum, eptir þeim dænum sem Marcus ok Lucas ritudu gudspiðl, meir af heyrn enn at syn.

1. ²Bær mikill er i heradi þvi er Samnia heitir. A þeim bæ bio madr, sa er son atti, þann er Honoratus het. Enn sa 35 snæriz þegar a unga alldri til himneskrar astar ok mæddi likam sinn i föstum. Enn er hann skein af godri atferd ok sa miok

¹ [rettet; fysti gott ok minnaz *B*; ita sunt casus mentis, ut prius quidem perdat bonum, quod tenet, si tamen se perdidisse meminerit. lat.

² af Honorato *Overskrift*.

vid onytum hlutum ok mæddi holld sitt i meinlætum, þa gerþu fréndr hans mannbod a nockurum degi, ok var kiðt buit til bordz. Enn er honum var eigi hugr a því at eta kiot, þa hlogu frendr hans at honum: «Ettu þessa fædzlu, sögdu þeir, þviat ver megum 5 eigi fa þer her fisk a fialli.» Þviat sa þær var sva upplegr, at þar hafdi alldri fiskr sén verit. Enn er Honoratus var hlegin i slíkum malum, þa for þrell til brunnz at taka vatn. Enn er (hann) sökti fótunni i brunninn, þa var þar i fiskr, ok matti sa fiskr þórf vinna Honorato þann dag til fæzlu. Þa undruduz allir, 10 ok letu frendr hans af at hlægia at honum, ok lofdu tru hans, þa er þeir hlogu adr at. Enn er Honoratus vóx i króptum, þa setti hann munklifi i stad þeim er Fundis heitir, ok var hann aboti yfir .cc. munka, ok gaf mórgum god demí i sínu lífi. A nockurum degi lostnadi steinn mikill ur fialli upp fra munklifinu, enn er steinn hliop ofan, þa horfir hann a klastrid ok egdi bana 15 óllum brædrum. Enn er heilagr Honoratus sa þat, þa kalladi haun a nafn Kristz ok gerdi krossmark i mot steininum. Enn steinnin nam þar stadar i midri fiallzhlid, þar er engum manni var von, at hann mætti festaz. Enn sa steinn stendr þar sidan fastr i þeim stad, ok þeikir sem hann muni þa ok þa ofan falla.

20 Petrus. Hvers lerisveinn var sia enn góðgi madr, er sva margra lerifadir vard sidan, þa er hann red fyrir .cc. munka?

Gregorius. Engis mannz lerisveinn hefir hann verit, enn eigi ero gjafr heilags anda undir manna lögum. Pat er vandi retrar atferdar, at engi dirfi sik at vera lerifadir, nema hann hafi fyrr 25 verit lerisveinn, ne bioda hlydni undirmönnum sinum, nema hann nemi fyrr at veita hlydni ifirmönnum. Enn þo ero nockurir þeir, er lærar af helgum anda, ok hafa þeir radning ens idra lerifödur, þviat þeir hafa eigi ena ytri lering af mónum. Enn ostyrkum mónum er eigi fallit at hafa ser at dæmum frelsi lifs 30 þeira, at eigi verdi þeir lerifedr villu, þa er þeir fyrirlíta at vera lerisveinar manna, ok treystaz, at þeir se lerdar af helgum anda slikt sem hinir. En hugr, sa er fylliz af helgum anda, hefir mark a ser, þat er kraptr ok litilltei. En er þat kemr saman hvart-veggia i einu hugskoti, þa berr þat vitni navistu heilags anda. 35 Sva sem Johannes baptista var eigi af mónum lerdr, sva sem Kristr sialfr lerdri adra likamligri navistu ok var eigi likamligr lerisveinn, sva var ok Moises i eydimörk lerdr af engli guds ok nam þar bodord, er eigi kendi madr honum. Enn þessir hlutir,

er ver segium, ero ostyrkum mðnnum göfgandi enn eigi eptirlikandi.

Petrus. Hugnar mer þat er þu segir, enn þat villda ek vita, hvart sia enn helgi Honoratus let eptir sik nockurn lærveisn ser likan.

2. Gregorius. ⁵Libertinus het enn göfgazti madr, sa er fæddr var ok lærdr i munklifi Honoratus, ok var sidan forradsmadr munklifissins. Fra honum ero mer margar iarteinir sagdar, þott ek muna fær segia. Sia madr Libertinus atti fðr skyllda fyrir naudsynium munklifissins i Samnia herad. Enn er hann reid ¹¹ leidar sinnar, þa kom a mot honum hertugi þiodar þeirar, er Gothi ero kalladir, ok toku lidsmenn iarlsins hest undan Libertino. En hann bar þolinmodliga ok selldi þeim svipu, er hann keyrdi med hestin, enn sidan geck hann til bænar. Enn lidsmenn iarlsins foru leidar sinnar skyndiliga, unz þeir komu til ár þeirar, er Wlturnus ¹⁵ heitir, þa namu hestar þeira stadar ok gengu eigi á ána helldr enn á hit mesta forad. Enn er þeir keyrdu hestana med svipum edr sporum, þa mattu hestarnir mðdaz enn eigi or stad rðraz. Enn er þeir mædduz, er hestana keyrdu, þa gat einn þeira, at þeir mundu þess at giallda, er þeir gerdu guds þréli oskil um ²⁰ götu. Þa hurfu þeir aprí ok fundu Libertinum a bænum, ok mælltu vid hann: «Ris upp þu ok tak hest þinn!» Enn hann svaradi: «Farit er i fridi, eigi þarf ek nu hestin.» Þa stigu þeir af hestum ok hofu Libertinum sialfir a hestin, þann er þeir höfdu af honum tekit, ok foru þa leidar sinnar. Þa foru hestar þeira ²⁵ sva skyndiliga yfir ána, þa er þeir mattu eigi adr yfir fara, sem eigi væri vatn i anni, ok nutu þa allir sinna hesta, er þeir letu guds þréli hafa sinn hest.

A þeiri tid kom höfþingi, sa er Bucellinus het, med Fracka her miklum i Campania herad. Enn (er) hann fra þat, at óðefi ³⁰ voru mikil i munklifi Libertini, þa gengu Frackar inn i kirkju, þar er Libertinus var a bænum, ok leitudu hans ok kðlludu akafliga. Þa vard undarligr hlutr, er þeir leitudu hans, þeir gengu a hann ok drapu fotum ok mattu eigi finna hann ne sia hann. En er þeir urdu sva teldir af blindi sinni, þa foru þeir a brott fra ³⁵ munklifinu ok höfdu óngan eyri þadan.

A annarri tid for Libertinus til borgar þeirar, er Ravenna heitir, enn hann hafdi sendan aboti, sa er næstr var Honorato

¹ fra Libertino *Overskr.*

lērifōdur hans. Enn fyrir elsku lerifedr sins var Libertinus vanr at hafa med ser skoleist hans, hvargi sem hann for. Enn er hann for leidar sinnar, þa mētti hann konu nockurri, er for med lik sonar sins nyandads. Enn er hon leit guds þrel, þa tok hon i 5 tauma hesti hans ok mēllti: «Eigi muntu hedan fara, nema þu reisir upp son minn.» Enn hann oadiz akafa bēnar hennar, þviat hann var eigi vanr at gera slikar iarteinir, ok villdi fordaz konuna ok matti eigi. Þa tok at beriaz i briosti hans litillēti ok mis-kunsemi, hrezla ok harmr: hrēddiz hann at freista oreyndrar iar- 10 teinar, ok harmadi hann þo med sonlaussi konu. Enn til guds dyrdar ste milldi yfir kraptaudikt briost, þviat eigi væri kraptaudikt, ef eigi stigi milldi yfir þat. Þa ste Libertinus af hesti ok fell a kne ok hellt hōndum til himins, ok tok skoleist lērifōdur sins ur serk ser ok lagdi a briost enum dauda. Sidan hvarf apr 15 ðond sveinsins til likams, ok tok Libertinus i hōnd honum ok selldi hann lifanda modur sinni, enn hann for leidar sinnar.

Petrus. Hvæt ętlum ver, hýart þessa iartein gëti af gudi verd-leikr Honorati edr bēn Libertini?

Gregorius. Slika iartein matti syna kraptr hvarstveggia þeira 20 ok trua konunnar; ok ętla ek, at af (þvi) mētti Libertinus þetta geta, at hann treysti meirr lērifedr sinum enn ser sialfum, þviat hann ętladi sik geta þat, er hann bad, af þess verdleikum, er hann lagdi skoleist yfir lik ens andada. Sva gerdi Heliseus fordum, er hann kom til Jordanar, at hann laust mōtli lērifōdur sins a vatnit 25 (ok mēllti): «Hvar ertu nu gud Helie?» Þa gerdiz þegar gata ifir ana. I þessum hlut megum ver virda, hversu mikit litillētis kraptr vinnr, at þa matti Heliseus vinna krapt lērifōdur sins, er hann mintiz nafns hans.

Petrus. Er nockut enn at segia fra þessum manni, þat er oss 30 megi stoda til kenninga?

Gregorius. Er til at segia, ef nockurr villdi eptir likia, þviat ek ętla ędri vera þolinmēdi enn iartein. Aboti sa var bradlyndr, er næst var eptir Honoratun. Enn hann var reidr um dag Libe- 35 rtino, sva at hann matti varlla stilla sik. Enn er hann fann eigi vōnd at liosta hann, greip hann upp fotskemmil ok laust i andlit honum, sva at allt andlit hans blanadi ok þrunnadi. Þa for Liber-tinus þegiandi til reckiu sinnar. Enn naudsynia fōr nockura vard annan dag at fara fra munklifinu. Enn er ottutidum var lokit, þa geck Libertinus til reckiu abota ok qvaddi litillatliga blezunar. 40 Aboti vissi, at Libertinus var öllum kunnr at gezku, ok ętladi

hann, at hann mundi vilia brott fara or munklifinu fyrir oskil, þau er honum voru gior, ok mellti vid hann: «Hvert villtu fara?»
 Enn hann svaradi: «Skylld er fór at fara naudsyn munklifissins, fadir, ok ma ek eigi þa fór fordaz, þviat ek het i ger at fara þangat i dag.» Pa komz aboti vid af enu(m) inztum rotum hiartans, 5
 er hann sa hardleik hiarta sins, enn hogveri Libertini, ok reis upp þegar ur reckiu sinni ok fell til fota Libertini ok taldiz sekr vera ok misgert hafa, er hann gerdi slika meingerd guds þréli.
 Enn Libertinus fell til fota abota, ok qvad helldr þetta ordit af sinni synd enn af grimleik hans. Pa sneriz aboti til hogveris, ok 10
 var þolinmædi lerisveins lerimodir lerifðodurs. Enn er Libertinus kom þangat, er hann atti fór or munklifinu, þa spuruðunningiar hans ok vinir, hvi andlit hans være sva blatt ok þrutit. Enn hann svaradi: «Fyrir syndir minar laust ek i ger aptan andlti minu a fotskemmil.» Sva hirdi heilagr madr i briosti ser bædi sannsögli 15
 ok göfgun lærifðodur, at hann leyndi synd hans ok gerdi eigi sialfr synd i lygi. Sia madr, er ver segium nu fra iarteinum, atti marga lerisveina, þa er iarteinir gerdu, enn ek mun þo fra fám segia, þviat ek skyndi til annars. Einn hlut mun ek þann segia, er mer pickir eigi fallit at þegia yfir. 20

3. I því sama munklifi var munkr, sa er gofugt lif hafdi, enn sa vardveitti kálgard. Enn þiofr var vanr at koma iduliga i gardin ok stela. Enn er gardvördr fann, at stolit var or gardinum, enn sumt var spillt ok trodit, þat er eigi var a brott tekit, þa geck hann um gardin utan ok innan, ok fann um sidir stettir þer, 25
 er þiofrin hafdi gervar. Enn er hann kom i gardin, þa fann hann þar höggorm ok mellti vid hann: «Fylgdu mer.» Enn er hann kom þangat, er þiofrin hafdi stettirnar gert i gardinum, þa mellti hann vid orminn: «I nafni Jesus Kristz byd ek þer, at þu verir þiofinum gótu þessa.» Pa lagdiz ormrin i hring hia stettunum, enn 30
 munkr for heim til hussins. Enn þiofr kom til gardz eptir vana sinum, þa er allir munkar svofu um middegi. Enn er hann villdi stiga inn um gardin, þa sa hann, at höggormr la a gótunni, ok vard hann hréddr ok fell af gardinum ut. Enn fotr hans vard fastr, þviat gardstaurr krékta i sko honum, ok heck hann þar, 35
 unnz munkr kom til gardzsins. Enn er hann kom i gardin, þa mellti hann vid ormin: «Gudi þauck, gerdir þu sem ek baud, far brott nu!» Pa for hann brott þegar. Enn er munkr kom at, þar er þiofr heck, þa mellti hann vid hann: «Hvat er nu, brodir? Gud selldi þik mer nu. Fyrir hvi þordir þu sva opt at stela fra 40

þrédum?« Þa leysti hann fot þiofsins ok let hann s(t)íga nidr hogliga ok bad hann fylgia ser. Þa leiddi hann hann heim til gardzhlids ok gaf honum alldin, þat er hann villdi stela, ok mælti vid hann: «Far þu nu ok stel eigi sidan, enn ef þer verdr þorff, 5 þa kom þu til min, ok mun ek gefa þer vid godan hug þat, er þu villdir stela med syndum.« Þa for þiofr a brott ok var alldri fundinn at stulld sidan.

4. Eqvicius het einn enn helgazti madr i Valeria heradi, 10 hann var agetr at heilagleik sinum ok iarteinum, ok red hann fyrir mórgum munklifum i því heradi. En er hann var a ungum alldri, þa hafdi hann freistni mikla a likam sinum til munudlfis. 15 Ænn hann sotti til bæna skiols ok bad af öllum hug gud fulltings a freistunar tid. Þa syndiz honum engill guds i draumi a nöckurri nott ok braut or likam hans alla lostasemi, sva at hann kenndi alldri sidan freistni a likam sinum. Ænn er hann hafdi 20 þenna krapt fengit af gudi, þa tok hann iafut at hafa forrad a nunnum sem a muikum. Ænn hann taldi þat þo fyrir lærveisnum sinum, at þeir treystiz eigi ser eptir hans dënum, at eigi felli þeir i synd, ef þeir treystiz þeiri giðf guds, er þeir höfdu eigi.

25 A þeiri tid, er fiolkunnigir menn voru teknir i Romaborg, þa flydi einn þeira, sa er kunnigaztr var, ok het sa Basilius, ok kom i munks buningi til byskups þess, er Castorius het i Valeria heradi, ok bad hann byskup, at hann kvæmi honum til munklifis Equicij, at hann mætti leidrettaz. Þa kom byskup til munklifis 30 ok hafdi Basilium med ser ok bad guds þrel Equicium, at hann tæki vid honum. Equicius leit vid honum ok mælti: «Sia er þu feler mer a hendi, hann syniz mer helldr diðfull enn munkr² eigi þegar a. Þa bad Equicius Julianum dveliaz med ser nöckura daga ok dum . . . [Muntu vita þ]a, i hvíliku vardhalldi [guds þeir eru, er] sialfir sik fyrirlita, [ok hver]n veg þeir hafa [med öðrum mönnum, er] eigi skammaz at verda fyrirlitnir af mönnum. Ænn þar i gegn liggia þeir lagt i guds ðgliti, er dramba i [ðgliti sinu] ok naunga sinna. Sva sem drottinn mælti vid nockura: «Er drambit fyrir mönnum, enn 35 gud veit hiortu ydr, þviat þat er rækt fyrir gudi, er hátt er mönnum.«

Petrus. Dat undrumz ek i þessu mali, er gofugr byskup skyldi trua lognu fra helgum manni.

¹ Af hinum goda Equicio Overskr. ² Her mangler 1 Blad i B.

Gregorius. Hvort undraz þu, Petrus, þat, þott ver verdim teldir af lygi iardligir menn, þar er David, sa er spaleiksanda hafdi opt, ok trudi hann ordum sveins þess, er ló at honum, ok let drepa saklausan son Jonathe. Hvæt er underlikt, þott lygimenn teli oss, er eigi erum spammenn, þvíat hugr byskupa er opt i mikilli ahyggju, ok verdr þa minni athugi einshvers hlutar, her hann dreifiz til margs, ok ma hann því audvelligar teldr verdati einum hlut, sem hann annaz um fleira.

Enn er heilagr Equicetus for af heimi, þa var lik hans grafit i Laurencius kirkju. Enn þorpkarll nockurr setti byrdु hveitis fulla um dag a leidi hans ok hugdi eigi at, hversu heilagr sa var, er þar var grafin. Þa kom hvirvivindr ur lopti ok hof upp byrduna ok kastadi langt a brott fra leidi Eqvicij. Enn sa vindr hrærði ecki annat, ok mattu þa allir skilia, hversu mikill dyrdar(madr) fyrir gudi er þar var grafin. Enn þa er Langbardar heriudu i Valeria herad, þa flydu munkar til Laurencius kirkju ok til leidis Eqvicij. En Langbardar þustu inn eptir þeim i kirkiuna ok toku at draga þa ut ok villo bana þeim edr pina þa. Þa kalladi einn þeira oc mælti: »Likar þer þat, heilagr fadir Eqvicius, at ver sém sva dregnir, ok hlifir þu oss ecki?« En er sa hafdi þetta mælt, þa greip ohrein andi alla þa hermann, er i kirkiunni voru, ok fellu þar til iardar ok voru qvaldir, allt til þess er hinir hetu, er uti voru, at þeir mundu alldri sidan heria i sva helgan stad. Ok hlifdi Eqvicius sva lerisveinum sinum, at hann veitti morgum odrum hialp i því.

5. I borg þeiri, er Anchonitana heitir, var kirkia heilags guds pinningarvotz Stephani. Þa kirkju vardveitti heilagr madr, sa er Constancius het. En sa var vida agetr af heilagleik sinum, þvíat hann fyrirlet alla iardliga hluti, enn hann hafdi allt kostgefi til himneskrar dyrdar. Enn er hann hafdi eigi um dag vid-smior at lysa i kirkiunni, þa let hann fylla öll liosker kirkunnar af vatni ok setti kveik i midiu, sem hann var vanr. Enn er hann bar elld til ok tendradi, þa brann sva vatnit i lysikerum, sem þar veri vidsmiðr i.

Petrus. Underligan hlut heyri ek nu, enn vita vil ek, hyrt litillþeti sia madr hafdi innan rifia, er slikan krapt matti syna.

Gregorius. Maklikt er at vita litillþeti þeira manna, er iarteinir syna, þvíat iarteinir, þer er mónnum ero syndar, meða hugin

med mikilli freistni. Enn ef þu heyrir einn hlut, þann er sia madr gerdi, þa muntu vita bratt, hvert litilæti hann hafdi. Þa er saga geck fra heilagleik hans, þa sottu margir fund hans, ok for þorp-kall nockurr um dag langan veg at sia hann. Enn þa bar sva til, at Constancius stod a knacki ok gerdi at liosi. Enn hann var manna minztr at vexti ok liotr at aliti. Þorpkarlin spurdi, hvar Constancius veri, ok var honum sagt. Enn er hann sa mann liotan ok lágan, þa trudi hann eigi, þviat heimskr hugr dœmir verdleik eptir likams aliti. Þa gerdiz þréta nockur i hug þorpkallzins a milli

þess er hann sa ok heyrdi sagt, þviat hann hugli eigi sva lagan mega vera þann, er (hann) heyrdi sva háfan talðan i iarteinum. Enn er margir sögdu honum, at þat var hann Constancius, þa hlo þorpkarlin at honum oc mællti: «Ek truda þenna mann mikinn vera, enn hann er afstyrmi.» Enn er Constancius heyrdi þat, þa

vard hann gladr, ok geck þegar fra liosinu ok hvarf þegar til þorpkarlzins ok qvaddi hann sva blidliga ok feginsamliga, sem þa er hinir kérstu vinir finnaz: «Þu einn er sa, er rettum ógum litr a mik.» I þessum hlut er merkianda, hvert litilæti Constancius hafdi, er hann qvaddi sva hyrliga þann, er hlo at honum.

Þviat af meinmælum verdr hvern reyndr, hvílikr hann leyndiz adr at sin sialfs; þviat fagna littillatir, er þeir ero fyrirlitnir, sem dramblatir fagna, þa er þeir eru dyrkadir, ok fagna þeir af því, þa er þeir ero litils virdir af ódrum, at þeim pickia þa adrir þann dom sanna, er þeir dœmu adr sialfir um sik.

I enni sômu borg Anchonitana var byskup heilagr, sa er Marcellus het, en fotaverkr bannadi honum göngu, ok baru sveinar hans hann a handknöckum þangat, er hann atti naudsyn at fara. Enn a nöckurum degi kom elldr i borgina, ok toku mórg hus at loga, sva at til þess þotti horfa, at borgin mundi öll brenna,

þviat menn mattu eigi slöckva elldin. Enn er elldrin sotti sva miok borgina, þa bad byskup bera sik i mot elldinum, ok mællti vid þa, er hann baru: «Setit er mik i mot elldinum.» Enn er þeir gerdu sva, at þeir settu hann i mot elldinum, þa er login var akafastr, þa tok elldrin at snuaz aptr ok syndi þat, at hann

matti eigi granda helgum byskupi. Enn er login stödvadiz af þessu éndimarki, þa stocknadi elldrin ok þordi ecki hus at brenna síðan.

Munklifi stendr í fiali því er Soractis heitir. I því munklifi var guds þrell, sa er het Nunnosus. Enn hann hafdi þat velldi

fra Nunnuso guds manni *Oversk.*

ok forrad munklifissins, er næst var abotanum. Aboti var hardlyndr, enn hann bar þolinmodliga riklyndi hans ok stillti oft reidi hans med hogværi sinni ok litillæti. Enn munklifit var sett i fiallzhlid, sva at engi var slettr sta(dr), sa er munkar mætti setia kálgard. En hialli litill sa var i hlidinni, ok skutti þar yfir biarg mikit. Enn sa stadr syndiz Nunnoso hellz fallit til kálgardzins, ef eigi meinadi biargit, en honum syndiz steinn sa sva mikill, at eigi mundi hundrat yxna draga. Enn er hann sa eigi lidsmegin til at hræra steinin, þa leitadi hann af gudi fulltings ok hvarf til þenar um nott. Enn at morni þa var inn mikli steinn langt a brott hrærdr ur þeim stad, ok gafz þa munkum ert rum at setia kalgardin.

A annari tid, þa er heilagr Nunnosus fegdi glerker, þau er kirkulios brunnu i, þa fell eitt ur höndum honum ok brotnadi i smatt. Enn hann hréddiz reidi abota, ok samnadi hann saman brotunum ok lagdi nidr fyrir alltari ok hvarf til þenar. Enn er hann reis upp af þeninni, þa var glerkerit alheilt, sva at eigi var brestr a því. Pat var enn, at vidsmior þraut i munklifinu, þviat vidsmiorstre gafu eigi avðxt a sinni tid. Þa syndiz abota þat radlikt, at munkarnir féri vida at samna vidsmiorstream ok vinna med mónum, at þeir mætti nockut vidsmior bera til munklifissins af verkkaupi sinu. Enn guds madr Nunnosus latti þess, þviat hann ugdi þat, at brædr mundi fa andar skada, þa er þeir leitadi vidsmiors avaxtar ok féri brott or munklifinu. Þa bad hans brædr fera þat litla vidsmior, er þeir gatu af þeim inum fám vidsmiorstriam, er i munklifinu voru. Enn er honum var þat fært i enu minzsta keri, þa setti hann fyrir alltari, ok hvarf til lenor, þa er adrir gengu fra. Sidan heimti hann þangat munka ok bad hella i öll vidsmiorsker af þessu vidsmiori. Enn er þat var gert, þa lauk hann

¹ Her begynder første Fragm. C, et Blad delt efter Midten, saa at kun Halvdelen af hver Linie er tilbage; desuden er de nederste Linier aldeles bortskaarne. Det meddeles her: ipt i marga staði. En annan dag, er vpp var lokit kerovm, þa vorv avll fyll af viðsmiorfi. Fra Anastasio ig avðæfi fyrir gvðs sakir, ok setti munklifi i þeim stað er marga vetr. En par var hamarr einn skamt fra munklifino s, þa var heyrð ravdd til hamarsins um nott, sv er kallaði þa vorv kallaþir .vii. brædr aðrir ok nefndir á nafn siparr inn .viii. Allir mynkar heyrðo þessa rodd, ok vissv En eptir fa daga andaþiz Anastasius fyrst. En sian

aptr öllum kerum. Enn annan dag þa voru öll vidsmiorsker full, þau er inn fyrra dag voru öll tóm.

8. Anastasius het madr, sa er verit hafdi i Romaborg ok 5 vardveitti mikla aura. Enn hann fystiz at lika gudi einum ok fyrirlet heims audæfi ok setti munklifi i stad þeim, er Suppentona heitir, ok lifdi þar marga vetr ok hafdi þar forrad yfir munklifinu. Enn er almattigr gud villdi launa göfugt erfidi Anastasio, þa kom rödd um nott a hafu biargi, því er nér var munklifinu, ok kalladi röddin ok mælti: «Kom þu Anastasi!» Enn er hann var kalladr, 10 þa voru ok kalladir sið adrir brædr. Þa þagnadi röddin litla þa stund, ok nefndi enn lithu sidar enn .viii. munk. En er allir munkar heyrdu röddina, þa var iflaust öllum, at andlat hans nalgadiz ok þeira, er kalladir voru. Enn er fair dagar lidu þadan, þa andadiz Anastasius fyrstr, enn þar eptir adrir .vii. hverr ad öðrum, at 15 þeiri skipun sem röddin kalladi þa af hamrinum. Enn sa brodir, er röddin þagnadi nockura stund, adr nefndr væri, hann lifdi nockura daga sidan, er adrir voru andadir, ok merkti su dvöl raddarinnar þa stund, er hann lifdi lengr en adrir, þeir er kalladir voru. Enn er Anastasius andadiz, þa var sa einn brodir, er eigi vildi lifa 20 eptir hann, ok fell til fota honum öndudum ok mælti: «Fyrir þann sialfan seri ek þik, er þu sottir nu heim, at þu latir mik eigi .vii. daga lifa i þessum heimi eptir þik.» Enn sa var andadr, adr .vii. dagar voru lidnir, ok hafdi hann eigi kalladr verit med 25 audrum, þeim er önduduz, at þat mætti skyraz, at þen ein saman Anastasii audladiz andlat hans.

Petrus. Ef sa brodir var eigi kalladr med öðrum, ok for hann þo ur heimi af þenum heilags mannz, þa syniz mer sva, sem

30 ðo raddir af hamrinum. En sa broþir er roddin þag z
nðekvrvm dogvm siþarr en aðrir, at þat mætti skyrt mynksins. Ehn fylgþi annat þat er vndarligra var. Brodir
35 nastasivm. En er Anastasius var andaþr, þa fell sa broþir nk er þv sækir heim, at ek lifa eigi .vii. daga i heimi ok var hann þeygi kallaðr um nottina med öðrvm, at þeir mætti ta davða þessa mynks. Petrus ait af heimi af heilags mannz bænv, hvat megi þa annat um
40 af gvði fyrirætlat. Gregorius dixit tlapir. En þeir hlytir er helgir menn geta i bænv, ero sva fyrir ætla ætlon himinrikis er sva sett af almatkvæm gvði, at valþir menn nvm, er gvð ætlaði at gefa þeim fyrir alldir. Petrus ait ætlan gvðs ma fyllaz med bænv. Gregorius dixit myn skioott sanna. Drottinn

guds dyrlingar megi stundum þat geta af þeum at gudi, er eigi
er fyriretlat.

Gregorius. Eigi megu þeir þat geta, er eigi er fyriretlat, enn þat er helgir menn geta med þennum, þa er sva fyrirætlat, at med þennum skal getaz; þvíat himinrikis vist sealf er sva sett af gudi ok fyrirætlud guds vinum, at þeir megu eigi eignaz nema med erfidi ok benum.

Petrus. Sannadu þat framar, hversu þenir megu stýria fyrirætlanguds.

Gregorius. Audvellt er þat mal at sanna. Gud mælти sva **10**
vid Abraham fordum: «Fra Ysæc mun þrifaz allt kyn þitt, en
ek let þik verda fôdur margra þioda, ok mun ek kyn þitt gera
margt sva sem stiornur himins edr siofar sand.» I þessum ordum
er þat synt, at gud hafdi fyrirætlat at fiðlmenna kyn Abrahe fra
Isæc, ok segir þo sva heilög ritning, at Isæc bad fyrir konu **15**
sinni, er obyria var, ok heyrdi gud þen hans. Ef attar ęxsling
Abrahams var fyrirætlud edr heitin Isæc, fyrir hví tok hann þa
konu, þa er obyria var? Enn af því er vist, at fyrirætlan guðs
fylliz med þenum, er sa gat þat af þenum, at hann etti son, er
þat var fyrirætlat af gudi, at kyn hans skyldi fialment verda. **20**

⁵ [posnerunt in celum os suum (v. L. blasphemaverunt) dicentes lat. 40

þu skallt þola litlar, sem ek sagda þer fyrr, af morgum þeim pisum,
er þu ert verdug.» Ok sem hann hafdi þetta mællt, þa gengu þau
fram leid sina.

4. En sva sem þau hofdu lengi gengit ok hofdu ecki lios,
5 nema þat er stod af englinum, ok um sidir komu þau i dal einn
mikinn ok miog ogurligan, myrkan ok allan huldan daudans blind-
leik. Sa dalr var miog diupr ok fullr gloandi gloda, ok var lok
a honum sex alna þykt, ok stod meiri bruni af því en af ollum
glodum, þeim er voru i dalnum. Ok af þeim dal gek sva full
10 daunn med allzkonar bitreik ok sva med siukum þungleik, at
hann gek yfir allar þær pisir ok vandrædiligr volk, er su sala
hafdi fyrr þolat. Því næst sigu ofan a lokit mikill vesalla salna
fioldi, ok brunnu þar að med hardri ok langri pisl, til þess er þær
voru kolum likari; ok sidan voru þær kreistar i gegnum iarnlokit
15 sem rennanda vax i gegnum klædi, ok [endrskopuduz sva] odru
sinni til pisla ok glodunum til bruna. Sem salin sa þetta, hræddiz
hon miog akafliga ok mællti til engilsins: «Vei mer, herra, sagdi
hon, ek bid ydr, ef vili ydarr er til, at þer segit mer, hvat þessar
aumu salur misgerdu i sinu lifi, er þær eru verdugar sva hardra
20 ok heitra pisla.» Þa svarar engillinn: «Pessir voru, kvad hann,
mannrapamenn fedra ok mædra, barna ok brædra. Pessi er en
fyrsta pisl, kvad hann, allra er slikt hafa gert, ok eptir þessa
pining eru þeir leiddir til þeira pisla, er meiri eru, er þu skallt sia.»
En þa mælir salin: «Skal ek þola þessa pisl?» Engillinn svarar:
25 «Longu þionadir þu til þessa pisla, en eigi skalltu at sinni þola
þær, fyrir því, þott þu ser eigi fodurbani ne brædra, barna ok
mædra, þo [er þu] manndrapsmadr, ok skal þat nu eigi at sinni
hefnaz að þer; en er þu kemr aptr i likam þinn, þa varaz þu, at
þu þionir eigi til slikra meina ok meiri pisla.» Ok því næst
30 mællti hann: «Gongum framar, mikit er eptir af leid ockarri.»

5. Sidan gengu þau leid sina til eins undarliga mikils fialls
audnar ok ognar; fiall þetta gaf þraungvan veg ollum umforundum.
En þeim megin fiallzins, sem vegrinn var, þa vall upp hinn fulazsti
daunn ok brennusteins logi myrkr sem kolreykr; en odrum megin
35 i mot var isfrosinn snaer ok hinir hvossuzstu vindar med hinum
meinsomuzstum hoglum. Þetta fiall var buit hvarumtveggia megin
med salna fiolda, fullt af leidiligum dioflum, er yfir voru þeim
pisum, sva at eingi var vegr oruggr yfir at fara. En allir dioflar,
er voru i þeim pisum, hofdu þrikvislada liostra ok skutu i gegnum

þær salur, er þar villdu um fara, ok drogu þær til sin i pislir. Sem hinar aumu salir hofdu lengi kvalz i brennusteins bruna ok voru sem tidazt skotnar i gegnum med liostrunum, ok því næst kastadar i isinn nidrok i iokulinn ok því næst undir haglvindana¹, þa var þeim hrundit i brennusteinslogann aptr. Sem salin hafdi set [þessar pislir², þa hræddiz hon akafliga med skialfta miklum ok sagdi til engilsins, er gek fyrir henni: «Herra, kvad hon, ek se berliga, at þessar pislir eru mer bunar, þvíat ek komumz aungan veg yfir, hversu skal ek þetta þola?» Engillinn svarar: «Hird eigi at hrædazt, kvad hann, fylg mer eda gak fyrir.» Því næst¹⁰ gek engillinn fram, ok fylgdi hon honum sem fyrr.

6. Sem salin hafdi gengit sem næst englinum fyrir hræzlu sakir, komu þau i dal diupan ok fullan myrkra ok sarleika ok illra dauna. Þessi dalar var sva diupr, at aungum kosti gat set grunninn³. Sa dalar var skipadr af salum, þar matti heyra mikinn¹⁵ ok hvellan þyt af straumi brennusteins, er rann or fiallinu, þar med kveinan mikils mannfolda, er þar pinduz. En sva bitr reykr ok full daunn stod upp or dalnum, at fylldi allt loptid, ok þat var meira ollum pislum þeim, er salin hafdi fyrr sed. En bord la millum fiallanna yfir dalinn sva langt, at hvarr endir la [i sinu fiallinu⁴,²⁰ sem bru væri, ok var þat þushundrat fotskrefa⁵ langt en fetz⁶ breitt. Um þa bru komuz aungir menn nema guds kosningar. Þar sa salin marga falla af þeiri bru ok aungan yfir komaz nema prest cinn. En sa prestr var pilagrímr ok bar palma a bakinu ser ok var klæddr slagningi, ok gek hann fyrstr fyrir ollum ohræddr.²⁵ En er salin sa, at langr var vegrinn, þraungr ok mior, ok undir honum ogurligr ok eilifr daudi, þa mællti hon til engilsins: «Vei er mer aumri, kvad hun, hvern skal frelsa mik af þessum veg daudans?» Engillinn leit til hennar med blidu annliti ok svarar: «Hræz eigi þu, kvad hann, frials skalltu vera af þessi pisl, en³⁰ þessu næst mantu þola adra.» Ok gek hann þa fyrir ok leiddi hana yfir bruna omeidda. Sem þau voru komin yfir bruna, mællti salin þa til engilsins sva oruggliga, sem hon væri komin or ollum bruna ok vandrædum: «Ek bid þik, herra, kvad hon, ef þer likar, at þu segir mer, hverra salna eru þessar pislir.» Engillinn svarar:³⁵ «Þessi enn ogurligi stadr er pislarstadr metnadarmanna, en fiallit

¹ haglpiningina B. ² [þesse undr B. ³ grunni B. ⁴ [yfir um þvert fiallit B. ⁵ saal. B; fotspora A. ⁶ saal. B; fertugs A; mille passus in longitudine, in latitudine vero unius pedis mensuram habebat lat.

med brennusteins bruna er pisl svikalla manna, er um þat sitia odrum monnum mein at gera. Gongum nu fram til annarra pisla olikra þessum.

7. Sem þau gengu, þa komu þau að langan ok hardan veg.
 5 En er þau hofdu gengit um stund miog erfidliga um þann myrkva veg, þa sa þau eigi fiarri ser eitt kvikendi med otruligum mikilleik ok obæriligrí ogn. Þetta kvikendi af mikilleik sinum syndiz salinni vera meira en hin hæsta haed eda mesta fiall, er hon hafdi fyrr sed. Augu þess kvikendis voru því likaðt sem [gloandi glædr¹, en
 10 mudrinn sva mikill, at, eptir því sem salinni syndizt, þa matti þat audvelliga svelgia um sinn .ix. þushundrad herklæddra manna. En i muninnum stodu .ii. ionnar, ok horfði nidr hofudit að odrum ok stod að tonnum hins nedra gomsins, en i moti því þa horfði hofut annars upp undir tenn hins efta gomsins, en iliar hans stodu
 15 að enum nedrum tonnum. Ok med þessum hatti voru þeir sem sparar eda stolpar i muninnum ok gerdu þriu gardzhlid að muninnum. [En oslokkviligr² logi stod or muninnum um þessi þriu gardzhlid, ok var morgum syndugum salum hrundit i logann. Þar stod or med loganum obæriligrí daunn or muninnum.³ Sva
 20 matti ok heyra or muninnum kveinan ok ylan þess hins mikla fielda, er pindiz i kvidinum ned hordum ok grimligum pislu; ok var þat eigi kynligt, þvíat þar voru morg þushundruð manna, bædi karla ok kvenna, bord ok brotin med allzkonar pislu, volkum ok vesoldum. En uti fyrir muninnum var mikill diofla fioldi
 25 bolvadr, er hrundu syndugum salum naudgum inn i muninnum. En þo adr þeir hryndi þeim inn i hann, þa bordu þeir þær ok saerdu morgum sarum ok miklum barningum. Sem salin hafdi þetta lengi set, þa fyrirvard hon oll⁴ naliga af mikilli hræzlu ok mælti til engilsins med gratandi rodd: «Herra minn, kvad hon, því at
 30 þu veitzt, hvat her er titt, hvi villtu sva nærrí ganga?» Engillinn svarar ok mælti: «Pessi er vegr ockarr, ok megu vit eigi frankomaz, nema vit nalgimzt þessa pisl; cingi ma komaz um þessa pisl nema helgir menn guds.» Þetta kvikendi heitir Acheron⁵ ok svelgir alla sinka menn⁶. Um þetta kvikendi mælir heilug ritning, at þat skal
 35 eigi undra, þott þat svelgi allan strauminn, ok enn segir til þess, at Iordan renni i munn honum. Strauminn kallar heilug ritning heidnar fiendir, er i þetta kvikendi koma, en Iordan eru kristnir

¹ [logandi glodir *B.* ² rettet; ofækkiligr *A*; inextinguibilis *lat.*

³ [mgl. *B.* ⁴ sik *B.* ⁵ saal. *lat.*; attergus *A*; athergon *B.*

⁶ omnes avaros *lat.*

menn, því at þar hofzt skirn, ok hyggst þetta kvíkendi kvelia þa ok svelgia. En þessir sparar, er standa í munninum, [ok horfir¹ hvarr i moti odrum, voru iotnar, ok um þeira daga funduzt aungir rettarí² i sidum sinum, en þeir voru, ok hefir þu opt heyrt getit þeira, [því at annarr het Fargus, en annarr Konall³. Þa mælti salin: «Heyr mik, herra, sagdi hon, þat þiki mer kynligt, med því at þu kallaða verit hafa rettvisa i sidum sinum, hvi gud villdi gera þa verduga þessa pisla.» Þa mælti engillinn: «Allar þessar pislar, er nu hefir þu sed, eru litlar hia þeim, er þu skallt sia, adr en þu ferr aptr i likam þinn.» Ok er hann hafdi þetta sagt, þa gek hann fyrir salinni at pislinni ok stod fyrir munni þess ogurliga dyrs. En salin, þó at eigi villdi, fylgdi honum. Sem þau stodu þar bædi saman fyrir munninum dyrsins, þa hvarf engillinn fra henni. En hun var ein saman þa ok stod þar eptir dopr. En dioflarnir sem þeir sa, at hon var ein saman ok fyrir-¹⁵ latin, þa særdu þeir hana ok bordu ok drogu hana i kvid dyrsins. En hvílikar eda hversu miklar pislar hon holdi þar, þó at hon sialf hafi þagat⁴, þa mun hverr hygginn madr finna sidan [at yfirsyn ok atferd hennars⁵. En med því at ver vilium segia med skamri rædu, þa megu ver eigi allt þat telia, er ver heyrdum um²⁰ þetta. En at ver fyrirlatum eigi efni rædunnar, þa telium ver fatt af morgu til umbotar aheyrundum. Þar holdi su en auma sal hunda bit ok varga slit, barningar ok biarnar bit ok leona, orma hogg ok eitr, ok margra annarra grimligra ok ogurligra dyra. En aungar mannligar tungur kunnu nefna grimleik ok ædi, illgirnd²⁵ ok ofund diofla ok þeira hogg, ellz bruna, frost iokla, sionleysi augna, skialpta tanna ok margskonar naud ok gnott allzkonar eymdar ok vesaldar. Sem hon hafdi þar þessar ok þessum likar pislar lengi aumliga þolat, þa æpti hon pislar sinar ok sleit ok reif andlit sitt af mikilli sorg ok angri, ok vænti ser aungrar hialpar.³⁰ Ok er hon hræddiz at pinaz þar eilifliga fyrir sakir verdleika sinna, þa vissi hon eigi, med hverium hætti hon kendi sik or komna dyrinu. Því næst sem hon hafdi lengi legit i oviti ok meginleysi, þa lauk hon upp augu sin ok sa engilinn, er leiddi hana, miog nær ser, ok þó at hon hefdi miog verit pind, þa huggadiz hon,³⁵ er hon sa hann, ok mælti: «Þu einka von min ok huggan, su

¹ [aufgir *B*] ² iafntryggvir *B*; tam fideles *lat.* ³ [vocantur enim Fergusius et Conallus *lat.*]

⁴ rettet; sagt *A*; þangat farit *B*; taceret *lat.* ⁵ [rettet; yfirsynandi kvalar hennar *A*; at yfirsyn hyggiunnar *B*; in colore vultus et conversione morum *lat.*]

er gud gaf mer overdugri, þu ert lios augna minna, hvi villdir þu fyrirlata mik vesla i sva mikilli pisl ok vesolld? Hvæt skal ek veslug gefa gudi fyrir allt þat, er hann gaf mer, þott hann hefdi alldri mer fyrr gott gert annat en þetta, er hann sendi þik mer 5 til hialpar. En hversu ma ek honum þetta þacka?» Þa svarar engillinn: «Sva sem þu sagdir i fyrstunni, at meiri er guds miskunn en illzka þin; at sonnu ombunar gud hverium eptir sinum verdleikum, en þo dæmir hann hvern eptir idran þeiri, er hann hefir i liflati sinu. Ok fyrir því, sem ek sagda þer fyrr, 10 hæfir þer at varaz, þa er þu [kemr i þitt valld¹, at þu þionir eigi optar til slíks.] Ok því næst mællti engillinn: «Forum fram til þeira pisla, er fyrir ockr eru enn.»

8. En salin reistiz upp sem siuk ok þungmegin ok kostadi at festa fotspor sin ok matti ongum kosti fotum koma undir sik, 15 því at hon hafdi verit miog adr pind. En þa hondladi engillinn hana ok huggadi, ok gek fyrir henni skyndiliga ok eggiaði hana at skunda af veg þeim, er hann hafdi sagt henni. Nu sem þau hofdu lengi gengit, þa sa þau stoduvatn med sva hvossum vindi ok odum stormi, at bylgjur gengu svahatt, at eigi matti sia himenenn 20 fyrir. En i þessu vatni var undarliga mikill fieldi dyra ogurligra, er goptu ok [rautudu] ok kostudu eptir mætti at svelgia syndugar salur². En um breidd vazsins var bru miog long, ok var lofa breid, en lengd bruarinna var half röst³; ok var þessi bru bædi lengri ok miori en hin, er ver gatum fyrr. Nu var sia en miofa 25 bru, er yfir la vatnit, oll sett stalgoddum sva hvossum, at engi fotr mannz matti yfir komaz. En oll þau hin ogurligu dyr, er þar voru i vatninu, þa somnuduz alla vega at brunni at taka þar mat sinn, allar þær salur, er eigi mattu um komaz bruna. En þau dyr voru sva mikil sem hinir hæstu turnar, ok flaug sva 30 mikill logi or munni þeim, at vatnit allt var sem vellanda af þeim elldi. A þessi bru sa þau eina sal, miog gratandi ok æpandi syndir sinar, ok hafdi mikla byrdi að baki af siodium⁴ hveitikorns, ok var rekin naudig at ganga yfir bruna. Nu þoat iliar hennar væri i gegnum særðar af stalgoddunum, ok þo at aði verkr væri i 35 sarunum, þa villdi hon helldr a loda brunni en falla i vatnit vellanda ok i munn dyranna. Sva sem salin sa þessa odæmiliga

¹ [fueris tuae potestatis lat. ² [beliudn ok rautudu til einskis annars matar en svelgia syndugra manna salir B. ³ duo milliaria lat. ⁴ saal. B; sadum A; magno pondere manipulorum frumenti onusta lat.

pisl, þa mællti hon til engilsins: »Heyr mik, herra, kvad hon, vita vilda ek, ef ydr syniz, hvi þessi sal er naudig rekin yfir bruna med sva mikla byrdi, ok hverra salna þessi pisl er einkanliga.« Engillinn svarar: »Þessarrar pislar ertu verdug ok allir þinir makar, er þiofar eru, hvart sem þeir stela meira eda minna. En þo þola eigi allir iafnt þessa pisl, þeir er meira stela eda minna, nema þat se kirkustuldr.« Þa mællti salin: »Hvat kallar þu kirkustuld?« Engillinn mællti: »Þa er þadan er stolit þat, er vigt er til guds þionostu, bækri eda messufot ok kalekar eda annat þesskonar, eda þo at oheilagt se, ef or kirkju er stolit. En þeir misgera mest i stuldi, er undir hreinlifra manna bunadi stela, nema þeir bæti vel, þa eru þeir syndgazstir.« Ok því næst mællti hann til hennar: »Skundum nu fram, því at vid skulum yfir bruna.« Þa mællti salin: »Þu matt yfir komazt med gudligu valldi, en eigi vænti ek, at þu megin leida med þer.« »Eigi skal ek, kvad engillinn, fylgia þer, nema þu skallt ein saman fara, ok eigi tomum hondum, því at þu skallt leida med þer otaminnauxa, ok gefa hann mer, er þu vildir eigi selia frænda þinum, ok bid min odrum megin vazins vid bruarenda.« Þa gret salin mæd æpanda grati ok mællti vid engilinn: »Vei mer, kvad hon, hvi skapadi gud mer at þola slíkt, eda hversu ma ek vesol leida naut eptir mer, þar sem ek man alldri komazt or þessi pisl, nema miskunn guds dugi mer?« Þa mællti engillinn: »Mun þu, kvad hann, þa 20 ertu vart i lifi þinu, þa staltu ku gudfodur þins.« »Herra, kvad hon, gallt ek eigi aprí þetta naut, er þu rædir um, þeim er atti?« »Apri galltu, kvad engillinn, en þo eigi fyrr, en þu mattir eigi leyна; ok fyrir því skalltu eigi þola alla pislina, at minni synd er at vilja illt, en at fullgera þat, en þo er hvortveggia illt fyrir gudi.« Sem hann hafdi þetta mælt, þa leit hann at salinni ok syndi henni kuna: »Her er nu kyrin, kvad hann, er þu skallt leida med þer yfir bruna.« Því næst sem salin sa, at hon matti eigi undan komaz þessi pisl, er hon vissi sik verduga, þa gret hon synd sina, ok hellt hon aa kunni, ok bardi hon hana ollu afi at koma henni aa brunna ut. En þa voru dyrin undir brunni beliandi ok rautandi ok bidu sva matar sins, er þau sa aa brunni. Ok sva 30 sem salin gek a brunna, þa vildi eigi kyrin fylgia henni; en þa er salin stod, þa fell kyrin, en er kyrin stod, þa fell salin; ok med þeim hætti gengu þau allt til þess, er þau komu aa midia brunna. En er þau komu þar, þa [sa salin koma aprí i moti ser þann, er

hveitiludr¹ bar, ok mættuz þær þa æpandi ok gratandi. Su sala, er hveitit bar, bad hana, er kuna leiddi, at hon skyldi eigi talma veginn fyrir henni; en hin i moti bad morgum bænum hina vægia ser, ok sagdi sik hafa sott leidina med miklu volki ok hordum pinum. En at sonnu 5 matti hvargi þa aprt snuazt, ok eigi þordu þær *aa* bak ser at lita, ok fyrir því stod hvar i mot annarri veinandi ok kveinandi, ok var oll bruin blodug af blodi ilia þeira. Sem þær hofdu þar miog lengi stadt ok gratid syndir sinar, þa vissu þær eigi, hyverum hætti hvar þeira var um komin adra. Því næst sa su sal, er kuna 10 leiddi, miog nærrí ser engil, er hama hafli fyrirlatit, ok mælti (hann) til hennar med blidum ordum: »Vel komin! kvad hann, lat nu ku þina lausa, nu hefir þu golldit honum skulld sina.« Ok nu sem salin syndi honum fætr sina ok kvad sik eigi lengr ganga mega, þa svarar engillinn henni: »Mun þu nu, at skiotir voru 15 fætr þínir til manndrapa, ok fyrir því var þat makligt, at pining ok vesolld var *aa* veg þinum ok lengi mundi verit hafa, ef eigi hylpi þer guds miskunu.« Ok því næst honndladi hann fætr heunar ok græddi, ok gek fyrir henni. En er salin spurdi: »Hvert gongu vit nu?« Þa svaradi engillinn: »Her fyrir oekr bidr ockar einn 20 liotr ok leidiligr pislaþionn, er heitir Pristinus², ok megum vit aungum kosti um komaz hans herbergi. En þo at hans herbergi se iafnan fullt gesta, þa fysir hann eigi at sidr at þiona nyium gestum med starfi sinna pisla.

9. Nu sem þau gengu um myrkva stadi ok hardan veg, þa 25 syndiz þeim hus opit ok sva mikit sem it hæsta fiall at mikilleik, en þat var kringlott sem ofn, er menn baka braud i. En sva mikill logi stod or husinu, at hann var alla vega halfa röst fra husinu, ok sveid allar salur, er fyrir urdu. En salin, er fyrir hafdi ordit ok þolat fyrr þesskonar pislir, þordi aungum kosti nær at ganga, 30 ok fyrir því mælti hon til engilsins: »Hvat skal ek vesol nu gera, kvad hon, her er inngangr eilifs dauda, hyerr skal mik hedan frelsa?« Þa svarar engillinn: »Frials skalltu vera fyrir þessum ytra loga, en at visu skalltu fara i husit, þar sem loginn kemr or. [Ok er þau nalguduzt husit, þa sa þau marga pislaþiona med boloxum ok 35 breidoxum ok margskonar homrum ok þexlum ok sverdum³ ok allzkonar to lum⁴, med nofrum ok þvörum ok sogum, sigdum, liam ok grefum⁵, med tvieggjitudum handsoxum ok iarnrekum ok kes-

¹ [kom su salin *aa* moti þeim, er hveitisiodana *B*; viderunt illum sibi obvium, qui manipulos portabat *lat.* ² *saal.* *B*; Fustinus *A*; Phristinus *lat.*

³ ok saxknifum *tilf.* *B*. ⁴ talgutolum ok hoggyvopnum *B*. ⁵ grefium *B*.

ium¹ ok margfolldum goddum ok geirum ok allzkonar tolagerdum, er þeir hofdu þar buin, at fla ok at skera, hoggyva ok hamla, rista ok rifa, myrda ok meida. beria ok briota, bora ok ellta². Þetta var var fyrir dyrum i midium loganum, er þeir pindu syndugar salur, er þær voru i millum þeira, ok pinduzt þær þar med allzkonar³ hattum, sem nu var sagt, otaligum pislum⁴. Sem salin sa þessar pislar, þa virduz henni þessar meiri ollum pislum, er hon hafdi fyrr set, ok mællti þa til engilsins: «Herra, kvad hon, frels mik af þessum pislum, ok iata ek mer þeim, er okomnar eru.» Þa mællti engillinn: «Pessi pisl er vist meiri ollum pislum, er⁵ þu hefir fyrr set, en þo skalltu nu sia eina pisl, er yfir er ollum þeim, er þu megin augum sia eda hug leida. Gak inn, kvad hann, i þessa pisl! her eru bithundar, er bida þin.» En salin, hrædd ok skialfandi ok naliga af harmi fyrirverdandi, bad med allzkonar bænum, at hon skyldi frialsaæt af þessarri pisl, ok gat eigi legit.⁶ Því næst sem dioflar sa, at hon var þeim iatud, þa slögut þeir hring um hana ok brigsludu henni synda brigсли ok illyrdum hana med ferligum ordum ok slitum hana alla i sundr med slikum tolum, sem fyrr gatum ver, ok því næst særdu hana ok sundrslitna kostudu henni i midian elldinn. En fra þeim at segia, er voru i⁷ husinu, þar var⁸ hryggleikr, harmr ok op ok harmþrungin ædi, ok kveinan ok tannaskialfti; utan it hardazsta frost⁹, en innan enn akafazsti bruni, ofyllilig agirnd ok fysi matar ok drykks, er alldregi matti fyllaz; ædi ok opoli i þeim stodum likams þeira, sem skop¹⁰ þeira hofdu verit, sva at sialf skopin voru fuin ok¹¹ ok sundr slitin, ok ullu þau oll modkum, bædi kalla ok kvenna, ok eigi at eins veralldar manna, helldr ok margra þeira, er menn hugdu her vera hreinlifa, ok gengu i skop þeira enu grimmuzstu dyr ok slitum þau sva med hordum piningum, at eingi off mattu pola. Þar var hverskonar tegund karla ok kvenna, ok voru i¹² hverskonar bunadi, er menn bera þessa heims¹³ sinum likam, valkut, pind ok bord ok brotin med herfiligum sarum ok svivardligum. Sem salin var lengi pind i þessum margfolldum ok odrum otruligum pinum, þa fann hon sialfa sik synduga ok

¹ stalgoddum, stilum *tilf. B.* ² kliufa *B.* ³ [Et cum propius ³⁵ accederent, viderunt carnifices cum securibus et cultris et sarmentis et bisacutis, cum dolabris et terebris et falcibus et forcipibus acutissimis, cum wangiiis et fossoriis et cum ceteris instrumentis, quibus animas excoriare vel decollare vel findere vel truncare poterant *lat.*] ⁴ Her begynder *D.* ⁵ lensus ignis extrinsecus *lat.* ⁶ glepir *D.*

verduga slikra pisla ok vesallda. Því næst sem miskunn guds villdi, þa vissi hon eigi, med hverium hætti eda hverri skipan hon kendi sik or komna þessum pislum, ok sat hon þa i myrkri ok likneskiu daudans. En er hon hafdi þar nockura hrid setit, þa leit hon 5 þat lios lifsins, er hana hafdi leitt; ok hon full angrs ok hryggleiks mællti: «Hvi, herra, kvad hon, þolda ek vesold slika ok sva miklar pislir? Hvæt er þat, er hygnir menn sogdu oss, at heimrinn er fullr af guds miskunn, hvern er nu mikilleikr guds miskunnar?» Engillinn svarar: «Dottir, kvad hann, marga hafa 10 þessi ord blekt, þa er eigi hafa fengit retta skilning þessarra orda, fyrir því, kvad hann, þo at gud se at sonnu miskunnsamr, þa er hann þo eigi at sidr rettvis. Rettvisi guds gerir vid hvern, eptir því sem hann er verdugr, en miskunn hans fyrirgefr syndir ok verdugar pislir. En þu þolir nu þessar pislir af verdugum tilverkum 15 þinum, en þu þakka gudi, þa er þu finnr, at miskunn hans fyrirgefr þer pislir misverka þinna. En ef gud fyrigæfi allt, til hvers skyldi madrinn vera þa rettviss, eda hvi skyldi madrinn idraz ok iata syndir sinar, ef eigi hræddizt hann gud. Því skipadi gud, sagdi hann, alla hluti vel, at hann stillir rettvisi med miskunn, 20 ok miskunn med rettvisi, at hvargi se an annarri. Ok þo at ham þyrmí syndugum monnum miskunnsamliga, þa þola þeir þo pislir til hreinsonar misverka sinna. Sva ok ef gud tekr fra rettvisum monnum, medan þeir lifa í likam sinum, heilsu eda adra huggan, ok berr þa sakir sinna misverka, þa gefr hann þeim miskunn- 25 samliga eilifa fagnadi englanna, er þeir fara or likam sinum. En þeim mun er guds miskunn meiri en rettvisi hans, at ecki vettu er þat gott gert, er eigi verdi at fullu ombunat, en morg illvirkni fyrirgefr gud, þau er rettvisi hans ætti hefnd ^{aa}. Því at eingi [er i lifi þessa heims¹] syndalauss, ok eigi barn, þat er borit er 30 ok eina nott lifir ^{aa} iordu, en guds miskunn fyrirgefr morgum sva gersamliga, at eigi sia þeir myrkr daudans ². En þa huggadizt salin af ordum engilsins ok mællti til hans: «Herra, sagdi hon, med því at þer getit rettvisra manna, er sva ³ eru sædir, at eigi koma í gardzhlid daudans, hvi eru þeir leiddir til helvitins.» Engill- 35 inn svarar: «Ef þer þikir þat kynligt, sagdi hann, hvi rettvisir menn, er eigi koma í pislir, eru leiddir at sia þær, þa er þat fyrir því, at þeir unni þeim mun meira gudi, sem þeir sia gjori, ok hverium pislum hann frelsadi þa. Sva ok, sagdi hann, salur

¹ [ibui heimsins er D. ² ut non tangat eos umbra mortis lat.

³ Her mgл. 1 Blad i B.

syndugra manna, þær er at verdleikum eru dæmdar til eilifra kvala, þa eru þær leiddar fyrst at sia dyrd heilagra manna, fyrir því at þær sia þa enu riku ombun rettvisra manna, er þær hofnudu; en því næst er þær koma i pislir, þa er þeim su aminning. synd dyrdanna, er þeir hofnudu, ok er þeim þat auki sinna pislalok vandræda ok vesælda. Því at eingi pisl er iafnmikil sem at vera skildr fra syn guds ok heilagra engla. En prestr sa, er þu sátt sva oruggliga ganga yfir bruna, var leiddr at sia pislir, at af syn pislanna skyldi hann því elskuligar lofa ok dyrka, virda ok tigna almattigan gud, sem gud hafdi hann meir fra pislum tekit ok tiguligar dyrkat. Sem gud hafdi reynt hann tryggan ok hyggingin i hlydni bodorda sinna, því gaf gud honum koronu eilifs fagnadar, er hann hefir heitit at gefa ollum ser unnandum.« Því næst mællti engillinn: »Med því, kvad hann, at vit hofum enn eigi seet allar pislir, þa dugir þér, at vit skyndim at sia þær.« 15 Þa mællti salin: »Ef vit skulum sidan koma til dyrdanna ok hvilla, þa skyntu fyrir mer til pislanna.«

10. Sem engillinn gek fyrir salinni, þa sa þau dyr eitt olikt odrum dyrum ok ogurligra ollum þeim, er þau hofdu seet adr. Þat hafdi two fætr ok two vængi med longum halsi, þat hafdi iarnnef 20 ok iarnklær ok bles or munni sinum æsilignum loga, ok sat á einu stoduvatni, er allt var isfrosit, ok svalg allar salur, er þat mattina. En er þær komu i kví dyrinu med pislum, skaut dyrit fraser þeim i vatn frosit, ok endrnyiuduzt þær svo i odru sinni til pislalok. En allar salur, er i komu vatnit, svo karla sem kvenna, 25 þa þrutnudu, sem med getnadi væri, ok bidu med miklum ymisligum pislum, til þess er þeim hæfir at bera. En i innyflum þeira ok getnadarlimum voru [yrmlur ok poddur¹, ok bitu ollum piningum sarara, ok sva lifdu þær veslar i því enu saurga vatni frosnar i isi vazins. Sidan sem timi kom burdar þeira, þa pinduz þær 30 med svo akofum verk, at ædi ok op þeira, kveinan ok grat matti heyra um allt helviti, ok fæddu þeir orma af ser, svo karlmenn sem konur, ok eigi at eins i þeim stodum likamsins, sem natturuligr getnadr fædiz, helldr um alla likams lidu, leggi ok fætr, um bak ok hendr², sva at eingi var sa stadr likamsins, at eigi ut 35 sprungu þau eitrlig kvikendi. En oll þau dyr, er þar fædduzt, hofdu loganda iarnhofut ok³ hit hvassazsta stalnef, ok slitu þar med þa hina somu likami, er fæddi þau. En halar þessarra dyra

¹ skunda þu D. ² [yrmlur D. ³ Her ender D^a. ⁴ Her beg. atter B.

voru þrikvisladir allir med ormshofdum, ok beygduzt allir sem
 aunglar at slita þær salur, er þau fæddu¹. En sem dyrin gatu
 eigi dregit hala sina or likomum salnanna, þa hiuggu þeir ok slitu
 vendiliga likamina med krokottum nefium sinum; ok med þessum
 s hætti, ædi ok opi þess mikla fiolda, ok ogurligr gnyr isanna ok
 kveinan salnanna, [ok belian dyranna² er þar fædduz, fyldi allt
 loptit upp til himna af aumligum latum svo hormuliga, at þo at
 sialfir dioflarnir stædi þar hia, þa mætti þeir hrædaz ok vorkynna
 þeim hinum veslum salum, er þar pinduz; þvíat þau dyr hoflu **æ**
10 ollum limum sinum allzkonar hofut ok atu allt holldit af limum
 sinum til sina ok beina. Tungur þeira voru tvikvisladar sem
 orms, þess er aspis heitir, ok onyttu þær [hvætvetna ok oll innýfli
 likama sinna³. En skop karla ok kvenna voru i orma likneskium
 ok smugu allan kvidinn innan, atu ok slitu ok drogu innýfli or
15 likum salnanna. Þa mælti salin: »Ek bid þik, herra, at þu
 segir mer, hvat illt þessar salur gerdu i lifi sinu, er slika pisl
 þola. Ek hygg, at þessi pisl se olik ollum þeim, er ek hefi fyrr
 seed.« Engillinn svarar: »Ek sagða þer fyrr, at þeir er koma i
 helgazsta skipan, ef þeir villaz ok misgera, sva at þeir bæta eigi,
20 þa eru þeir daemdir til hardazstra pisla, sva sem þar i moti, ef
 þeir gæta sin vid syndum, hliota þeir hina hæstu dyrd. Nu er
 þessi pisl munika ok allzkonar hreinlifismanna, sva karla sem
 kvenna, þeira sem eigi baeta þat, er þau misgerdu i heitum sinum
 vid gud, ok sva annarra lærdra manna, er vigdir eru til guds
25 þionostu, er vigslur sinar svivirdu med leikmanna harskurdí ok
 klædabunadi ok margskonar odrum ohattum ok illum verkum, er
 liuga tru sina ok heit sin at gudi, ok fyrir því eru her allir limir
 likama þeira pindir ok sundrslitnir med allzkonar pislum, at þeir
 hofnudu at gæta sin fra bonnudum ok ferligum verkum. Peir
30 baru eitr i tungum sinum, því at þeir gættu eigi-illra orda sinna,
 en nu brenna þeir i tungum sinum med hordum bruna. En skopin,
 er þeir villdu eigi hepta fra ferligu saurlifi, eru nu ormar ok pina
 þat, er þau misgerdu. Nu þo at þessi pisl se einkanliga þeira, er
 hreinlifir eru kalladir ok eru þo eigi, þa er þessi pisl eigi sidr
35 allra þeira, er med ohreinligum ok omundangligum hætti saurlifis
 spilla ser; ok fyrir því mattu aungum kosti undan komazt þessum
 pinum, at medan þu vart i likam, þa skammadizt þu eigi at saurgaz
 med ovidkvæmiligum hætti, ok sva opt syniliga, at þu villdir

1 [*saal. B:* fæddi þa *A.*] 2 [*efter lat.:* mugitus bestiarum exe-
 40 untium; *mgl. A, B.*] 3 [ok rifu oll innýfli saalnanna *B.*]

optar en þu mattir.« Ok er hann hafdi þetta mællt, komu dioflar med miklum gny ok kostudu salunni at dyrinu. En er dyrit hafdi svelgt hana, þa pindiz hon i kvidi dyrssins ok því enu mikla vatni, eptir því sem fyrr var sagt. En er at því kom, at hon skyldi fæda orмана, þa kom engill guds med blidu andliti ok huggadi hana med godum ok sæmiligum fagnadi ok blidum ordum ok mællti til hennar: »Kom hingat, kvad hann, hin kærazta min, eigi skalltu þola lengr þetta.« Ok tok hann hana hondum sinum ok græddi hana ok eggiaði hana at fylgia ser skiott um þat, er eptir var leidarinnar. Ok foru þau þa langa leid, ok vissi salin 10 eigi, hvert þau gengu, þviat ecki var liosit, nema þat er af englinum lysti.

11. Nu gengu þau um ogurliga stadi ok miklu hardari gotu, en fyrr hofdu þau farit, ok var þessi vegr sva mior ok þrongr, at varla matti fætr a festa, ok sva hallr, at iafnan var buit vid 25 falli. [En því meir er þau nidr gengu, því minnr hugdi salin ser til lifs vanar¹. Því næst mællti hon til engilsins: »Segit mer, herra, kvad hon, med því at vit hofum seet sva margar illar pislir, at eigi mega hardari vera, ok aungum megu slikar i hug koma, hvert leidir ockr nu þessi enn hardi vegr, er sva hefir ockr nidr 20 dregit?« Þa svarar engillinn: »Pessi vegr liggr til eilifs dauda.« En þa mællti salin: »Med því, kvad hon, at þessi vegr er inn þraungvazti ok hinn hardazti um at fara, ok eingi madr er æ 25 þessum veg nema vit tvau, hvat er nu þat, kvad hon, er gudspiallit mælir: rumr er sa vegr, er til dauda liggr, þviat margir ganga um hann?« »Eigi mælir, kvad engillinn, gudspiallamadrinn um þenna veginn, helldr um synda veg ok saurlifis veg veralligs lifs, því at hann leidir alla þa, er hingat koma.« Sem þau hofdu lengi gengit ok miog mod, þa komu þau i dal einn, ok sa þar marga smidiubelgi ok budir, ok heyrdu þar op ok grat. Þa mællti 30 salin: »Heyrir þu, herra minn, þat, er ek heyri?« Engillinn svarar: »Heyri ek, sagdi hann, ok veit ek, hvat þessi pisl heitir; þessi pislaþionn heitir Vulcanus, qvad engillinn, ok fyrirkemr hann morgum med velum sinum ok svikum, ok allir, er eptir lata eggian hans, eru her pindir.« »Skal ek, kvad salin, nockut þola þessa 35 pisl?« »Skalltu at visu, kvad engillinn.« Hann gek þa fyrir, en hon fylgdi honum. Sem þau nalguduz pisolina, þa hliopu dioflar-

¹ [rettet; En því nær er þau nidr gengu hugdi salin ser til lifs varnar A; mgl. B, et quanto plus descendebat, tanto minus anima redditum ad vitam sperabat lat.]

nir i mot þeim ok mælltu eigi vid engilinn, nema toku salina, er fylgdi honum, med gloandi taungum ok kostudu henni i ofninn ok blesu at alla vega elldinum, sva sem menn gera vid iarn ok stal, allt til þess at sa inn mikli fioldi salna, er þar brann, var naliga 5 at aungu ordinn. Sem þær voru sva brendar, at ecki syndiz eptir vera af þeim, nema sem vatn væri, þa skutu dioflarnir þrikvisludum slam¹ i gegnum þær ok logdu þær a stedia ok bordu þær med miklum iarnhnydum, sleggjum ok homrum, allt til þess er þeir hofdu saman barit i boll einn .xx. eda .xxx. salna eda .c., ok þat 10 er hardara var, at þær mattu eigi deyia at helldr, en þær villdu þat giarna ok mattu aungum kosti. Þa mælltu dioflarnir: »Er nu eigi ærit at gert?« Þa svara sumir: »Kastit hingat, ver munum sia, ef ærit er.« Ok kostudu þeir þa til þeira. En þeir hendum þær iafnskiott med gloandi tongum, sva at þær komu hvergi nidr 15 a millum. En sva sem hinir hofdu fyrr giort, sva gerdu þessir þa, kostudu hvarir til annarra, ok voru þær aumú salir hvevetna pindar, sva at hud ok holld ok sinar ok bein urdu folksi af bruna ellzsins. Sem salin var pind i þessum pislum, þa kom huggari hennar ok tok hana or midium loganum ok græddi hana, sem 20 hann var vanr, ok mællti: »Hversu mattu? Eigi voru þer sva kiærar, sem þer þotti, likams sæmdir, at þu attir at þola sva margar ok miklar pislin fyrir sakir þeira?« En salin matti aungu svara, þvíat hon var sva miog pinut, ok hafdi hon ecki aflat 25 mæla eptir sva langa eymd ok mikla. Því næst sem engillinn sæ, at hon var miog farin af vesold pislanna, þa mællti hann til hennar med blidum ordum: »Huggaztu nu, qvad hann, þvíat nu vill drottinn leida þík til helvitis ok aprír þadan. Nu tak styrk þinn ok ver oflug! Þo at þu hafir margar pislin þolat, þa eru þær myklu fleiri ok meiri, er þu skallt frials fyrir vera, ef þat er vili 30 lausnara vors; þvíat hann vill eigi dauda syndugra manna, helldr at þeir lifi ok bæti lif sitt. Allir þeir, er þu hefir enn seet, bida doms guds; en þessir er i nedrum pislum eru, ero daemdir, ok ertu eigi enn komiun til ens nedra helvitis.« Sidan tok hann i hond henni ok huggadi hana eptir sidveniu sinni ok baud henni 35 at fara med ser, þat er eptir var leidarinnar.

12. Sem þau gengu saman ok rædduzt vid, þa kom i moti þeim, ok þo at ovorum, hræzla mikil ok kulldi ok ogurligr daunn ok obæriligr, sva at alldri hofdu þau fyrr slikan kent, med sva miklu myrkri, at þat var yfir allar pislin þær, sem þau hofdu fyrr

set. Ok fell þa hræzla ok angrleikr hverskonar **aa** salina, sva at henni þotti, sem allr grundvollr heimsins skylfi, ok af þeiri hræzlu mællti hon þa til engilsins: «Herra, kvad hon, hvat velldr þvi, at ek ma eigi **aa** fætr standa, sva em ek hrædd ok pipr¹, at varla hefi ek ond² at at mæla. Sem hon **3** stod ok beid andsvara engilsins, þviat hon matti ecki mæla fyrir ofmikilli hræzlu, þa hvarf engillinn or augsyn hennar, sva at hon matti hvergi sia hann. Þvi næst sem hon fann sik ollum syndgum aumari, ok frateknum sinum huggara ok liosi hvat matti henni annat i hug koma, en (at) fra henni væri tekin oll von guds miskunnar; þviat **10** i syn heilags anda mællti Salomon, at hvarki vizska ne vinatta er i helviti, þangat er salin skundadi, fyrir þvi kunni hon þa ecki rad.

13. Sem hon hafdi um stund ein saman verit i þeim haskum, þa heyrdi hon op ok kveinan undarliga mikils fiolda, ok svo **15** undarliga ok ogurliga, at eingi tunga kann þat at segia. Þa leit hon um sik ok villdi sia, hvadan þessi ogn kom at henni. Þa sa hon i grof eina ferstrenda, sem già ok mikill pyttr (væri), ok stod or stolpi dynianda reyks ok loga sva har, sem hinn efri endir tæki til himins. Sa logi var fullr syndugra salna, er upp flugu **20** med loganum, ok er reykrinn vard at aungu, þa fellu salirnar nidr i grunn pyzsins ok ofn ellzins. Sem salin hafdi seet þessa ogurligu syn, þa villdi hon firraz ok matti fætr aungan veg hræra. Sem hon opt vid leitadi ok komz hvergi, þa æddiz hon af angri ok sleit kinnr sinar med noglum fingra sinna ok æpti: «Vei mer, **25** kvad hon, hvi dey ek eigi, hvi villdi ek eigi trua helgum ritningum, hver ærsla sveik mik?» Sem dioflar heyrðu leti hennar, þeir er upp flugu sem folksi or loganum, þa hurfu þeir iafnskiott um-hverfis hana med slikum vopnum, sem þeir baru til salna pisla, ok nistu tonnum, ok brunnu allir sem elldr i klungrum, ok æptu **30** allir einni rauddu: «Vesol sal, verdug vesælla pininga, hvadan kom þu hingat? Þu veizt aungar pislir ok aungar hefir þu enn reynt, nu it fyrra skalltu sia verdulega pisl verkum þinum; or þeim skalltu alldri komatz, þar skalltu æ ok æ vera ok lifa ok þar æ brenna kvík utan enda; aunga huggan ok ecki lios skalltu **35** þar finna, aunga hialp ok aunga miskunn þarfstu þar at vænta. Þu skallt nu ganga i gardzhlid daudans ok vera hrundit i et nedra helviti. Sa er hingat sendi þik, sa enn sami bleckti þik, frelsi hana þik nu, ef hann ma or vorum hondum, alldri skalltu hann

¹ hrygg B. ² maatt B. ³ Her indfalder en Lacune i B.

sidan sia. Hrygg(z) vesol, syrg ok grat, æp ok kveina, yl ok harma, nu skalltu grata med gratendum ok brenna med brennendum, Eingi er sa, er her vill nefna þik ne frelsa þik or ovina valldi.» Ok mælltu þa dioflarnir sin a millum: «Hvi dvelium ver, tokum s ok synum henni grimleik þann at gefa hana Lucifero hofutdiofli at sveglia.» Því næst hristu þeir vopn sin at henni ok hetu henni eilifum dauda. Pessir dioflar voru allir svartir sem kol, augu þeira sem elldibrandar, tenn þeira sniohvitar, halar þeira sem orma þeira, sem skorpiones heita. Pessir ormar hafa ogurligt 10 eitr ok hogga med holum, en adrir ormar med tungum; þeir hafa sem gamsklær hinar hvossuztu stalklær a honum ok fotum, sem hrokva sik at, at þeir skyldi þegar taka hana, ok hon gratandi, sungu þeir henni sorgarsaung eilifs dauda. Pa kom engillinn ok rak i burt alla dioflana ok huggadi salina med fagnadarordum eptir 15 sidveniu ok mællti: »Glez ok fagna, dottir, þvíat þu skallt nu þiggia fagnat ok miskunn, en eigi dæmizt¹ þer nu þessar pislar, en sia skalltu en eigi þola fleiri.

14. «Nu, kvad hann, skal ek syna þer einn versta anskota mannkyns.» Ok gek þa engillinn fyrir henni, ok er þau komu 20 at helvitis gardzhlidum, þa mællti hann: «Kom, qvad hann, ok see ok vit at sonnu, at þeir er auga hafa megu her ecki sia, en þo skalltu sia þa, er her eru, en eigi megu þeir sia þik.» Sem salin nalgadiz, [sa hon diup helvitis². En hvílikar eda hversu miklar ok hardar pislar hon sá þar, þo at .e. tungna væri þar i hveriu 25 hofdi, þa mundi eigi geta upp talt. Fatt³ er þat, sem hann sagdi oss, ok hormuligt er at heyra, ok þo nyttsamligt ok en meiri varud at firrazt i sinu lifi. Hon sa, hvor var sialfr ovinrinn ok hofdingi myrkra ok hofutovin allz mannkyns, er meiri er ollum kvikendum ok dyrum⁴, þeim sem fyrr hafdi hon seed. Sva kvad salin likama 30 hans mikinn, at af ollu því er hann⁵ hafdi seed, qvad hann ecki kunna vid at iafna, ok eigi vilium ver annat mala, en ver heyrdum af honum; en slika sogu vottum ver, sem ver heyrdum. Þat it bolvada kvikendi var svart sem hrafni, eptir manz skepnu likams fra fotum til hofuds, nema þat umfram at þat hafdi margar hendir, 35 eigi færi en þusund handa, ok hver hond .e. laefda⁶ laung ok .x. laefda digr, ok klær fingranna lengri spiotskoptum, ok voru klær

¹ dæmizt Cd. ² [saal. rettet; i diup at sia helviti **A**; appropinquans autem anima vidit profundum inferni lat. ³ rettet; þa **A**; Pauca quæ ipse nobis retulit lat. ⁴ Her beg. etter B med et Blad, der er overskaaret, saa at kun omrent en Trediedel af hver Linie er tilbage.

⁵ salin **B**. ⁶ centum cubitos lat.

fingra or iarni. Nef hafdi hann mikit ok digrt ok langt, ok hala hvassan ok langan ok settan umhverfis enum hvossustum godum. Þetta et ogurliga dyr la \aa grufu \aa iarngrilli¹ undirliggiandi glodum, ok bles þar at med belgium mikill diofla fildi, sva at eigi mundi því trua, at heimrinn² hafdi sva margar andir getit fra upphafi. En þessi ovin allz mannkyns var bundinn i ollum limum ok i ollum lidum hans likama med iarnrekendum morgum ok digrum. En sva sem hann veltiz a glodunum, þa angradizt hann med akafri reidi, ok snerizt hann af annarri sidu a adra, ok i því slo hann hondum sinum a þann inn mikla salna filda ok kreisti þær, sva sem hungradr ok þystr akrkarl kreistir vinberia log i munni ser, sva at eingi var su sala af þeim hinum mikla filda, sva at eigi sleit hann hofudit af eda adra limi. Því næst skaut hann ondinni fra ser ok bles umhverfis sik [ok dreifdi ollum salum³ i allar halfur helvitis, ok iafnskiott pytrinn, sa er ek sagda i fra, skaut upp af ser daun ok loga. Ok sem þessi hinn grimmi vargr dro at ser ondina, þa safnadi hann salunum, er hann hafdi sundr dreift, ok svegdi þær allar med reyk ok brennusteini; ok [sumar sva sem þær villdu komaz or hondum⁴ honum, þa laust hann þær med nefi eda hala sinum. Ok med þessum hætti þetta it auma undr var bart adra beriandi ok pint adra pinandi. Sem salin sa þetta, þa mællti hon til engilsins: »Ek bid þik, herra, attu segir mer, hvat heitir þetta it mikla undr ok hit bolvada?« »Þetta heitir, segir engillinn, Lucifer, ok hann var upphafdr ok bio i paradisar yndi. Nu ef hann væri laus, þa mundi hann angra ok fyrirfara allan heiminn ok himininn ok allt helviti. En þessi inn mikli fildi, er her er med honum, eru sumir englar myrkra, er menn kalla diofla ok þegna fiandans; þat er ok afspringr Adams, er eigi er verdr miskunnar, þviat þeir væntu ser aungrar hialpar af gudi, ok eigi trudu þeir \aa hann, ok fyrir því þola þeir her eilifar pislir, at þeir hofnudu at þiona eilifum drottne allrar dyrdar med ordum ok verkum. Pessir eru ok þeir, sagdi hann, er dæmdir eru ok bida margra annarra⁵, er heita gudi med ordum en hallda eigi med verkum. Slikar skulu þeir þola, er neita gudi

¹ super cratem ferream suppositis ardentibus prunis lat. ² rettet; 35
 hann A; mundus lat. ³ [tilf. efter Latinen: spargit omnes animas in diversas Gehenne partes. ⁴ [saal. rettet; su fello þær i munn A;
 az wr hondum B; sed et quicunque manus eius fugiunt lat.
⁵ saal. efter lat.: multos adhuc alios expectant; pisla ok ecki minne tilf. A, B.

at fullu, eda gera verk þeira, er honum nita, sem hordomsmenn, manndrapsmenn, þiofar eda mordingiar, metnadarmenn ok þeir, er eigi syna gudi litilæti i idran ok umbot synda sinna. Þat skulu þeir þola fyrst, er þu satt adan, ok sidan leidaz hingat til þessarar 5 pisla; or þessi komaz aungir, er um sinn leidaz i þessa pisl. Her koma illir hofdingiar heimsins, er illa neyta sins valldz, [er þeim var af gudi gefit lyd sinum til traustz ok h]alldz¹, ok eigi verdr þeim at gagne eda hialp um þat valld, er þeir eru til skipadir, þvi at þeir trua eigi a gud, er allra vallda er gafari. Fyrir því mælir 10 heilug ritning: Mattugir menn þola margar pislar.» Þa mællti salin: «Per segit, kvad hon, at gud gefr oll volld, hvi lætr gud þa pinazt fyrir sakir valldanna?» «Valld þat, sagdi engillinn, er gud gefr, er at sonnu gott, en þat er illt at nyta þat illa.» «Hvi gefr gud þa eigi, sagdi salin, iafnan godum at eins valld at bæta ok vid at 15 sia ok hialpa, sem hæfir, þeim er þeir eigu fyrir at sia?» «Stundum, sagdi engillinn, tekz valld fra godum monnum fyrir synda sakir lyds þess, er illa þionar undir þeira valldi, þviat illir menn eru eigi verdir godra hofdingia; sva ok stundum takaz hofdingiar godir af valldi sinu, at þeir se i minni ahyggju ok því meir rækiandi² 20 forsia salna sinna.» «Ek villda vita, kvad salin, hvi hofutfiandi heitir hofdingi myrkra, med því at hann bergr aungum ok eigi getr sik frelsat sialfan?» «Pessi, kvad engillinn, er kalladr hofdingi eigi af valldi helldr af meinsemduum ok hordum hlutum, er hann gerir i myrkrum þessum, fyrir því, þo at þu sæir margar 25 pislar, adr en þu her komt, þa er sem aungar se hia þessum odæmiligum pislum.» «Sva er at sonnu, qvad salin, þviat meir angrar mik at sia þenna pytt ok kenna þenna enn illa daun en allar pislar helvitish, er ek fyrr þolda. Nu bid ek, herra, kvad hon, tak mik hedan i burt sem fyrst, ok lat mik eigi her lengr vera ok pinazt, 30 því at ek se³ her marga mina frændr ok adra mina kunningia, er ek gerda mer giarna at vinum i veralddarlii, en her lati gud mik alldri hafa þeira felagskap. En þo veit ek at sonnu, ef eigi hylpi mer guds miskunn, þa væri minn verdleikr⁴ at þola slikar pislar sem þeir.» Þa mællti engillinn: «Kom hingat nu, en sela 35 sal, ok huggaz i hvíld þinni, þviat drottinn gerdi þer mikit gott; alldri skalltu optar slikt þola, sem nu hefir þu seed, nema þu þionir

¹ Det her mellem [] indsatte er tilføjet efter *Gisning*, da B først bliver fuldstændig med . . . alldz, og A springer over fra er þeim var — þat valld. ² stundandi B. ³ Her beg. D^b. ⁴ nogr til tilf. D.

til sliks. Her til hefir þu seed myrkrastadi ovina guds, en nu framleidis skalltu sia dyrdir vina guds.

15. Sidan snerez salin til engilsins ok fylgdi honum. Sem þau hofdu lengi gengit, þa hvarf daunn ok myrkr ok birtiz liosit, ok at hræzlunni tapadri kom i stadinn huggan ok hughreysti¹, ok sem salunni hvarf hryggileikr, þa fyll diz hon fagnadar, sva at hon undradi [sik sva skio tt umsnuna² ok mællti: »Herra minn, kvad hon, med hverium hætti er ek svo skio tt umsnuin³? skommu var ek sionlaus, en nu se ek; ek var hrygg, en nu em ek glod; um allan veg ockarn kenda ek fulan daun, en nu er ecki þess-¹⁰ konar; þa var ek hrædd ok huglaus, en nu em ek fegin ok orugg.« Þa mællti engillinn: »Blezut sertu, undra þu eigi þetta! þessi er snuning hægri handar guds; nu fórum vit heim um annan veg i konungsriki oekart, ok þu þacka gudi miskunn sina ok fylg mer.« Því næst sem þau gengu, þa sa þau hafan vegg; ok fyrir innan¹⁵ vegginn, þeim megin sem þau gengu, var mikill fioldi karla ok kvenna undir vosi⁴ ok vind, ok voru oll hrygg ok hungrut ok þyrst; hofdu þau lios, ok aungan illan daun⁵ kendu þau. Þa spurdi salin: »Hverir eru þessir, er slika hvild hafa?« »Pessir eru, kvad engillinn, medalmenu, eigi [godir ok eigi illir⁶, ok giættu²⁰ sin þo somasamliga, en aunga miskunn gerdu þeir fateakum af fe sinu, ok fyrir því skulu þeir nockura stund þola vind ok hregg ok hafa sidan hvild goda.

16. Eptir þat gengu þau um stund ok komu at gardzhliði, er þegar laukzt upp fyrir þeim. Ok er þau voru innkominn, þa²⁵ sa þau enn fegrsta voll allan fullan blomandi grasa med godum ilm, ok þar var miog inniligt, ok var þar otaligr salna fioldi ok med miklum fagnadi. Ok var þar eingi nott, þar skein sol iafnan, ok þar var brunnr lifanda vaz. En salin eptir sva langt angr ok pislir, er hon hafdi þolat, vard fegin af sva inniligum stad ok mællti³⁰ þessi ord med miklum godynilia: »Blezat se nafn drottins⁷ nu ok eilifliga, er mik frelsti or gardzhlidum eilifs dauda, ok [(fyrir) mikileik miskunna þinna leiddir mik til heilagra þinna⁸. Nu sannreyni ek ord heilagra ritninga, at eigi megi daudlig eyru heyra ok eigi daudligr hugr hyggia, ok eigi daudlig augu um sia³⁵ dyrd þa, sem gud hefir heitit sik elskendum.« Ok því næst mællti salin: »Herra minn, kvad hon, hverra salna er þessi hvild, ok

¹ saal. B; hugstyrki A, D. ² [þetta umskipti et skio tt B.

³ umskipt B. ⁴ vatni B, D. ⁵ þef B. ⁶ [of illir D. ⁷ Her

indfaller en Lacune i B. ⁸ [syndi mer mikileik myskunsemda sinna D. ⁴⁰

hvat heitir þessi brunnr?« Engillinn svarar: Her hvilazt, sagdi hann, þeir, er eigi voru at ollu godir, ok eru þo teknir or helvitis píslum ok eigi enn verdir at koma i samlag heilagra manna guds. En þessi brunnr heitir lifandi, sa er dreckr af þessu vatni skal æ 5 ok æ lifa ok alldri þyrsta.

17. Þadan gengu þau fram um stund, ok salin sa fyrir ser tva konunga, annan Chonchober¹ en annan Donatum². En er salin sa þa, undradizt hon ok mælti: »Hvat er þat, herra minn, er nu se ek, sagdi hon, þessir tveir hofdingiar voru grimmir i lifi 10 sinu ok miklir ovinir sin i millum; hverr godeleikr kom þeim hingat, eda hversu voru þeir gjorvir vinir?« Engillinn svarar: »Peir idruduzt ovinattu simmar fyrir andlat sitt, fyrir því var þeim eigi til pisla visat. Chonchober³ konungr la lengi siukr ok het gudi, at hann skyldi gerazt munkr, ef hann lifdi; en Donatus⁴ 15 var hertekinn ok lengi hafdr i hoptum ovina sinna, ok gaf hann þa allt, þat er hann atti, fatækum monnum, ok fyrir því lifrir rettvisi hans eiliftiga. Ok skalltu allt þetta telia fyrir lifandi monnum sidan.«

18. Sem þau hofdu gengit um stund, þa sa þau haull eina 20 dyrliga buna, ok voru veggirnir allir smidadir ok bunir gulli ok silfri ok settir med dyrligum gimsteinum, en eigi voru gluggar ne dyr ~~aa~~, ok þo komuz allir inn, er villdu. Hus þetta var mikit, ok margir stolpar helldu því uppi, ok allt var gulli ok gimsteinum sett utan ok innan. Sem salin gladdiz af syn þessarrar smidar, 25 þa leit hon um sik ok sa eitt sæti af gulli ok gimsteinum gert ok klætt dyrligum pellum ok allzkonar agiætum bunadi, ok þar sa hon Kormaks⁵ konung sitia i því sæti klæddan svo agiætliga, at eingi iardneskr konungr matti svo klædaz. Sem hon stod litla stund ok undradi þetta, þa komu margir menn inn i þat hus ok 30 færdu konunginum fornir eda giasfir med miklum fagnadi, ok þeir stodu fyrir sinum herra, þviat hann var þeira herra, medan hann lifdi. Þa komu ok margir prestar ok diaknar hatidliga skryddir med messuklædum ok hofdu med ser allzkonar dyrligan husbunad, er til heyrdi konungligu skrudi, med gullkerum ok silfrkerum, 35 med filsbeinum, budkum ok bordum, ok allzkonar fogrum ok sæmiligum bunadi sva undarligum, at þo at eigi væri meiri dyrd i riki guds, þa syndizt þo ærinn. Ok því næst syndizt

¹ *saal. lat.*; Kabanum *A*; Konkabruin *D*. ² *saal. lat.*; Danakum *A*, Donakum *D*. ³ Kabarum *A*; Konabium *D*. ⁴ Danakum *A*; Donacus *D*. ⁵ *saal. D*; koronadan *A*; Chomarchum *lat.*

i Cap. 5 lyder i B saaledes: Ok er hun var þangat komin, þa mælti hun: »Heyrðu mik, allzvalldandi skapari himins ok iardar, biðu þu, at ek mega sea ovin, þann er berst i gegn mer; en hvat mun ek vid honum mega, dæm þu drottinn aa medal min ok hans, því at i þer er vón min öll. En þu einn ert lofadur sannr gud um allar alldir.« Eptir þat kom fostra hennar til myrkvastofunnar ok færði henni fœdu ok drykk, ok heyrði hun bæn þessa. En er hun var brott farin, þa kom þar fram or einni hyrningu ógúrligr dreki, hann var med ymsum litum; fax hans var hardla síðt; tenn hans voro sem gloanda iarn ok svo miklar (sem) i villigelti: augu hans voro sem gloandi siur; elldr brann or munni hans, en tunga hans vafdz um hals honum; hann hafdi nöðru eina i munni ser hardla illiliga, en hun hafði mikit höfut. Þa reis drekinn upp um miðnætti, en elldr brann or munni hans ok nauðnum, sva at af því lysti um alla myrkvastofuna. En er heilög Margareta sa hann, þa mælti hun þessum örðum med mikilli hrædzu: »Heyr þu, guþ allzvalldandi, sa er aa himnum er ok batt diðfulinn Belzebul ok allt hefir i þinu valldi, hialp þu mer nu vid þessum dreka ok miskunna mer, drottinn minn.« En er sæl Margareta hafði þetta mælt, þa svalg drekinn hana med helgu krossmarki adr. signda, því at hun retti hendr sinar i kross. Ok er hun kom iafngegnt hiarta hans, þa brast drekinn sundr í miðin, þvíat sa ovinr allz mannkyns mætti eigi standaz þat hit helgazta takn krossins. En saela mær Margareta stoð heil upp ok lofadi guþ af ollu hiarta. Þa sa hun til vinstri handar ser eimm svartan diðful, ok voro hendr hans bundnar vid kne ok brann elldr or augum hans ok munni. Þa gekk diðfull at henni ok tok til hennar ok mælti sva: »Mikit undr hefir þu gort aa minnum broþur, þeim er Rufus het ok þik svalg. En fyrir guds nafni drapt þu hann, ok nu veit ek, at þu mætt mik drepa, ef þu vill. Nu bið ek þik, at þu drepir mik eigi.« En er sæl Margareta heyrði þetta, þa tok hun til fiandans ok varp honum til iardar niðr ok setti hinn haegra fót sinn a hals honum ok mælti vid haun: »Þu bannaðr fiandi, svik mik eigi, því at ek em ambatt guds ok lofa ek allzvalldanda gud, ok hans nafn er skrifat i minu hiarta.« En er heilug Margareta hafði þetta mælt, þa kom lios mikit i myrkvastofuna, ok fylgdi því liosi kross drottins vars, ok sat dufa aa þvertre krossins ok mælti sva: »Sæl ert þu, Margareta, því at englar guds biða þin vid paradisar hlid, ok þin sal mun til himinrikis koma.« Þa mælti sæl Margareta vid fiandanu: »Hvert er nafn þitt?« Hann svarar: »Ek biðr þik, Kristz ambátt, at þu hefir upp fot þinn af halsi mer, at ek mætta litla stund hafa frið at mæla vid þik ok segia þer alla mina atferd.« Þa lypti sæl Margareta fæti.

i Her ender B.

stofunnar ok fērdi henni braud ok vatn, ok heyrdi hon bēn hennar. En er hon var i brott farin, þa kom or hyrningu einni myrkva-stofunnar ogurligr dreki. Hann var med ymsum litum, hár hans var alitz sem gull, skegg hans var hart sem þyrnir, en tenn hans semi iarn ok sva storar sem i villigellti; ðgu hans voru sem blod-segar, elldr brann or ð gum hans, höggormr lá um hals honum, odaunan mikit ok illt stod af honum. Ok er hann kom a mitt golf, þa ðorgadiz hann upp ok bladradi tungunni. Lios gerdiz i myrkvastofunni af elldi þeim, er for or munni hans ok nausum. Pa bard Margareta sva rēdd, at hon fell til iardar, ok eigi mintiz hon þa þess, er hon hafdi fyrr bedit at sia ovininn. Pa retti hon hendr sinar til himins ok mēllti: »Heyrdu, gud minn almattigr, veittu mer, at eigi stigi sia enn ogurligi dreki yfir mik.« En þa er hon hafdi þetta mēllt, tok drekinn enum efra kiaptinum yfir hvirfil henni, en tungunni tok hann undir tērnar, ok svalg hana sidan. En þa er hon kom gegnt hiartanu drekans, sprack hann i .ii. hluti. En heilög Margareta reis heil upp. Pa sa hon til vinstri handar ser annan dioful; hann sat, ok voru hendr hans bundnar vid kne honum. Pa mēllti heilög Margareta: »Lofa ek nafn þitt, drottinn minn; nu se ek fagnat andar minnar, ek se drekann daudan liggia en diðfulinn bundinn. Fyrir þvi geri ek þer þækir, heilagr gud, ok þik lofa ek, odaudligr konungr.« Pa reis sa diofull upp, er setit hafdi, ok mēllti vid meyna: »Mikit mega bēnir þinar. Ek senda Rufonem brodur minn til þess, at hann fylgi þik ok glatadi fegrd þinni, en þu vant hannu med kross-marki; en nu villtu mik vega fyrir bēnir þinar.« Pa tok sēl Margareta i hár diofinum ok varp honum a iordina ok ste enum hegра fēti sinum a hals honum, ok mēllti: »Lattu af, illgiarn andi, at freista min, þvrat ek em Kristz ambatt.« Pa kom kross med liosi miklu i myrkvastofuna; dufa sat a krossinum ok mēllti vid Margaretam: »Pin bida helgir englar hia hlidi paradisar.« Pa þækadi en sēla mēr Margareta gudi vitran þessa. Sidan mēllti hon vid fiandann: »Hvert er kyn þitt?« Hann mēllti: »Bid ek þik, guds ambatt, at þu lyptir fēti þinum af halsi mer, sva at ek mega segia þer fra verkum minum.« Hon hof upp fotinn. »Ek heiti Belzebub, ok hefi ek marga rettlata menn tēlda; morgum hefi ek i mot bariz, ok hefir engi fyrr yfir mik stigit, en nu hefir þu utsprengt ðga mitt ok afl mitt brotit. Matta ek svikia fodur þinn ok modur, en nu hefir þu fengit sva mikla miskunn af gudi, at ver erom allir hréddir vid þik. Ek beriumz i moti retlatum monnum nott

med degi, blinda ek ðógu þeira ok hyggiur, lét ek þa gleyma himneskri speki. Ek kem til manna, þa er þeir sofa, ok vek ek þa upp, ok lét ek þa reika til onytra hluta. En ef þeir geta vid séð, þa er þeir vaka, þa lét ek þa misgera, er þeir sofa. En fra 5 þeim segi ek þetta, [er eigi] unna gudi eda orekiliga signa sik, en ek verd yfirstiginn af þeim óllum, er þer ero likir. Eigi veit ek, hvat ek skal til taka, er mér ein hefir yfir mik stigit. Mer þætti ecki til koma, ef karllmadr hefdi þetta gert. Pa mælti heilög Margareta: »Hverr bydr þer at bleckia goda menn, eda hvert er 10 kyn þitt?« Hann svaradi: »Segdu mer kyn þitt!« Hon svaradi: »Eigi ertu þess makligr at heyra þat, gud veitti mer miskunn.« Fiandinn mælti: »Sathanas er konungr vorr; hann var brott rekinn or himinriki, fra honum er komit kyn diðfla. Eigi at eins fórum ver med iordu, helldr ok stundum med vindum i lopti. Nu mun 15 ek (eigi) segia þer lengra, þvíat ek se Krist hia þer. En þo munda ek fleira segia, ef þu letir mik lausan vera eptir andlat þitt, at þa mætti ek beriaz i moti reflatum monnum. Salomon konungr byrgdi oss diðfla nockura i einu keri. En eptir andlat hans giðrum ver sva, at kerit syndiz sem gull eitt væri utan; þa komu 20 heimskir menn or Babilon ok brutu kerit.« Heilög Margareta mælti þa: »Pegi þu, enn illi diðfull, far til helvitis ok giðr engum manni mein!« Pa for hann i brott ylandi.

61. Annan dag baud greifinn, at meyna skyldi leida fyrir domstol hans. Pa komu margir menn at sia, hversu hon væri 25 pind. Pa mælti greifinn vid hana: »Pat hefir þer at góðga god min ok gera, sem ek byd.« Hon svaradi: »Per hefir at góðga Jesum Krist ok vera vin hans.« Greifinn mælti: »Ferit er hana or fótum ok brennit hana med logbröndum.« Peir gerdu, sem hann baud. Pa bad heilög Margareta til guds ok mælti: »Brenn 30 þu af, drottinn, saurflecka af hiarta minu.« Greifinn mælti: »Blotadu godum vorum!« Pa baud greifinn, at þangat skyldi fera ker mikit fullt af vatni, ok binda fetr hennar ok hendr ok kasta henni a kerit. Peir gerdu, sem hann baud. Pa leit heilög mér til himins ok mælti: »Heyrdu þen mina, drottinn, ok leys 35 bónð min, ok mun ek fera þer lofs forn. Komi yfir mik heilög dufa med helgum anda ok blezi vatnit i þinn nafni, ok græddu mik, drottinn, med miskunn þinni, ok skirdu mik i þessu vatni i nafni födur ok sonar ok anda heilags.« Pa gerdiz landskialpti mikill, ok kom dufa af himni ok hafdi gulliga koronu ok setti a

höfut selli Margarete. Þa urdu lausar hendl hennar ok fetr, ok geck hon or kerinu ok lofadi gud. Þa kom rödd af himni ok mælti: «Kom þu, Margareta, i hvilld Kristz, kom þu i riki himna! Sél ertu, Margareta, þviat þu audladiz fegrd meydoms þins.» A þeiri stundu sneruz til truar .iii. þusundir manna, ok hvarki 5 talit konur ne börn.

71. Eptir þetta baud greifinn, at ena helgu mey Margaretam skyldi höggva; var hon sidan leidd ut or borginni. Þa mælti sa madr, er hana skyldi höggva, sa het Maleus: «Eigi mun ek hoggva þik, því at ek se Krist hia þer med englum sinum.» Hon svaradi: 10 «Ef þu ser Krist hia mer, þa bid ek þik, at þu bidir litla stund, medan ek bidiumn fyrir.» Hann svaradi: «Bid þu, sem þu vill.» Þa kalladi sél Margareta til guds ok mælti: «Heyrdu þen mina. Pess bid ek, at þvaiz syndir þess manz, er les pislarsðgu mina; ok hvern sem einn, sa er lysi færir til kirkju minnar, þvaiz af syndir 15 þess a þeiri tid; ok hverir þeir menn, sem staddir verda i nockurum haska eda þrónging, ok heiti a mik ser til fulltings, leystu þa, drottinn minn. Enn bid ek þik, drottinn minn, sa er minning gerir minnar pislarseda hefir i hendi bok, þa sem min pislarsaga er a, þvaiz af syndir hans, þviat ver erom eitt holld ok blod ok 20 misgerdum opt. Enn bid ek, drottinn, sa er ritar pislarsðgu mina eda kaupir þa bok, fylldu þa af helgum anda. Ok i því husi, er bok su er inni, verdi þar eigi fædt daudt barn ne lama. Fyrirgef þu þeim manni syndir, drottini, er bok mina hefir at vardveita, ef hann bidr þik liknar.» Þa gerðiz reidarþruina mikil, ok kom dufa 25 or lopti med krossmarki, ok var mælt vid ena helgu Margaretam, sva at allir heyrdi, þeir sem hia voru: «Sél ertu, Margareta, þviat þu leitadir miskunnar af mer ok mintiz allra i þenum þinum; sver ek fyrir dyrd engla minna, at allt mun þer veitt, þat sem þu villt bidia. Ok ef syndugr madr kemr til þess stadar, sem þinn 30 heilagr domr er vardveittr, med idran synda ok litillæti, þa munu honum fyrirgefaz syndir; ok þar mun eigi fiandi inni vera, sem pislarsaga þin er, helldr mun þar vera ast ok fridr. Sél ertu, Margareta, þviat ek em ned þer, ok mun ek upp luka fyrir þer riki himna.» Þa leit heilög Margareta til þeira manna, er þar 35 voru vid, ok mælti: «Heyrit er, fedr ok mædr, brædr ok sysstr! Særi ek ydr fyrir nafn eilifs konungs allra verallda, minniz þer min, nefnit þer nafn mitt; ok þott ek se syndug, þa mun ek þo bidia drottin minn Jesum Kristum, at hann veiti miskunn eilifa

þeim öllum, er mik dyrka.» Þa reis hon upp ok mællti: «Tak þu nu sverð þitt ok högg mik!» Hann svaradi: «Eigi þori ek at hoggyva þik, þvíat gud mællti vid þik.» Sæl Margareta svaradi: «Eigi muntu vera med mer i paradiso, ef þu gerir eigi þetta.»
 5 Þa hio hann hofut af enni sælu Margarete med mikilli hrædzlu. Hann fell þegar til iardar a hegri hond henni ok bad ser liknar ok mællti: «Fyrirgefdu mer þessa synd, drottinn.» Pangat komu margin menn daufir ok blindir, ok fengu allir bot meina sinna. Guds englar foru med önd sællar Margarete til himneskra fagnada
 10 ok sungu lof gudi.

En ek tok, segir Theophilus, likama heilagrar meyiar Margarete, ok grof ek hana i husum Scindecie husfreyiu. Ek kom til hennar, ok sa ek pislir þer sem hon hafdi, ok ritada ek sogu hennar; gerda ek minning hennar; bid ek ydr, kristnir menn, ok bidit, at hon
 15 minniz ydvar i sinum bænum vid almatkan gud, þann er lifir ok rikir um allar alldir. Amen.

MARIU SAGA EGIPZKU.

I.

(*Cd. Holm. 2 fol., A; Cd. 235 fol., B; Begyndelsen af Sagaen mangler i den sidste.*)

Her hefr upp Mariu soghu egipzku.

Madr gamall var a landi þvi er Palestina heitir, þat er **aa** Serklande, hann var rettlatr ok kunni vel bok, Zosimas het hann, ok hafdi sig miog halldit fra heiminum, hann hafdi munkr verit fra barnæsku sinni ok halldit alla æfi vel munka sid. Sva var hann frægr ordinn i atferd sinni, at margir munkar, þeir sem i nand voru, ok svo þott fírr væri, þa foru at finna hann ok nema at honum, hversu þeir skylldu lifa. Hann var i sifellu ahyggiufullr um ord guds ok sva þat, er mælir Pall postoli, at allir menn skylddo hafa ok lifa vid nockut erfidi, annathvort at þiona gudi edr þiona heiminum. Hann var færdr barnungr til munklifiss ok var þar **15** fímtigi vetrar, svo sem hann sagdi sialfr. En sidan er þeir vetr voru lidnir, þa kom til hans su hugrenning, at hann treystiz gæzku sinni ok hugdi, at eingi madr væri honum iafngodr, ok mællti sva i hugnum: «Ek þarf einskis manz kunnandi, ok ætla ek òngan svo godan munu vera, ath mer megi kenna, hversu ek mega lifa.» **20** En þa er hanu hafdi slika¹ hugsan, sa hann mann einn vänan ok dyrligan standa hia ser, ok mællti sa wit hann: «Zosime, vel hefir þu med þinum hag farit. En eigi skalltu þat hyggia, at þat se fullwel, fleiri eru gótur til guds, en þær sem þu hefir farit enn, ok ef þu vill meir freista þin i meinlætum, þa far þu fra frændum **25** þinum ok vinum, svo sem gerdi Abraham höfutfadir, ok fylg mer til munklifiss þess, er stendr a Jordanar backa, þat er vigt Joni baptista.» Pa for Zosimas þegar þangat med honum.

¹ slikan Cd.

2. En er þeir komu þar, þa mællti forunautr hans: «Her er nu sa stadr, er ek sagda þer fra, far þu nu i munklift ok sia þau tidendi, sem þar eru. Sidan geek hann til klaustrahlibs ok bardi þar a. En sá er gætti hlidsins spurdi, hvern þar væri. Hann svaradi: «Madr einn ukunnigr þer.» Sa for til abota ok sagdi honum. En aboti sialfr for til ok lauk upp dyrum fyrir honum, ok þegar sem aboti sa hann i munkabunadi, skildi hann gæzku med honum, ok fell aboti sialfr til fota honum ok bad fyrir ser, sem sidr þeira er til. En þa er hann reis upp, spurdi hann þann, 10 er kominn var, hvadan hann væri edr fyrir hveria sök hann kom þar til þeira fætaekra svo gamall madr. Zosimas svaradi svo: «Eingi naudsyn er ath segia, hvadan ek em kominn, en því kom ek her, at ek vil bæta mik; ek hefi heyrta, ath her se godir sider ok miskunn mikil medr ydr, svat hvern madr sa, sem her vill vera, 15 þa er hann her nær gudi en i ódrum stodum.» Þa svaradi aboti honum: «Brodir, sagdi hann, gud einn veit hvers mannz gæzsku, kenni hann þer ok oss sva ath lifa, sem wor er þurpt til; hyggi hvern ath sinum hagh, þvíat sa er næst gudi, er bezt giorir. En ef þu vill her vera med oss, þa vertu. Sa gud, er gaf sialfan sig 20 ath leysa oss, hann hefir oss saman safnad.» Sidan fellu badir a kne til iardar ok baduz fyrir, ok sidan gengu þeir inn til annarra braædra.

3. Ok er hann hafdi verit um stund, sa hann, ath þeir voktu hveria nott ok bad(u) til guds, ok aldregi letu þeir munn siun kyrran 25 ath bidia ser miskunnar ok odrum. Alldri heyrdi hann þa onytt mæla, ok ecki hirdu þeir um þat, er veralldligt war, þat eitt villdu þeir sysla at deyda likama sinn fra þessa heims fystum. Mest höfdu þeir ord guds fyrir mat. Atu þeir braud en drucku vatn, til þess at þeir hefdi megn til at þiona gudi. En af þeira verkum 30 slikum þa þroadizt Zosimas ok mikit i kröptum. Þa kom su tid, er þeir voru vanir at fara ut i eydimerkr or munklifinu ok pina sik meir þar en heima, þat var langafasta. Sa var þar sidr, ath klaustrid skyldi alldregi opit vera a .xii. manadum, nema gestir kæmi, en þar komu fair menn, ok fair menn vissu, hvar þessi 35 stadr var, ok því visadli gud sinum erendreka ath leida Zosimam þangat.

4. Drottinsdag hvern at foslu igang þa komu þeir allir saman ok heyrdu messu ok toku corpus domini, ok mautuduz allir saman litt ok gengu sidan til bæna sinna. Sidan kystuz þeir allir, ok 40 sidazt abota, ok badu hann bidia fyrir ser, at þeir mætti þat efla,

sem þeir willdi. Þaa luku þeir upp ollum hurdum ok gengu ut a sinn veg hverr, ok sungu salm þenna: Dominus illuminatio mea. Eptir var einn eda tveir at gæta stadarins ok at geyma tida, en eigi þurfti fiar at gæta, þviat ecki var til. Hverr þeira hafdi nockut til fæzlu, sumir litid braud, en sumir fikiur, eda þat alldin er dactil heitir, eda ertr, en sumir ecki nema klædi þat sem þeir hofdu yfir ser. En a þeim stundum sem þa hungradi, þa atu þeir grös eda rætr. Eingi þeira villdi koma til annars ok eigi vita hvat annar gerdi. En ef nockur þeira sa annan, þa geck hann þegar af þveru fra. Svo lifdu þeir alla fostu framan til palma-
dags; þa komu þeir allir samt ok hugdu at hverr med ser, hvat hann hafdi aflat a þeiri enni helgu tid. Eingi þeira spurdí annan at syslu, þviat þat voru laug þeira, at gud einn skyldi vita med þeim sialfum þat, sem þeir gerdo vel, þviat þeir villdu firraz manna lof. En Zosimas munkr, er þa var þar kominn, for ok
einn saman, hann hafdi ok litinn mat med ser. Hann vakti svo mikit, at hann svaf alldregi, nema þa er fell a hann svefn, ok fell hann þar nidr, sem hann var þa kominn. Nu for hann vida um merkr ok skoga at leita, ef hann mætti finna helga stadi edr einsetomenn.
20

51. Þa er Zosimas munkr hafdi gengit .xx: daga um skoginn, nam hann stadar um middegi ok horfdi i austr, fyrir því at hann gerdi svo a hverri tid dagsins. En medan hann sa upp, þa for fyrir augu honum a hægri hond því likaz sem skuggi manz væri. Þa hræddizt hann ok hugdi, at vera mundi braugd diófuls, þat kollum vær ofreskiu. Þa signdi hann sík þrim sinnum ok bad gud miskunnar. Hann sa i sudr fra ser, sem madr einn gengi nöktr ok kolsvartr at sia, þviat sol hafdi brendan allan likama hans; honum syndizt har a manni þessum hvitt sem ull ok sva stutt, at eigi tok leingra en ofan a hals. En er hann sa þetta,
þa undradizt hann ok vard þo feginn ok skundai gongu sinni eptir manninum. Sa leitadi undan eigi at midr, en munkrinn eptir; ecki gaf hann gaum at því þa, þott hann væri gamall eda meginlaus, þo for hann sem hann matti mest, ok þegar er hann kom i nand, þa kalladi hann a hinn gratandi ok mællti: »Þu guds þraell, fyrir hvi flyr þu mik gamlan mann ok syndugan. Ek bid þik i nafni guds, fyrir þess ast er þu pinir þik i þessum skogi, bid min ok mæl vit mik.« Þa gat hann tekit nær þenna mann i dal nockurum. Þar hafdi hun runnit utan um vatn nockut, ok
30
35

þegar er hann kom i dalinn, þa for sa or annan weg. Munkrinn nam þa stad ok matte eigi meira renna, ok gratandi taladi hann þa enn: »Bid þu min, guds þræll!« Sa svaradi: »Fadir Zosima, hvi sækir þu svo miok eptir mer, eda hvat villtu mer? Eigi ma s ek vid þík mæla fyrir skaum, þviat ek em nokt kona. En ef þu vill vit mik mæla, þa tak þu klædi þitt nockut ok kasta til min, at ek mega hafa a, medan wid hittumzt.« Þa undradizt hann, er hun vissi nafn hans ok hafdi ecki sed hann fyrr. Þo fagnadi hann því ok þottist vita, at henni fylgdi mikil miskunn guds.

10. Þa tok hann eitt klædi af ser fornt, þviat ecki war nyiara til, ok kastadi til hennar, ok sa fra henne, medan hun tok þat ok let yfir sik ok mællti sidan wit munkinn: »Fadir Zosima, hvat er þer undir at sækia fund minn, svo syndug kona sem ek em?« Þa fell hann a kne ok bad hana blezanar. En þegar hann gerdi svo,

15. þa fell hun a kne ok bad hann bleza sik. »Fadir, kvad hun, þat byriar þer at gera, en mer eigi, þviat ek em kona, en þu ert karlmadr ok prestr ok stadtir margan dag fyrir altari ok sungit messor.« Þa þotti honum undarligt eun, er hun vissi þat, ok sa hun hann alldri fyrr, ok eigi var henne sagt fra. Hann mællti

20. vit hana: »Nu se ek, ath þu ert af gudligri miskunn, er þu hefir sagt bædi nafn mitt ok atferd mina.« »Guds miskunn faez eingum manne fyrir ofriki eda metnadi heims þessa, kvad hun, helldr med litillæti ok rettvisi ok ast, þa er madrinn ann gudi.« Þaa let hun at mali hans ok blezadi honum ok mællti þetta: »Blezadr

25. ser þu, gud drottinn wor, er leysir alla menn fra diófli.« En hann svaradi svo: »Satt er þat.« Þa risu þau upp bædi ok stodu, ok sidan mællti hun wit munkinn:

30. 61. »Fadir, kvad hun, hvi villdir þu mik finna synduga kona?« Hann svaradi: »Eigi var þat fyrir minn vilia, helldr villdi gud, ath vit fyndimzt.« »Ef svo er, kvad hun, sem þu segir, ath gud villdi fund ockarn, þa segþu mer, hvat titt er i heiminum um konunga edr byskupa edr lærda menn.« »Systir, kvad hann, gud hefir gefit kristni sinni godan frid. En nu skalltu bidia fyrir ollu folki ok fyrir mer.« Þa hof hun upp hendr yfir hofut ser ok

35. kalladi til guds leingi. Eigi heyrdi Zosimas, hvat hun mællti, en þat sa hann, at hun hrærdi munn sinn, ok þat sa hann, at hun for upp i loptit miok langt fra iðrdunni. Vit þessa syn sa hann nidr til iardarinnar ok matti ecki mæla nema þetta: »Kirieeleison,« ok hann sveittiz miok af hræzu, er hann sa þetta um hennar

hag, þviat hann vissi eigi, nema þetta væri villa, ok la hann nu **aa** iordinni. Stundu sidar for hun ofan aprt ok tok i hond honum ok reisti hann upp ok mællti: »Fadir, kvad hun, eighi skalltu mistrua, kristin em ek ok syndug kona, sem ek sagda þer fyrr.« Ok gerdi hun krossmark i enni ser ok **aa** briosti ok mællti svo: »Gud allzvalldandi leysi oss fra diofli, þeim er i moti oss berstz ok vakir avallt um vora oþurft.« En þa er hann heyrdi mal hennar þetta, ok hann matti skilia, ath hun vissi hug hans ok ord, skilde hann, at gud var med henne, ok fell hann þa til fota henni gratandi ok mællti þetta: »Nu bid ek þik ok byd ek þer af guds hendi, attu leynir mik eigi, hvat um þinn hag er éda hversu leingi þu hefir her verit, at ek mega heyra, hversu dasamlig er guds miskunn ok segia odrum monnum fra slikum iarteinum; þviat visdomr sa allr er folginn er eda fe liggianda, þess nytr eingi madr. Eigi bid ek þik fyrir þvi þessa, ath ek vilia eda þu takा manna lof fyrir, helldr til þess ath adrir godir menn mætte likia eptir þinum godum hlutum ok dæmum. En þat veit ek, at af því kom ek a fund þinn, ath gud willdi, at menn wissi, hvat þu hefir her syst.« Ok er hun heyrdi þessi ord hans, þa lauk hun upp augu sin ok sa til himna ok mællti wit hann. »Oho brodir, kvad hun, mikit er mer fyrir, þviat skaumm þicki mer ath segia fra lifi minu, fyrir því attu matt flyia mik sem enn versta eitrorm, ef þu heyrir atferd mina ok illzku. En ek geck alldregi til skripta, ok verd ek nu ath segia, þott mer se leitt. En þu bid gud, ath hann fyrirgefi mer syndirnar.« Hann hellt þa hondum upp til himna ok bad fyrir henne, en hun tok svo til mals:

7. Ek war uppfædd **aa** Egiptalande, ok war ek .xii. wetr med fodur minum ok modur. Þa girntumzt ek, sagli hun, allz lifs ok likams losta ath fremia. En ek matta því eigi þar fram koma, fyrir því ath fedgin min woru rikir menn, ok þordi eingi mik þar ath finna til onytra luta. Þa hliop ek þadan **aa** brött ok til borgar þeirrar, sem Alexandria heitir, ok lifda ek þar sva ofogru lifi sem kona mæ werst lifa bædi fyrir gudi ok monnum. Þat war þa mitt lif, ath ek war portkona, svo sem su er verst matti wera, .xvij. vetr edr nockuru meir. Aa þessa lund hattada ek mer, ok allt þat sem fegrst war klædakyns, þa keypti ek ok bar ek **aa** mik, til þess at fleiri menn skyldi til min lysta þa en adr, þviat ek var ærit frid synum. Mat ok dryck keypta ek þann sem beztr war, til þess at likami minn skyldi þa meiri glede standaz ok fleira illt lystaz en adr. Wakta ek nær bædi nætr ok **40**

daga, ok geck ek til þess **aa** milli ath drecka vin eda fremia likams losta med hverium manne, er þat willdi giðra. En mer þottu þeir allz offair, ok tok ek ecki fe af mórgum, þviat ek vilda locka þa fleiri ok fleiri til min. Ek gerdumz leikari, ok for **s** ek med söngva, ok til þess eins þetta allt, ath menn lysti til min meir ok meir, ok var ek nott med deghi i illum verkum. Þa kom sumar eitt. En **sæ** var sidr **aa** lande þvi, ath menn foru **aa** skipum fiolment til Jorsalaborgar ath krossmessu. Ek sa þat einn dag, ath mart manna for til skipa, þa fann ek ath mæli einn **io** mann, þann er fara skyldi, ok spurda ek, hwert þeir skyldu fara. En hann svaradi: »Til Jorsalaborgar til ens helga kross.« Ek sögdumz wilia fara med þeim. En hann spurdí, hvat ek hefda til skipleigu. Ek svarada honum sva: »Ecki, nema þer vilit veita mer farit; en ef þer vilit eigi þat, þa byd ek mik sialfa.« Nu **15** bid ek þik þess, godi munkr Zosima, ath ek segia þer nu eigi leingra, fyrir því ath eyru þin munu saurgazt ok lof þitt allt.« Þa komz hann vit ok bad hana stadfastligha, »fyrir guds sakir, systir, kvat hann, seg þu mer leingra, þviat þat giorir margan mann godan, ef slikt heyrir.« En hun tok þa **aa** nyia leik ath segia **20** honum: »Sa madr, kvad hun, er ek sagda þer adan fra ok ek vilda farit hafa med til Jorsala, fann hvat konu ek var, ok for i brött fra mer, ok hlo at mer miok, en ek geck sem skiotaz til strandar, ok **sæ** ek þar fiolda manna, er leku ok bidu forunauta sinna. Ek bad, at þeir skyldu lata mik fara med ser ok þa giðra **25** vit mik slikt, sem þeir villdi. En **1** þeir þago þenna kost ok leiddu mik med ser. Sidan forum vær i haf, ok þa tok ek **2** sid minn enn sama: alldri war svo illt i hafi eda gott, at ek leta eigi sem ek var won fyrr, **aa** hveria lund sem ferligast war. Ek hræddumz eigi a skipi sem adrar konur. Svo var mer tid illzka min, at **30** ek lockada til min alla menn, er a þvi skipi woru, baedi goda ok illa. Ek var svo sem pytr helvití i ath falla ollum þeim, er vit mik attu, ok svo sem fella til musa. Þat undrudumzt ek, hvi vær suckum eigi nidr oll fyrir minar sakir ok illzsku, nema nu se ek, at svo er sem gud hefir mællt, ath hann will eigi dauda synd-ugs manz, helldr ath hann lifi ok bæti sik. En þa er vær komum **35** til Jorsalaborgar, þa vorum vær þar adr nockura daga, en kross-messa kom. A þeim dögum lifda ek svo illa, sem þa er ek hafda ferligaz med mik farit, ok for ek um borgina alla innan ok locka(da) ek til min hvern mann, þann sem ek matta, ok spanda ek svo

sælur þeira til helvitis, sem fiskar vefiaz i neti. En þa er kross-messa kom, sottu menn folment til kirkju fyrir guds sakir, ok hans dyrd villdu allir giðra. En ek skundada gongu minni i flock þeira fyrir illzku minni ok otru, ath sem flestir mætti mik sia. Þa komum vær til kirkudyra, ok gengu allir menn inn, nema ek ein matta eighi inn komazt. Þa þotti mer undarligt, ok geck ek i þraungina¹, ok hugda ek, ath menn skylldu hrinda mer inn med ser, ok stodadi mer þat ecki, þviat allt folk geck inn, en ek matta eigi inn komazt.

82. Ok er ek hafda svo leingi [i þesso feingizt²] at komazt¹⁰ inn i kirkjuna, at ek var [svo mod, ath ek matta eigi leingr. þann veg lata, þa hvarf ek hia kirkjuni i eina hyrningi fyrir utan⁴, ok kom mer þa i hug, hvat vallda mundi, er ek matta eigi i kirkju ganga sem allt kristid folk annat. Þottumzt ek þa skilia, hvat ek hafda syslat, ath af því hratt gud mer ut, at ek var verri hverium¹⁵ manni. Þa tok ek at grata af ollum hugh, ok barda ek æ briost mer, ok þa sa ek þadan, sem ek stod, hvar skript ein var sett ok giðr eptir Mariu modur drottins vors. Þa kallada ek af ollum hug til skriptarinnar gratandi augum ok siuku hiarta, fyrir því at þa et fyrsta fann ek, hvat ek⁵ hafda aflat. Ok mællta ek svo: «Ek²⁰ bid þík, en helga mær Maria, er bart son guds hingat i verold þessa; weit ek, ath ek em eigi werd ath sia til þin fyrir þeiri miklu illzku, sem ek hefi giört, en bid ek þík, guds modir, ath þu hialpir mer, fyrir því ath ek weit, ath gud giordizt fyrir því madr her i heimi, ath hann willdi, at syndugir menn idradizt mis-fella⁶ sinna ok bætti yfir wit hann. Nu hit þridia sinn kalla ek til þin, en dyra drottningh himens ok iardar, attu lofir mer inn ath ganga i⁷ þær dyr, sem ok matta eigi adan inn komazt, til ens helga kross ath luta honum sem adrir menn. En ef þu vill mer þetta leyfa, þa heit ek því, at ek skal [alldregi] þetta drygia slikt³⁰ sem fyrr. Ok þegar sem ek kem til krossins, þa skal ek⁸ af lata heiminum ok ollum hlutum þeim, sem honum fylgia, ok vil ek fara i þann stad, sem ek mega refsa mer sialf okynni min ok illzku þa er ek hræddumzt eigi gud. Enn bid ek þík et fiorda sinn, en helga Maria, fyrir þina dyrd ok hialp, er þu veitir ollu³⁵ folki kristnu, attu gangir i vördzlu fyrir mik vit drottin worn.» Ok sidan freistada ek ok geck til kirkudyrranna med ódrum

¹ þrongdina B. ² Fra Mariu drottningu *Overskr. A.* ³ [vid fengiz B. ⁴ [mod, þa for hon(!) i eina hyrning fyrir utan kirkjuna B. ⁵ [tilf. B. ⁶ misgerda B. ⁷ mgl. B. ⁸ [mgl. B.

monnum, ok geck ek þar¹ inn, ok var mer þa ecki ut hrundit, helldr var mer þaa inn hrundit i kirkiuna. Þa vard ek svo fegin, at ek þottumzt varla vita vitz mins, ath ek skyllda þar inn komin, sem syndir minar hófdu mer adr wt hrundit, ok hræddumz ek þa fast-liga gud. En þegar er ek kom firir krossinn, þa fell ek a kne. Þa kom ilmr svo godr i nasir mer, sem ek kenda alldreghi iafngodan fyrri, ok sa ek þar þa dyrd guds. En sidan er ek geck þadan ok aptr til skriptarinnar, þa fell ek a kne ok mællta ek sva: «Þu en helga Maria, yfirdrottning allra drottninga, hefir mer miskunnat, ok fyrir þina milldi komumz ek i helga kirkiu at sia dyrd guds. Nu vil ek fyrir þat lofa son alzvalldanda guds, er heyrir allra syndugra manna idran. Ok nu bid ek þik, at þu visir mer a þa gautu, er ek mætta sættaz vit skapara minn ok þik, en sæla mær Maria, ok alla guds helga menn.» En þegar sem ek hafda þetta mællt, þa heyrda ek rödd eina svo mæla vid mik: «Far þu yfir Jordan, þa hittir þu goda ro sálo þinni.» Þa mællta ek vit skriptina: «Þu drottning min, afreakztu² mik eigi, helldr gætt þu min avallt, hvargi³ sem ek fer.» Sidan geck ek or kirkugardinum, ok þa kom madr i moti mer ok gaf mer þria penninga silfrs. En ek keypta þar med þria braudleifa, ok spurda ekmanninn, hvar leid la til Jordanar, ok hann visadi mer þangat. Sidan geck ek gratandi or borginni. Þat var at dogurdarmali, en ek kom at solarsetri til Jordanar til munklifis þess, sem þu ert i. En þegar er ek kom, geck ek til aðrennar, ok þo⁴ ek andlit mitt ok fætr. Sidan geck ek i kirkiu ok tok ek corpus domini, ok þar var ek um nottina, ok at ek halfan hleif af braudi þvi, sem ek keypta i Jorsalaborg, ok drack ek þar wit vatn or Jordan.

9. Annan dag eptir þa geck ek a braut ein saman, ok for ek ut yfir æana, ok bad ek ena dyrsta⁵ drottningu Mario, at hun skylldi visa mer aa þaa gótu, sem ek mætta lifna af þeim dauda, sem syndir minar deyddu mik. Þa kom ek i skog mikinn þyckvan ok háfan. Sidan hefi ek flyd⁶ ok firzt menn, sem ek matta mest, ok hefi ek her bedit miskunnar drottins mins. Þa spundi Zosimas: «Hversu leingi hefir þu her verit.» Hun svaradi: «Sidan ek for Jorsalaborg, þa hefi ek her verit fiorutigi⁷ wetra ok .vii. vetr.» Hann spundi: «Hvat hefir þu haft þer til matar sidan.» «Ek hafda, kvad hun, eigi meira hingat en two⁸ hleifa brauds ok þann halfan, er ek leifda⁹ i munklifinu. En þat braud hardnadi svá

¹ þegar B. ² fyrirlittu B. ³ hvor B. ⁴ þvo B. ⁵ dyrstu B.

⁶ flyit B. ⁷ xl. B. ⁸ tva B. ⁹ saal. B; leyfda A.

fyrir mer sem steinn, ok lifda ek vit þat nockura wetr.» Zosimas mællti: «Var þer mikit fyrir því ath lifa odruvissi¹, en þu vart adr von.» Þa svaradi hun: «Ef ek minnumzt aa pisl þaa alla, sem ek hefi þolat, ok lif þat et illa, sem ek lifda adr, þa uggi ek, at ek fysumzt aptr til weralldarinnar, ok skula ek þa enn aa nyia leik beriazt her i heiminum.» Hann svaradi: «Systir, kvad hann, leyn mik eighi, hvern hagr þinn hefir verit.» Þa tekr hun enn svo til mæls [a nyia leik².

103. Sautian⁴ vetr var ek svo i þessum skogi, ath mik lysti margs ok mer kom i hug bædi matr ok klædi ok dryckr ok oll su skemtan, er ek hafda [síðan ek kunna at monnum at hyggia⁵. En þegar er ek let mer i hug koma, hvers ek hafda bedit ena helgu Mariu, ok hversu hon hafdi miskunnad mer, þa gret ek ok idrodumzt, ok bad ek hana fastliga, ath hun skyldi eigi gleyma mer, helldr skyldi hun gæta min ok snua fra mer þeim illa huga¹⁵ ok minning illra verka minna. En medan ek bad þeirar bænar, þa kom lios mikit yfir mik; ok þa er stund ein var lidin, þa var mer allra mest heimrinn i hugh, ok svidda ek oll, sem elldr leki⁶ a mer. En er ek sa, hversu mitt mal horfdi wodvaenliga, þa fell ek til iardarinnar, ok kallada ek aa ena sælu Mariu, ok la ek þa a bænum allan þann dagh ok nott, medan liosit var hia mer, fyrir⁷ því at þar fylgdi guds miskunn ok Marie modur drottins mins ok reisti mik upp af þeim illa huga. I þeiri freistni var ek alla xvii. vetr. En síðan þeir voru lidnir, þa var en helga Maria næst mer ath ollum hialpum, bædi er ek svaf ok vakta. Þa spurdi²⁵ Zosimas: «Hvort þurftir þu síðan mat eda klædi?» Hon svaradi: «Pann halfan þridia braudleif, er ek hafda fra Jordan, þess neytta ek xvii. vetr, en síðan hefi ek lifat vit graus ok rætr her til. En klædi, þau sem ek hafda hingat, ero farin ok fuin, ok síðan kostadi mik miok frost ok kulti a vetrum, en hiti aa sumrum. En eptir³⁰ þann tima þa kom guds miskunn til min ok [hefir tekit bædi lif mitt ok salu⁸ fra ollum haska; ok nu hvert sinn er ek minnumzt aa lif mitt et illa, þat sem ek hafda i heiminum, þa gledumzt ek ok [fagna. Vilnumzt ek nu ok⁹ treystumzt af gæzku drottins wors. Fædzla min ok klædi þat eru ord guds, svo sem hann mællti sialfr, ath madr maa eigi lifa wit braud eitt, helldr vid þau ord¹⁰ sem koma or munni guds, ok svo mæla bækr, at sa madr, sem

¹ ðodruviss **B.** ² [mgl. **B.**] ³ Fra Marie egipzco *Overskr. A.* ⁴ Siötian **B.**

⁵ [fyrr **B.**] ⁶ legi **B.** ⁷ mgl. **B.** ⁸ [gætti bædi lifs mins ok salar **B.**] ⁹ [mgl. **B.**] ¹⁰ saal. **B;** ok **A.**

ferr or klædum illzkunnar, þa ferr hann i Stein ok hefir þat fyrir klædi, þat er sialfum Kristi ath samteinghiazt.

11. Ða er Zosimas heyrdi [þau hennar mal¹, ath hon tok dæmi or enum diupsettutzum² bokum, spurdí hann hana: »Kantu salma edr hefir þu lesit bækri?« Hon svaradi: »[Trui þu³ mer, godr madr, at sidan ek for fra Jordan, hefir ek eigi mann sed fyrr en þik ok ecki kykvendi; a bok nam ek alldregi, ok eigi heyrda ek fra bokmali sagt. En gud heilagr lifandi⁴ æ ok æ kennir hverium manne wisdom. Nu hefi ek, kvad hun, sagt
 10 þer allt [þat sem yfir mik hefir geingit⁵, ok því bid ek þik, ath þu halldir baenum fyrir mer vid gud, medan þu lifir.« Þa fell hann a kne gratandi ok mællti: »Blezadr ser þu gud, er giorir iarteinir miklar ok dasamligar ok svo margar, ath eingin⁶ fær talit⁷.« Sidan tok hun i hönd honum ok reisti hann upp ok
 15 mællti: »Brodir, kvad hun, þess vil ek bidia, attu segir engum manne fra mer, medan ek lifi, enda fardu nu i guds fridi. Annat vor i þenna tima skulum vit finnaz, ok þess bid ek þik, attu farir eigi fra stad ydrum þa, sva sem sidr ydvar ok lög ero til.« En er hann heyrdi þetta, at hun vissi allt um rad⁸ þeira, undradi
 20 hann þat, ok [hafdi henne þo einginn fræ sagt, þa⁹ lofadi hann gud bædi med munni ok hiarta. Þa mællti hun enn vit hann: »Vertu¹⁰ heima i munklifi, þa er fasta kemr, þviat gud vill eigi, ath þu farir [ut med braedrum, sem venia er til⁹, fyrr en a skirdeggi, þa fardu til Jordanar, ok haf med þer holld ok blod drottins
 25 wors, ok bid min þeim megin arinnar, sem þu kemr at henne. Ek vil þa taka corpus domini, þviat ek [hafda þat eigi, sidan ek tok þar¹¹ i munklifinu. En því einka ek skirdag til þess, at drottinn vor gaf a þeim degi postolum sinum holld sitt ok blod. En er þu kemr heim, þa mæl þu vit abota ydvarn Johannem,
 30 ath hann gæti vel munka sinna allra ok refsi þeim misfarir¹² sinar, þviat þeir þurfa þess. Bid þu fyrir mer,« kvad hun. Ok sidan hvarf hun fra honum i skoginn, þar sem hann var þyckvaztr. Hann fell þa til baenar ok kysti þar a iordina, sem fætr hennar hofdu statit, ok lofadi gud. Sidan reis hann upp ok for heim [ok
 35 var heima þau misseri, ok geck hun honum alldri or hug nott ne dag⁹.

1 [þat B. 2 diupuztum B. 3 [Tru B. 4 tilf. B. 5 [um minn hag B. 6 engi B. 7 talt B. 8 sid B. 9 [mgl. B.
 10 Verdu B. 11 [hefi þat eigi haft, sidan ek var B. 12 misgerdir B.

121. Þa kom sa timi annat wor, sem braeðr voru vanir ath fara [ut i skoga, ok enn fyrsta drottins(dag) i langafosto gengu þeir ut af klaustrinu syngiandi eptir vana sinum². En Zosimas var siukr ok matti eigi fara med þeim. Þa mintizt hann a, hvad su kona hafdi mællt, er hann fann a skoginum, at hann mundi eigi mega fara med þeim, þott hann villdi. En litlu sidar batnadi honum sottarinnar. En þa er skirdagr kom, tok hann kalek einn litinn ok let þar i corpus domini, hann tok ok alldin þat sem daetil heitir, þat vex **aa** palmtriam, ok fikiur ok ertr steyptar, for sidan til arennar ut, settiz þar nidr [ok beid þar konu þeiar er **10** hann hafdi fundit i skoginum³. En er hun kom eigi, þa [sa hann opt i skoginn ok vænti hennar, ok **4** þotti honum langt ok hugsadi med ser, ath annattveggia mundi vera, at hun hefdi komit þar ok horfit aprír sidan, eda syndir hans mundi vallda, er hon kom eigi. Svo þotti honum þetta illa, ath hann komzt vit **15** ok leit upp til himens ok mællti: »Drottinn minn, leyfdu mer nu at sia þessa konu, er ek fysumz.« Ok tok nu til at kvida, at hun mundi eigi komaz yfir **aana**, þvíat hvorki var [bru a **aanni**⁵ ne skip. Ok nu medan hann [kunni þesso svo illa⁶, þa kom su hin helga kona annan veg at anni. En þa [er hann sa hana komna, **20** rann hann þegar ok vard⁷ svo feginn, sem madr matti fegnaztr verda, ok lofadi gud af ollum hug ok hugsadi, hversu hon mundi yfir ana komazt. En hun geck til arinnar ok gerdi krossmark fyrir ser ok geck yfir [watnit til hans⁸ sem a þurru landi. Ok þa er hann sa [ena undarligu gongu hennar⁹, fell hann **aa** kne i moti **25** henni. En hun kalladi a hann ok mællti: »Zosima, hættu, brodir, kvad hun, ok gior eigi svo, þu ert prestr ok hefir likama drottins wors med þer.«

13. Þa kom hun til hans ok mællti þetta: »Bleza mik fadir!« Hann hræddiz ok svaradi svo: »Blezadr **10** ser þu gud, nu hefi ek **30** fundit þat, sem ek for at leita, [betra mann mer¹¹.« Hun mællti þa: »Zosima, syng þu pater noster ok credo in deum, fyrr en þu gefir mer corpus domini.« Þa gaf hun honum fridarkoss ok tok sidan corpus domini ok hellt hóndum til himna ok mællti: »Drottinn minn, kvad hun, nu skalltu ambatt þina lata fara i fridi, þvi- **35** at ek hefi sed nu grædara minn. En nu far þu, Zosima brodir, heill ok vel, ok hygg at þvi, sem ek hefi sagt þer, kom þu annat

¹ Fra Zosima munk *Overskr. A.* ² [i eydimörk **B.** ³ [Mariu(!)

B. ⁴ [*mgl.* **B.** ⁵ [þar bru yfir **B.** ⁶ [hugsadi þetta **B.** ⁷ [*vard* hann **B.** ⁸ *[aana* **B.** ⁹ [þat **B.** ¹⁰ Dyrkadri **B.** ¹¹ [*mgl.* **B.** **40**

wor at iafnleingd i þann stad, sem wit hittumzt fyrra sinn. [Ek særi þik i guds nafni, attu kom þa ok finn mik a (þa) lund sem gud will¹. En hann bad, at hun skyldi eta nockut af alldine þvi, er hann hafdi fært henne. Hun tok þriu korn af ertrum ok **aat** ok **mællti** sidan: »Ærinn mat höfum vær i guds miskunn, ef vær megum gjora vilia hans.« Þa bad hun **Zosimas**² þess sem fyrr: »Minztu min, fadir, i bænum þinum.« Hann svaradi: »Þat skal ek gera, sem þu bydr mer. En þu skallt þat gera, sem margir þurfa, ath bidia fyrir ollum [lærdum monnum ok konungum ok **ollu** kristno folki ok fyrir mer syndugum³.« Eptir þessi ord þeira blezadi hon **aana** Jordan med krossmarki ok geck sidan yfir **aana** þurrum fotum. En **Zosimas** for heim ok þotti [svo illa, at hann vissi eigi, hvat hann skyldi til taka, er⁴ hann hafdi eigi spurt hana at nafne.

14. Ok er hann hafdi heima verit xii. manadi, þa for hann ut i skog eptir sid þeira ok for a þann veg, sem þau hofdu fundiz it fyrsta sinn; ok er hann kom i skoginn, þa hugdi hann ath, ef hann mætti [nockut til hennar⁵ finna. En þa er hann sa ecki til hennar, þotti honum illt, ok mællti ok gret: »Drottinn minn allzvalldandi, syn þu mer leynda dyrd þinnar miskunnar, er þu hefir folgit i þessum skogi; ek bid þik nu ennar somu bænar, drottinn minn, attu synir mer nu þinn eingil likamligan, þann sem heimrinn er eigi verdr ath sia ne med ath fara.« En medan hann var **aa** bæn, þa kom hann i dal þann, sem þau höfdu fundizt i fystu, ok sa hann hana þar liggia andada, ok voru lagdar hendr hennar ok fætr ok sva höfut, eptir þvi sem sidr er til at gera vit andada menn, hun horfdi i austr. Hann skundai gongu sinni til likama hennar ok fell **aa** kne ok kysti a fætr hennar, ok þordi eigi ath ganga nær [en sva¹. Þa tok hann ok söng liksaung ok salutidir fyrir henne ok hugsadi, at hann villdi giarna fela likam hennar, ef hann þyrdi; en hann ugdi, at henni mundi mislika, ef hann gerdi þat. En medan hann hugsadi þetta, þa sa hann bokstafi ath hofdi henni gerva, ok mællto sva, at **saa** enn godi munkr **Zosimas** skyldi taka Mario ok grafa i þeim stad ok bidia fyrir henne, en hun andadiz a þeim manadi er Aprilis heitir. Þa fagnadi hann fastliga, er hann vissi nafn hennar, ok vid þat vard hann ok varr, ath **aa** þeim sama degi hafdi hun andaz, sem hann gaf henne corpus domini, ok **aa** þeiri somu stundu, sem þau hofdu skilit, ok

¹ [*mgl. B.*² *Zosimam B.*³ [*mgl. B.*⁴ [*mikit at B.*

þo i dal þeim enum sama, sem hann hitti hana bædi kvika ok andada. Þat hafdi hann gengit xx. daga, sem hun hafdi þa farit **aa** einni stundu dagsins, ok skildiz þa vit verolloldina ok for til guds. Hann var nu æhyggifullr um þat, hversu hann [mundi þat fa giort, sem bokstafirnir budu honum **1**, þviat hann hafdi ecki graftol. En þa er hann kviddi þesso, þa **sæ** hann tre eitt litit liggia hia ser. Hann tok þat ok grof med ok matti þo ecki at gera bædi sakir hardleik(s) iardarinnar ok svo þess er hann mæddiz, ok settitz nidr, [þviat hann hafdi eigi afl til fyrir elli ok föstu **2**. Þa sa hann leon [einn mikinn kominn til sin **3**, ok geck þar til sem likit laa ok **10** nysti ath sporum þeirar ennar helgu konu ok kysti hvervetna **aa** iordina, þar sem fætr hennar hofdu stadt. En Zosimas tok at hrædaz, er hann sa dyrit, ok mintiz **aa** þat, er hun **4** hafdi sagt honum, at hun sa alldregi dyr ne kykvendi, sidan hun kom i þann skog, þar til sem þau funduzt. Tok hann nu ok signdi sik **15** med marki ens helga kross ok trudi þvi, at þetta dyr mundi honum ecki mein gera sakir þeirar godu konu, sem þar var þa ondut. En dyrit bendi honum, at þat vildi hafa frid vit hann. Þa mællti hann vid dyrid: «Pessi en helga kona baud mer at grafa sig i iörd, en ek ma þvi nu eigi orka fyrir elli minni, enda **20** hefi ek ecki þat til sem ek þyrfta **5**. Nu byd ek þer i guds nafni, attu farir til med mer ok giorir henne grof med afli þvi, sem gud hefir þer led.» Hun var i þvi klædi, sem hann gaf henne ath fyrsta fundi þeira. Leoninn **6** dvaldi ecki ok grof henne grðf [bædi mundangs breida ok diupa ok svo a leingd **7**. Sidan for **25** Zosimas enn helgi munkr ok lagdi hana nidr i þessa grðf. Eptir þat lauk hann liksöng, en dyrit fylldi graufina af molldu. Sidan geck dyrit aptr til skogar ok sva hogliga sem saudr. En Zosimas for heim ok lofadi gud. Ok er hann kom heim, þa leyndi hann eigi adra munka brædr sina, hvat hann hafdi sed eda fundit [i dyrd **30** guds **7**. Ok er þeir heyrdu þetta, þa lofodu þeir gud ok voru fegnir af iarteinum þeim, er gud gerdi fyrir syndagum monnum, ok gerdu med miklum fagnadi minning artidar hennar. En Jon, er þa var aboti, fann þat, sem hun hafdi sagt Zosime, ath munkar hans voru margir, þeir er vanrefsadir voro, ok sonnoduz ord hennar i þvi. **35** En Zosimas lifdi góðugligu lifi ok vard .c. vetra gamall lofandi ok dyrkandi gud, þann er giorir miskunn sina vid menn þa alla, er

1 [skyldi hana grafa B. **2** [mgl. B. **3** [eitt mikit B. **4** Maria B.
5 þarf B. **6** Leonit B. **7** [mgl. B.

hans vilia drygia, honum se lof ok dyrd ok vegr einum gudi i þrenningu um allar alldir. Amen.

II.

(Cd. 657^c qv; Fragm. 655^{ss} qv.)

5 A Serklandi, i þeim stað er heitir Palestina, var maðr einn gamall, sa er Zozimas hett, hann var rettlatr maðr ok kunni vel boke sina ok hafði verit munker alla stund fra barnnæsku sinni; hann hafði bundizs mest ¹ vid heiminn allra þeira manna, er þa voru i veroldu. Munka lif ² hafði hann halldit bezst allra manna ¹⁰ i hæsku ³ sinni. Hann (var) sva goð(r) maðr i attferð sinni ok tru, at allir þeir munkar er i nand honum voru, ok sva þo at fírr væri, þa foru at finna hann ok namu ⁴ at honum, hverssu þeir skylluðu sit lif bezst lifa. Hann var æ ahygiufullr um guðs orð. Hann gerdi iamnan nockut til viðrvistar ser; ok sva mælir Pall ¹⁵ postoli, at allir menn skylluðu lifa vid eithverrt erbiði, annaðtvegia at þíona guði eða vinna i heiminum ⁵. Hann var barnungr ⁶ færð til muklifis ok var þar fímtigi vettra, sva sem hann sagði sialfr. Enn síðan er þeir vetr voru liðnir, þa treystizs hann gæzsku ⁷ sinni ok hugði, at eingi maðr væri iamgodr sem hann [var, ok ²⁰ hugli i hug ser: «Ek þarf eingis mannz þurfandi at vera», ok eingi ættladi hann sva godan klerke vera, at honum kynni ⁸ kenna, ok eingi klerkr sva goðr, at «ek þurfa at spyria þa visdoms» eða hverssu hann s(k)yldi sitt (lif) lifa. Enn meðan hann hugði sliktt, þa sa hann mann einn standa hia ser vegliga(n) ok dyrlian, ok mællti: ²⁵ «Zozimas, kvað sa maðr, vel hefir þu þinum hag hagat ok attferð skipað; enn ei skalltu þat hygia, at þat se fulltt vel, meðan þu lífir, fleiri eru gáttur til guðs helldr enu þær, er þu hefir nu farit. Ef þu vill meir fremja þin meinlæti, þa farðu fra frændum þinum, feðr ok modur ok vinum þinum öllum, sva sem Habraham for ³⁰ patriarki, ok fylg mer til muklifis þess, er stenðr **a** Jordanar

¹ saal. Fr.; miog Cd. ² log Fr. ³ esco Fr. ⁴ nema Fr.

⁵ goþ verk tilf. Fr. ⁶ barn ungt Fr. ⁷ gefu Fr. ⁸ [þottizs vera i hug sinom, oc enge etlaþe hann sva goðan munc vera at honom kunni Fr.; her ender første Blad af Fragm.

bakea, þat er viktt Joni baptista. Þa for hann þegar i stað með honum þangat.

2. Enn þa er þeir komu þagat, þa mællti sa enn ungi maðr við Z.: «Her er nu sa staðr, er ek sagða þer fra, far nu i muklifið, ok se þær tiðinnði er þar eru.» Þa gekk hann til klaustragarzsins þeira ok bardi **aa**. Enn sa er gæti hliðsins, þa spurdí hann, hverr þar væri. Þa svaradi Z.: «Munkr einn, sagði hann, ukuðr þer.» Þa gekk hann til abota ok sagði honum. Enn aboti sialfr gekk til ok lett upp hurð fyrir Zozimas. Enn þegar¹ er hann sagði: munkr er her kominn nyliga, þa þotizs hann sia gæzsku **10** hans mikla harðla; þa fell hann abotinn² þegar til fota honum ok bað fyrir ser, sem siðr þeira var til. Enn þa er hann reis upp, þa spurdí hann hinn, er kominn var, hvadan hann væri, eða hvi hann væri þar kominn, sva gamall maðr sem hann var, til þeira vesælddar, er þar voru fyrir. Enn Z. svarar honum: «Eingi nauð- **15** syn er **aa**, at ek segia þat, hvaðan ek em at kominn, því em ek her kominn, at ek vil bæta mig. Ek hefi heyrtt, at her se goðr sidr ok miskunn mikil med ydr, at hverr madr, sa er her vill vera, þa er hann nær guði helldr enn i oðrum stodum.» Þa svarar aboti honum: «Brodir, sagdi hann, guð einn veitt hverss mannz **20** gæzsku, kenði hann þer ok oss sva at lifa, sem vor þurft er mest. Einnginn maðr ma annan bæta, hygi hverr at sinum hag ok gere gott, sa er guði næstr, er bezst gerer. Enn ef þu vill her vera med oss, þa verttu. Sa guð, er gaf sialfan sig at leysa oss, hann hefir samnað öllum oss saman.» Þa fellu þeir badir til iardar **25** **aa** kne ok badu fyrir ser. Enn síðan gengu þeir inn til bræðra.

3. Enn þa er hann hafði þar verit um hrid, þa sa hann, at þeir voctu hveria nott ok unu þeir aðvalltt nokut til guðs, ok þeir letu alldri mun sinn kyran vera at biðja ser goðs ok oðrum, ok alldri heyrdi hann þa onytt mæla, ok rækta ek(cí) vætta um **30** veralldar vist, hvarki um ar ne um oaran. Ok eingi þeira vissi anna(r)s nafn, þat eitt villdu þeir sysla at deygia fra heimsins vist. Enn þeir hofðu guðs orð ser mest fyrir matt, enn þeir atu brauð enn drukku vatnn, til þess at þeir hefði megin til at þiona guði. Enn i þeira verkum slikum bættizst Zozimas storliga. Þa **35** kom su tið, er þeir voru vanir at fara ut i eyðimorke or munklifi sinu at pina sig meir enn heima, þa var langafasta. Enn sa var sidr þeira, at klastr þeira væri alldri opin a [tolfb madnuðum **3**, nema

¹ þegar Cd.

² aa. A. Cd.

³ [tolfb madnuðum Cd.

gestir kæmi. Enn þar kvomu fair menn ok fair vissu, hvar sa stadr var, því visadi guð sinum eyrendreka at leiða Z. þagat.

4. Sa var siðr þeira, at sunnudag at fostu inngangi þa kvomu þeir allir saman ok heyrdu messu ok tokeu huls(!), ok mottuduzstt 5 allir saman litið ok gengu síþan til bænar sinnar. Enn síþan er þeir hofðu lokit bæn sinni, þa fell hverr **aa** kne fyrir annan ok kystuzst allir, enn síþan allir þeir abota, ok baðu hann, at hann skylldi biðia fyrir þeim, at þeir mæti því efla, er þeir villdu. Þa luku þeir upp hurdum ǫllum ok ganga ut, hverr þeira sins vegar, 10 ok saung hverr þenna salm Dominus illuminacio mea. Enn eptir var einn eða tveir at gæta staðarins oc veita tidir, enn eingi¹ var at gæta fiar, þviat ekki var til. Enn hverr þeira hafði ser rockut til mattar, sumir hofðu brauð litit, sumir fíkur, sumir þat alldin er daktíl heitir, sumir erttr steyptar, sumir ecki nema likam sinn 15 einn ok klæði þat, er hann hafði yfir ser. Enn þeim stundum er þa hungradi mest, þa aðtu þeir gros ok rætr. Enngi þeira villdi koma til annas ok eingi vita til annas, hvat annar gjordi, enn ef annar þeira sa annan, þa geck Hann af þveru fra. Sva lifdu þeir alla fostuna til palmadags, þa komu þeir allir samann. Ok hug(d)i 20 hverr at við sig, hvatt hann hefði syst **aa** þeiri einni(!) helgu tið, eingi spurdí annan at sinni syslu², þviat þat voru laug þeira, at guð einn skyldi þat vita³ med þeim sialfum, þviat þat spillir fyrir hverium. Enn Zozimas munkr for ok sem þeir einn sama(n), hann hafði litinn matt med ser, Hann vakti sva miog, at hann svaf 25 alldri, nema daudasvefn felli **aa** hann. Hann for viða um skogin at leita, ef hann mæti finna nockura helga staði eða erimitavist.

5. Enn er hann hafði gengit tuttugu daga um skogin, þa var þat einn ðag at midium degi. Þa nam Hann stadar ok sa i austr, því at Hann gerdi sva iamnan, a h(v)erri tið ðagsins dvaldi Hann 30 gongu sini oc var þa **aa** bænum ok sa upp til himna. Enn medan Hann sa upp, þa for fyrir augu honum ok syndizs honum **aa** hægri honð ser því likazst, sem skuggi mannz væri. Þa hrædizst Hann ok hugði, at þat væri braugð diofulsins, þat kollu vær ofreski. Þa tok Hann upp hendi sinni ok gerdi krossmarke fyrir ser þrim 35 sinnum ok bað guð miskunnar. Hann sa i sudret fra ser, sem madr einn gengi naukvidr allr ok kolsvartr asionum, því at sol hafði brenðan þann enn væsla likam. Honum syndizst har **aa** hofði þeim manni hvitt sem ull ok stutt, sva at eigi tock leingra enn **aa** halsinn. Enn er Hann sa þetta, þa þotti honum kynligt, ok varð

40 1 eingis Cd. 2 sysla Cd. 3 viti Cd.

litla gera grein manna ok dema meir at aliti eda klædabunadi en at saunri tru. En byskupar vissu, at Martein mundi þetta eigi lika, ok vard þeim at því mestr oroi¹, at Martinus mundi sik skilia fra tidagerd þeira, þa er hann kemi, ok þottuz þeir ecki traust hafa, ef hann væri berliga i mot þeim. Þa redu þeir þat konunginum, at hann sendi menn sina i mot Martein at banna honum inngonguna i borgina, nema hann heti því at hafa frid vid alla byskupana, þa sem þar voru. Pessa sendimenn gat Martinus sva slægda i malum, at hann sagdizt koma med Kristzt fridi. En er hann kom i borgina, þa gekk hann um nætr at eins til kirkju til bæna, at hann yrdi eigi i samlagi med Ithakio byskupi ok audrum byskupum, þeim er hans lids voru. En eftir þria daga gerdizt hann at fara til konungs fundar. Su var en fysta bæn hans vid konunginn at bidia reidi af iorllum tveimr Nersetse ok Leochoadio. En þeir hofdu badir einna mest² stadt i mot konunginum, ok fylgdu þeim konungi, er Maximus hafdi fra landi felldan. Þat var ok annat mest kostgæfi Martini at stodva herfor þa, er stofnud var til Yspanialandz, þviat sva milldr var hugr hans, at hann villdi eigi at eins leysa goda menn fra bana, þa er i þeim ofridi mundu falla, helldr villdi hann ok biarga villumonnum vid dauda. En konungr dvaldi um dag ok annan at veita Martein þat, er hann bad, þviat hann matti eigi bratt sefaz, ok þat annat, at hann villdi komazt at fæ þeira, þviat hann var fegiarn ok þurpti miok fíær at kaupa ser lid, þviat honum bar opt orrostur til handa. Þa runnu byskupar til konungs fundar ok tolduzt fyrirdæmdir, er Marteinn villdi eigi vera i tidagerd med þeim, ok letuz þeir eigi standaz, ef hann efldi þess byskups atkvedi, (er) einn hafdi þa fyrirdæmda, ok segia þeir þat eina til liggia at reka Martein braut ur borginni, ef hann villdi tæla villumenn, eda enn helldr hefna þeira, ok segia³ ecki afrek i at hafa drepit Priscillianum, ef Marteinn skyldi hefna hans. Sidan fellu þeir til fota konunginum ok badu med grati, at hann neytti konungligs rikis i gegn Martein. Peir hofdu ok i radi at telia Martein med villumonnum. En þott Maximus vildi miok⁴ teia byskupum sinum, þa vissi hann tru Marteins ok heilagleik meira en allra annarra byskupa, ok leitadi hann annars ræds vid hann, en byskuparnir kendu, ok heimti hann æ mal ok kvaddi hann blidliga, ok segir villumenn fyrirdemda helldr af radi rikismanna en byskupanna, ok kvad aungva sok til þess vera, at rekia þyrfti Ithac(i)um byskup ne lags-

¹ orni Cd. ² nest Cd. ³ segir Cd. ⁴ meiok Cd.

menn hans, ok let hann Teognistum meirr gert hafa af ovina sundrþycki vid þa en sannri sok, ok kvad hann verda einn **aa** mali sinu, en segir adra kennimenn hafa fund att fyrir faam dogum ok **ordit** samdoma **aa** þat, at Ithacius var osannr at þessi synd. En **5** er Marteinn skipadizt ecki vid þessi ord, þa reiddizt konungrinn ok gek fra¹ mali þeira, ok sendi þegar menn at drepa þa, er Martinus villdi lif þiggia. En er Martinus vard varr² vid þat, þa gek hann þegar um nottina til mals vid konunginn ok het at vera i tidagerd med byskupum, ef þeir gengi undan, sem til draps voru **10** dæmdir, ok hyrfi þeir apr, er sendir voru at heria til Yspanialandz. Þa dvaldi Maximus eigi at veita þat, er Martinus bad. Prim dogum sidarr skyldi vigia byskup þann er Felix het; sa var heilagr madr ok vel þess verdr, at hann veri vigdr **aa** vildri stundu. Þann dag valdi Martinus til þess at vera i tidagerd med **15** Itachio, ok atladi hann betra at lifa eftir þeim um eina stund ok biarga þeim, er bani la vid. Þa badu byskupar, at hann ritadi nafn sitt med nofnum þeira, ok gatu þeir þat eigi af honum. En annan dag for hann **aa** brutt ur borginni. Ok er hann atti skamt til bæiar þess er Andetenna het, þa settið hann nidr einn saman **20** i skogarnefi, ok idradizt, er hann hafdi gengit i tidagerd med byskupum. En er forunautar hans voru gengnir littad³ fyrir **aa** leid, þa kom eingill guds til hans⁴ ok mællti: «Sok er til þess, er þu kemzt vid, en eigi mattir þu annan veg or⁵ leysa; endrbett þu ok krapt þinn ok tak upp stadfesti, at eigi fair⁶ þu skada dyrdar ok heilsu.» Fra þeiri til varadizt Marteinn miok vid at **25** koma i samlag Itachij ok sveitunga hans. Sextan vetr lifdi hann sidan, ok kom til einskis kennimanna fundar. En (ef) nockurt sinn greddi (hann) seinna siuka menn, en hann var vanr, þa lezt hann þess at giallda, at hann hafdi verit at tida(gerd) med Ithacho, þott hann **30** veri helldr af naudsyn en af vilia sinum sialfs. En þo tok hann med fullu sidan apr sitt verkaup (ok) alla dyrd sina, þviat odr madr var leiddr síðan til hus hans, ok vard hann fyrr heill, en hann kemi inn um þrauskaulld.

35 50. Kaupmenn foru **aa** skipi um dag i þvi hafi, er Tirrenum heitir, ok gerdi hrid at þeim, sva at þeim var vid bana hett. En þar var **aa** skipi einn madr ættadr af Egiptalandi, ok var sa enn heidinn, sa kalladi ok mællti: «Gud Martini, biarg mer!» Þa stodvadiz þegar hridin, ok komu þeir þar **aa** land, sem þeir vildu.

1 at Cd. **2** vart Cd. **3** itida Cd. **4** drottins tilf. Cd. **5** ok Cd.

40 **6** farir Cd.

51. Likonius het einn gauf(u)gr madr ok vel truadr, en flest aull hiu hans hofdu tekit sott mikla. Þa sendi hann rit Martein ok bad ser fulltings. En Marteinn taldi þenna hlut torvelldan at gæta af gudi, þvíat hann vissi, at guds bardagi (var) yfir hium hans, en þó let hann eigi af (at) fasta ok bidia viku alla i samt, þar til er hann gat af gudi þat, sem hann bad. En er Likonius reyndi guds milldi yfir lidi sinu, þa for hann til Marteins ok gerdi gudi þakkir ok sagdi hiu sin aull leyst¹ fra bana. Þa færdi (hann) Martein .c. marka silfrs, en Marteinn rætti eigi giof þa, ok þa eigi, því at hann hafdi fyrr tekit fe þat til þess at leysa herfeingna 10 menn ur höftum, en þat kemi heim til munklifs. En er munkar eggiudu hann at hafa nockud² af fenu til fezlu þeim eda til kleda, þvíat þeir attu fed hvar(s)tveggja, þa svarar hann: «Kirkian skal oss fæda ok klæda, en ver skulum vid ecki aagirni hafa.» Einn af brædrum, sa er eigi þarf at nefna, at eigi mælim vær þann kinnroda helgum 15 manni, þa er hann kom um dag til gloda i husi Martini, þa sat hann æ knacki breitt vid elld ok hellt upp klædum sinum ok bakadiz. Marteinn vissi, þott hann sei eigi, at hinn gerdi helgum elldi oskil, ok kalladi ok mællti: «Hverr gerir skemd i husi voru ellde ok sitr nokkvidr.» En er sa heyrdi, er vid elldinn sat, 20 þa fann hann, at ecki matti leynazt fyrir Martein ok skammadiz hann þa, er hann var æavitadr, ok gekk i gegn fyrir Martein því, er hann hafdi gert.

52. Dat var um dag, þa er Marteinn sat fyrir dyrum nokkurs litils hus sins, þa sa hann diofla .ii. standa æ hamre, þeim er var 25 fyrir ofan munklifit. En þeir hlogo at ok mælltu: «Heill sva Bricti, heill Bricti!» Par til at þeir vissu eigi, hverri æ(d)i þeir hofdu ausit i briost honum. En þa kom þar Brictius rennandi, sva sem odr væri, ok spio upp morgum brixlum æ Martein. Marteinn hafdi avitad hann um þat, er hann for med stödhross ok 30 starfadi i ymsum kaupabata ok keypti mansmenn, þar sem hann atti ecki slict, adr hann var klerk(r). En því reidizt Brictius allra hellzt, af því ad dioflar eggiudu hann fram, sva at hann matti eigi gæta tungu sinnar en trautt handa. En Marteinn le(i)t hyrliga til hans ok villdi staudva miukum ordum æði hans. En illr andi 35 hafdi sva odan Brictium, at hann styrdi ser eigi siolf(r), ok skalf hann allr fyrir reidi ok taldiz helgara en Marteinn, þvíat hann kvezt upp hafa vaxit i munklifi, en Martinum hafa verit fyrst i riddara fylking ok leingi oskirdan, en sidan sionhverfingemann.

¹ hiu Cd. ² nocudu Cd.

En er Brictius hafdi þetta mællt ok margt annat verra, þa gekk hann **aa** brutt ok for aptr enu somu leid, sem hann hafdi þangat farit, ok þottiz þa hefnt hafa sin. En Martinus bad fyrir honum, **aamedan** er hann mællti þetta. Þa kom Brictius aptr, er skamt leid, ok idradizt orda sinna ok fell til fota Martino ok bad ser liknar ok lezt diofull verit hafa, þa er hann lastadi Martein. En eigi var torvellt at geta þat af Martino, at hann fyrirgefi þat, ær misgert væri vid hann. Þa sagdi hann lerisveinum sinum, hversu hann hafdi sed Brictium eggiadan af dioflum, ok lezt hann eigi **reidazt** þeim brigzljum, er þess mein var, er mællti. Sva ok sidan þa er Brictius gerdi marga hluti moti Martino, þa tok hann eigi fyrir (þær) sakir prestskap af honum, þviat hann villdi eigi hefna meingerda, ok mællti þat opt, at hann skyldi sitia meingerdir Brictio, sva sem Jesus Kristr sat Jude.

53. Martinus vissi leingi fyrir andlat sitt ok sagdi bredrum, at nalgadizt endir efi hans. Þa atti hann faur til bæiar, þess er Condatensis heitir, þviat hann villdi sætta kennimenn, er þar voru missatter vordner. En þott hann vissi andlat sitt nalgazt, þa rezt hann þo i faur þessa, ok þotti þessi god æfilok krapta sinna, at **hann** endrbetti frid kristninnar. Ok er hann kom til **ær** nockurrar med lerisveinum sinum, þeim er honum voru vanir at fylgia, sa hann skarfa veida fiska ur **aanni**. «Petta er liking diofla, segir Marteinn, ok gripa (þeir) þa, er eigi sia vid þeim, ok þeir seta ovorum, ok verda þo alldri saddir.» Þa baud hann sidan med matkum **orda** krapti fuglunum¹ at flyia **aa** fioll ok eydimerkr fra anni, ok neytti hann þess veldis vid fuglana, sem hann var vanr at neyta vid diofla. En skarfarnir flyetuzt þegar allir saman ok flugu fra **aanni** **aa** fioll ok skoga. En allir dadu krapt Marteins, er fuglar skylldu hlyda bodordum hans. Marteinn dvaldist nockura daga **aa** þeim **be**, **sem** hann var til farinn, ok setti kennimenn þa, **sem** þar voru osattir. En er hann biozt heim at fara, þa tok hann sott ok sagdi lærisveinum sinum, at hann mundi þa andazt. Þa gerdiz hrygg-leikr mikill, ok mælltu allir sem eins munni: «Hvi fyrirlætr þu oss, fadir, eda hverium selr þu oss til vardveislu? Grimir vargar **vilia** gripa hiord þina; hvern bannar þeim at bita, ef hirdirinn fellr fra? Vitum ver, at þu fysist til guds, en ecki þverr verdkaup þitt, þott þu andizt eigi enn. Miskunna þu oss helldr, en þu fyrirlatir oss.» Þa komzt Marteinn vid ok ifadizt um, hvart hann

1 [rettet; med sidan malkum enda kraptunum *Cd*; potenti virtute verborum *lat.*

villdi helldr lifa eda deyia, þviat hann villdi þa eigi fyrirlata, ok eigi villdi hann skiliazt fra Kristi, ok fal hann gudi **aa** hendi allan sinn vilia ok mællti: «Ef ek em enn naudzynligr lyd þinum, drottinn, þa neiti ek eigi erfidi; verdi vili þinn! Þung er sysla likamligar orrostu, ok hefi ek nu ærit leingi starfat i þvi. En ef þu bydr mer enn at ver(i)a herbudir þinna manna, þa mun ek eigi sakazt vid elli mina, ok standa þa i herbudum þinum, medan ek fylla vilia þinn. En þott gomlum se gott at hvilaz eptir erfidi, þa hefi ek þann hug þo, er yfir stigr alldrinn ok kann eigi at lata fyrir ellinni. En ef þu vill vorkynna elli minni at hvilazt, þa er mer godr vili þinn; en þu vardveit siolfr þegna þessa, er ek uggi, at fyrirlatnir verdi.» Marteinn let hvarki yfir stigaz af erfidi ne af dauda, þviat hann hreddizt eigi at deyia oc nitti eigi at lifa.

54. En (er) sott Marteins vox dag fra degi, þa let hann þo eigi af at gera guds þionstu, ok vackti hann **aa** bænum netr ok daga i gegnum, ok neyddi til alla likams limu at þiona andanum, ok hvildi i somu rekkiu, sem hann var vanr, **aa** harkledi i osku. En er lærisveinar hans badu, at hann leti bera halm undir sik, þa svarar hann: «Eigi samir krisnum manni at andazt annars stadar en i molldu; en ek misgeri, ef ek syni ydr annat demi.» Hondum ok augum hellt hann áavallt til himins ok leysti alldri anda sinn fra bæn. Þa badu prestar, þeir er til hans komu, at hann hegdi likama sinum ok snerizt **aa** ymsar hlidar. En hann svaradi þeim: «Latid mig helldr sia himininn en iordina, brædr, at andinn fari sina gætu retleidiz til guds.» En er hann hafdi þetta mællt, þa sa hann dioful standa hia ser, ok mællti vid hann: «Til hverss stendr þu her, blodugt dyr? ekki munt þu med mer finna; fadmr Abrahe mun mik taka.» En er hann hafdi þetta mællt, þa sendi hann aund sina til guds **aa** himna **aa** midri þvattnott, þa er hann (var) attrédr at alldri. En þa hafdi (lidit) .vi. vetr ens [.iii^{ta}. tigar², er hann var vigdr til byskups, en þa voru [.cccc. ok .ii.3 vetr lidnir fra burd Cristz. Þa heyrdu margir eingla saung til himins. En þeir er hia andlati hans voru, letuz sea guds dyrd **aa** likama hans. Andlit hans skein liosi biartara, ok var hvergi fleckr **aa** likama hans. Hverr mundi þvi trua, at hann hafdi i molldu hvillt ok i harkledi áavallt verit? Þviat þa syndizt allr likame hans snæve biartare, sem þegar væri hann i æðli upprisu-dyrdar sinnar. Þa kom mikill fioldi manna at þiona likfylgiu hans, allr borgar lydr ok allr af akrum ok bæium, ok margir ur

¹ sottin tilf. Cd.

² [rettet; .xxx^{ta}. Cd.

³ [rettet; .xii. Cd.

enum næstum borgum; allir gretu, ok allra hellzt munkar, er þar voru þann dag .ii. .m. Aull hiord harmadi frafall hirdiz sins, þott helldr veri fagnanda, þviat gud tok hann til hirdar sinnar. Trua bannadi þeim at grata, en allt eggiaði þa at harma, þviat iafnheilagr var fagnadr af dyrd hans, sem mannligt var at harma andlat hans. Varkyn(nan)da (var) gratondum, en fagnanda med fagnondum, þviat milldligt var at fagna Martino, ok milligt var at grata hann.

55. Pangat hafdi margr lydr komit bædi ur Turons ok Peitu borg, þar er Marteinn hafdi leingi verit, adr en hann vard byskup. Þa var þræta mikil **aa** medal þessa hvarratveggia lyds. Peitu borgarmenn sogdu sva: «Varr munkr ok varr **aaboti** var Marteinn, vær eigum at hafa hann heim med oss; en ydr er ærit þat, er þer attud at heyra kenning hans leingi, ok atut ok drukkut med honum ok vorut styrktir blaean hans ok gladdir iartegnum hans. Se ydr þetta gnogt allt, en oss se lofat at hafa hann andadan med oss.» Þa svara Turons borgarmenn: «Ef þer segit oss gnogar vera iartegnir hans, þær sem hann gerdi, þa viti þer, at fleiri iarteinir gerdi hann med ydr en med oss. Þar reisti hann upp .iii. menn, en her .ij., ok sagdi hann þat opt siolfr, at kraftr hans var meiri fyrir byskupsdom en sípan; af því er naudsyn, at hann fylli þær iarteinir med oss andadr, er hann fyldi eigi lifandi. Oss var hann gefinn af gudi, en tekinn fra ydr. Ef forn log skulu halldatz, þa **aa** hann i þeiri borg at vera graffnn, sem hann var vigdr. En ef þer vililt eignaðt þat af munksvigslu, þa vitid er þat, at fyrr var hann munkr i Melans borg.» Aa þessa lund þrættu þeir allt til nætr. En þa vardveittu hvarirtveggiu likama Martein(s), ok etludu Peitu borgarmenn at hafa hann **aa** brutt med ser, þviat þeir voru fiolmennari. En gud villdi eigi rena lata Turons borg hirdi sinum, þviat Peitu borgarmenn sofnudu **aa** midri nott, sva at eingi þeira matti vaka. En er Turons borgarmenn sa þat, þa gripa þeir likam Martini ok letu fara ut um einn glug, en adrir toku vid uti, ok letu fara til skips, ok sva i brutt ok ofan eptir **aa** þeiri, er Vigenna heitir, ok fellr i **aa** þa, er Liger heitir, ok fellr su til Turons borgar. En er þeir sungu lof gudi, þa voknudu Peitu borgarmenn vid þat ok mistu þess, er þeir villdu hafa, ok urdu heim at fara vid sva buit. En Turons borgarmenn fylgdu honum til graptar med lof-saungum ok himnerskri dyrd enum heilaga Martein.

56. Eingi sigr ne dyrd verallig ma iafnatz vid likfylgiu Marteins. Konungar iardar reka flotta hefseingins lids fyrir

kerrum sinum, en like Marteins fylgdu þeir, er hans kenningum stigu yfir freisne heims; þessa rikis monnum fagnar vesaligt sigrop ok vopnaglamm, en Martein fagnar gudligt lof ok himnerskar raddir; iardlig tign endizt med ogledi ok grimum kvalum, en Marteinn er gladr tekinn i hvílld Abrahams; Marteinn var her valadr ok mat sik litils, en nu er hann audigr ok mikils metinn med helgum monnum **aa** himnum.

57. [Sulpicius Severus¹ sendir rit Aureliano lærisveini Marteins fostbrodur hans ok segir andlat Marteins. Sidan er þu gegtt i brut i myrgin, Aureliani brodir, þa sat ek einn i husi, ok hugda ek at von ovordinna hluta ok at leidendum þessa lifs ok ogn domadags ok eilifra kvala, ok allra mest at því, at sea hugrænning gerdiz af all, þat er endrminningh synda minna; ok gerdi þetta allt saman (mik) hryggan. En er ek mæddumzt af hryggleik hugar, þa sofnada ek laust þat, sva sem myrginsvefnar eru vanir at vera, ok þottumz ek miok sva vaka. Þa þottumz ek sea helgan Martein skryddan hvitu skrudi: andlit hans var sem elldr, har hans sem purpure, en augu hans sem stiornur; í þeim buningi ok aliti þotti mer hann vera, sem ek matta kenna, en trautt i gegn sea. Brosti hann vid mer ok hafdi bok.þa i hendi, er ek hafda ritad um lif hans. Fell (ek) til fota honum, ok bad ek hann blezanar, ok kenda ek, at hann lagdi hond sina yfir haufut mer; þa leit ek **aa** hann vandliga. En er hann hafdi blæzad mer, þa gerdi hann krossmark yfir mer; þa hofzt hann i lopt upp fra mer, ok sa ek eptir honum, sva leingi sem ek matta, til þess er himinn opnadiz yfir honum. En litlu sidar sa ek Klarum prest lærisvein hans stiga upp somu gautu. En er ek villda fara eptir þeim, þa vaknada ek ok fagnada þessi syn. Þa kom inn gangandi sveinn nockurr ok oglad(a)ri, en hann var vanr. Ek spurda, hvat hann villdi mæla, er ek sa, at hann biost til mals, ok ox honum fyrir augum. Hann svaradi: «Tveir munkar komu or Turons borg ok sogdu Martein byskup andadan.» Þa fagnada ek ok fellda ek tar, ok ma ek nu eigi vatni hallda. Kom nu hingat, brodir, ok gratum badir samt þann, er vid elskudum badir, þott ek vita, at eigi sæ gratanda eptir helgan mann, þann er sigr vann **aa** þessum heimi, ok hefir nu tekit dyrd fyrir rettleti. En ek ma eigi siolfum mer banna at grata ok harma, þviat ek hefi mist allrar hugganar þessa lifs; en helldr skyllda ek fagna, ef ek mætta fyrir har(mi), þviat hann er nu samteingdr guds postolum ok spamonnum ok iafningi **z**

¹ [Severus ok Sulpicius Cd. ² iafningum Cd.

enna æstu pislarvotta. Þott hann veri eigi **aa** þeiri tid, at hann mætti pindr vera fyrir guds nafni, þa misser hann þeygi dyrdar guds votta, þviat hann villdi ok matti guds vottr vera i fysi ok krapti ok ast ok allre millde ok miskunnsemi. Hans ast kolnadi 5 alldri af veralldar kullda, helldr ox hun dag fra degi allt til enda lifs. [Peirar astar hans naut¹] ek einna mest, þviat hann elskadi mik overdan framar en flesta adra. At hverium megi mer slik huggan sidan vera? En hvener megi su stund i lifi minu, er ek muna eigi harma þat, er ek skal lifa leingr en hann? Hversu ma 10 ek hafa unad lifs eda gladan dag, eda hversu mega ek ugratandi gera minningh Marteins, eda mega ek, brodir, annat tala vid þik en um hann? En til hvers skal ek reita hug þinn i þessum malum? Ek skyllda þik hugga, þott ek maega eigi siolfan mik. Lat mik eigi leingr dvelia rit þetta, þviat ek vil, at þu komir sem 15 skiotazt. En af því geri ek þetta mal langt, at sva sem rit þetta syndi upphaf harms, sva mætti þat ok veita þer huggan af vidrmæli okkru.

58. A þeirri tid var Ambrosius biskup i Melans borg. En er hann saung messu drottinsdag einn, þa var sa vandi, at eigi skylldi 20 lectio lesa, fyrr en biskup baud. En er spamanzz lectia var lesin, þa skyldi lesa Pals lectio adra. Ok er þar var komit, þa var Ambrosius biskup sofnadr fyrir alltare, ok treystuz menn eigi at vekia hann. Ok er fall vard **aa** tidum um .ii. stundir æda þriar, 25 þa voktu þeir hann ok mælltu: «Lidin er nu stund, biod þu, drottinn, at lesa lectio, þviat menn mædazt at standa.» Ambrosius biskup svarar: Eigi skulut þer hryggiazt, þviat mer stodadi mikit svefn sea. En þer skulut þat vita, at Marteinn biskup brodir minn er nu skildr fra likama, ok veitta ek þionustu liki hans, ok var enn bæn olokit, er þer vöktud mik.» Pa undruduzt þeir, er 30 heyrdu, ok mercktu þann dag ok stund, ok reyndu, at **aa** þeim degi ok þeiri stund var Marteinn biskup iardadr, sem Ambrosius sagdiz þiona likfylgiu hans. Sell er sa madr, er þess andlati saung lydr heilagra lof gudi, fognudu flokkar eingla, ok rann **aa** mot honum allr herr himnakraptz; diofull skamadizt ok flydi, kristniu 35 styretizt af krapti, kennimenn dyrkoduzt af vitran. Mikael tok hann upp med einglum, Maria tok hann med lidi hreinlifismanna ok heilagra meyia, paradis lauk(z)t upp fyrir honum, ok fagnar hann utan enda med aullum guds helgum maunnum i himinriki,

59. Severinus Kolnis borgar biskup gaufugr madr i lifi sinu

⁴⁰ ¹ [rettet; þeiri astar naud annat Cd.]

ok lofligr i aullum hlutum, þa er hann gecc um kirkiu med klerkum sinum eptir morgintidir at veniu sinni **aa** þeim drottins-degi, er Marteinn hafdi andazt, þa heyrdi hann eingla saung til himna, ok kalladi hann þangat diakn sinn ok spurd, ef hann heyrdi rodd þessa. Diakninn svaradi ok letz eigi heyra. **Pa** mællti byskup, at hann skyldi vandliga at hyggia. Diakninn hlæradi ok tylldizt: **aa** tær, ok matti eigi heyra saunginn, þviat hann var eigi iafnheilagr sem byskup. **Pa** fellu þeir til iardar ok badu drottin, at hann leti diakninn heyra saung þenna. En er þeir risu upp af bæn, þa spurd byskup enn, hvart hann heyrdi. **Pa** svarar hann: «Saung heyri ek til himins, en eigi veit ek, hvat hann merkir.» »Ek man segia þer, kvad byskup, hvat þat taknar: Marteinn er farinn ur þessum heimi, ok bera einglar hann nu til himins ok syngia lof gudi. En þa er dva(u)l vard **aa** saunginum adan, þa kom diofullinn, ok vid mattum eigi heyra, med illum 15 einglum ok villdi dvelia hann, en fann ecki sins verks med honum, ok flydi hann med skemd. **Aen** hvat mun verda af oss syndugum maunnum, ef ovinrinn hugdizt granda mundu sva heilogum manni?« En er Severinus byskup hafdi þetta mællt, þa merkti diakninn dag ok stund ok sendi mann i Turonsborg skiotliga. En sa spurd 20 vandliga, er hann kom þar, ok vard viss, at **aa** þeiri tid andadizt Martinus, er Severinus byskup heyrdi eingla saung til himins.

60. A enu .xvi^{da}. aari fra andlati heilags Martein(s) byskups tok sa heilagr madr byskupsdom i Turonsborg, er Perpetuus het. En er hann hafdi byskupsdom tekit, þa villdi hann auka kirkio, 25 þa er ger hafdi (verit) til dyrdar helgum Martino, ok þat gat (hann) frame(t), sem hann etladi, at þar var kirkia mikil ger. En er su tid kom, er byskup villdi kirkiuna vigia ok taka upp helgan dom Marteins ur þeim stad, er haum var adr grafinn, þa baud hann til þeirar hatidar enum næstum byskupum ok morgum 30 munkum ok kennimonnum i upphafi manadr þess, er Julius heitir, þvi at hann villdi þa vigia kirkiuna. En er þeir höfdu vakat um nott, þa grofu þeir iord til yfir leidi Martini at morne. En er þeir komu at steinþro hans, þa mattu þeir hana hvergi ur stad hræra þann dag ok annan eptir enn næsta. **Pa** urdu þeir ugladir 35 ok vissu eigi, hvat þeir skyldu til taka. **Pa** mællti einn þeira: »Viti þer, at eptir þria daga er vigsludagr hans, ok ma verda at þvi, at þa vili hann, at hann se upptekinn.» **Pa** hurfu allir til bænar ok fostudu ok vaktu æna næstu .iii. daga ². En enn .ivii.

¹ tyllduzt Cd. ² degr Cd.

dag villdu þeir upp taka steinþrona, ok mattu hvergi hræra. Þa urdu allir okveda ok baruz þat fyrir at hylia steinþrona med molldu. Þa syndizt þeim gamall madr, at yfirliti gaufugligr, snæve biartare, ok lezt æboti vera ok mællti vid þa: »Hvi erut þer 5 hryggir æda hræddir? Seait þer eigi, at Marteinn stendr hia ydr ok er buinn at tæia, þegar þer takit hondum steinþrona.« Þa varp sa mautli af ser ok tok til steinþroarinnar med audrum kennimaunnum. En sumir baru lios ok krossa, ok sungu allir lof gudi. En er hinn gamli madr tok til steinþroarinnar, sa er 10 þeim hafdi vitrazt, þa geck hon aull ur stad letliga. Ok var þa heilagr domr Marteins færdr til þess stadar, er nu er hann gaufugladr ævallt sípan. En er tidum var lokit, þa var leitad vandliga ens gamla mannz, adr til borz var farit, ok matti hann hvergi finnatz, ok eingi hafdi hann sed ur kirkiu ganga. En því ma rett- 15 liga trua, at annathvart hafi þar vitrazt eingiligr kraptr eda Marteinn siolfr ella, sa er eigi syndizt sípan. Ok i þeim stad gerazt margar iarteinir sidan fra þeim degi, þær sem eigi er tom at rita, þvíat þar fa siukir heilsu, en blindir syn, heyrn daufir, en dioflar flyia fra odum monnum, i nafne fodur ok sonar ok anda heilags, 20 þess er lifir ok rikir einn gud i þreningu um allar alldir allda. Amen.

III.

(Cd. Holm. 2 folio).

Her hefr upp soga ens helga Martinus erkibyskups.

25 I þann tima er styrdi guds cristni hinn helgi Silvester pafi, en keisari var yfir öllum heimi Constantinus Magnus son Con- stancij konungs ok Helene ennar helgu drottningar, var fæddr enn helgi Martinus biskup a Langbarda landi, en hann var æzskadr af Ungaralandi. Frændr hans voru gófgir at veralldligri 30 virþingu ok þo heidnir. Fadir hans var riddara höfþingi, hann fylgdi ok sialfr riddara syslu i æsku sinni, fyst i hird Constancej konungs sonar Constantini, en eptir þat var hann i riddara sveit

Juliani niþings, eigi at sialfilia sinum helldr eptir vilia frænda sinna, þviat hann girntiz gudi at þiona þegar a unga alldri. Þa er hann var .x. vetra gamall, for hann til kirkju vid usatt frænda sinna ok beiddi kennimenn at primisigna sik, ok eptir þat snerez hann allr til guds lofs, sva at hann fystiz þa þegar i einsetu at fara, ok þat mundi hann gert hafa, þa er hann var .xi. vetra gamall, ef eigi hefdi ostyrkleikr alldrsins i moti stadt. Hugr hans var hvergi nema at munklifum edr at helgum kirkium, ok hugsadi hann þat þa dag ok nott, sem sidar kom fram um hans æfi. En þa er þat var bodit, at alldrænna manna synir skylldu vid vopnum taka, þa var Martinus selldr framm af fedr sinum ok dubbadr til riddara, þviat þat matti i öllu finna, at fadir hans lagdi ópocka a tru hans ok sidlæti. En þa var Martinus fimtan vetra gamall, er hann var riddari, ok var honum feinginn einn skosveinn til þionstu, ok þionadi þo Martinus sialfr optar sveininum ok dro skoklædi af honum ok þerdi færð hans; badir attu þeir mat saman, ok byrladi Martinus honum ok þionadi allt at bordi þeira. Þria vetr var Martinus med vopnum, adr hann væri skirdr, ok var hann þo hreinn ok skirr fra ollum löstum, þeim er þeiri syslu kunnu at fylgia. Marga vega syndi hann mikla ast ok þolinmædi, gæzsku ok litillæti vid alla samriddara sina; sva sparliga neytti hann ok fæzlu, at hann potti a þeiri tid fyrir þær sakir helldr munkr en riddari. Af slikum hlutum var hann þeckr samriddorum sinum, sva at allir unnu honum. Eigi var hann þa enn skirdr, ok gerdi hann þo hvitvædings verk, þviat hann veitti hialp voludum ok vann med þeim, er erfidi hófdu, fæddi hann hungrada en klæddi nökcta. Ecki hirti hann ser af riddara malagið nema hversdagliga atvinuu, eigi daufheyrdiz hann vid gudzspialligum ordum, ok eigi hugsadi hann þat annan dag, hvat annan þurfti at hafa.

2. Sa atburdr gerdiz um vetrartid, þa er Martinus for i miklu frosti med odrum riddorum um hlid borgar þeirar, er Ambianensis heitir, þa vard þar fyrir þeim einn fatækligr madr miðg kalinn ok aumligr at sia, ok bad þa, er um lidu, nockuro klædi til sin kasta edr nockurn veg ser at miskunna, ok villdi eingi til hans lita af þeim riddorum, er um ridu. Þa kemr Martinus at honum, ok bad hann sem adra miskunna ser. En Martinus skildi, at honum mundi þetta miskunnarverk hugat vera, þar er admir hófdu hia ser latid lida, þeir er fleira hófdu til haft. En hvat matti hann at gera, hann hafdi ecki laust utan einn móttul yfir

ser, ok i einum kyrtni undir, en allt annat hafdi hann gefit fatækum monnum. Sidan bra hann sverdi ok sneid i sundr móttulinn ok gaf halfan enum fatækia, en halfan hafdi hann sialfr. Þa hlogu sumir at honum, þeir er vid voru staddir, ok þotti hann vera helldr 5 stuttbuinn; en þeir er med heilla hug voru, komuz vid, er þeir höfdu eigi slikt verk unnit, þa er þeir mattu klæda enn fatækia, sva at þeir væri okalnir eptir. En ena næstu nott eptir þenna atburð, þa er Martinus sofnadi, þa sa hann Jesum Crist skryddan þeim hlut móttulsins, er hann hafdi gefit enum fatækia. Drottinn 10 leit a sik et vandligzta ok bad Martinus kenna klædit, þat er hann hafdi gefit. Ok eptir þat heyrir hann drottin mæla biartri roddu vid eingla fiolda, þann er var umhverfis hann: «Martinus primsigndr at eins skryddi mik þessu klædi.» Sanuliga var drottinn vorr minnigr þeira mala sinna, er hann mælti i gudzspialli: «hvat er 15 þer gerit enum minztum af minum þionum, þat geri þer mer.» Syndi drottinn fyrir Martino því berliga þenna atburð, at honum mætti verda til dyrdar en öllum óðrum til vitnisburdar, hvat olmusugiafir megu i guds augliti. En Martinus hofz eigi til metnadars eptir þessa syn, þott hann kendi gudligrar gæzku i sinu 20 verki, helldr tok hann skirn litlu sidar, ok hafdi hann þa .iii. vetr med vopnum verit, en var .xviii. vetra gamall skirdr, ok hafnadi eigi þegar vopnaburd, þviat riddara hofþingi dvaldi hann ok het því, at hann mundi fyrr lata veralldar syslu at lidinni þeiri tid, er aqvedinn var hans hofþingsskapr yfir riddorun. Sia von dvaldi 25 Martinum two vetr eptir skirnina i riddara syslu.

Prir voru synir Constantini keisara, het einn Constancius, en annarr Constantinus, en enn þridi Constans. Constancius þessi enn sami var ríkr konungr ok vafdr i Arrius villu ok let marga dýrliga byskupa i utlegd færa. Athanasium erkibyskup rak hann a 30 brott fra stoli sinum af Alexandria ok villdi hafa drepit hann, en vid honum tok enn helgi Maximinus byskup a Fracklandi i borg þeiri er Treveris heitir, ok beid hann þar þess, er Arrius do illum dauda ok makligum; ok vard þat med þeim hætti, at þa er hann skyldi fara til byskupa stefnu at þræta um helga tru, ok villdi 35 hann liegne fyrirkoma, þa for hann at sitia naudsynia siima ok dreit or ser íþronum öllum, ok þar for lift hans med. Constancius konungr setti hofþingia yfir Fracklandi Julianum, er kalladr er apostata, þat kollum vær gudniþing, fyrir því at hann hafdi veitt honum lid, þa er hann hefndi Constaneij brodur sins, en honum 40 hafdi at bana vordit grimmr hervikingr, sa er Magnencius het.

Julianus var af því kalladr gudniþingr, at hann hafdi verit lærdr madr ok lector at vigslu i borg þeiri er Nichonedia heitir, en þa er hann vard keisari, kastaði hann cristnenni ok baud enn mestu ofrid cristnum monnum.

3. Þeir atburdir gerduz, at hervikingar gengu¹ a Frackland, 5 ok safnadi Julianus keisari her i moti þeim ok nam stadar med ollum herinum vid borg þa er Vagionum heitir, ok tok þar at gefa mala riddorum sinum. Nu þottiz Martinus hellzti leingi iardligum konungi þionat hafa, villdi hann ok eigi taka malann, ef hann villdi eigi beriaz, gengr til mals vid keisarann ok segir sva: «Her 10 til hefir ek þer þionad, keisari, nu verdr þu at þola, at ek þioni (hedan) af gudi; taki sa malagið þina, er med þer vill beriaz; Criz riddari em ek, ok er mer eigi leyft at beriaz.» Þa reiddiz Julianus miðg ok qvad hann þetta gera fyrir hugleysis sakir en eigi gudligrar truar. Þa sagdi Martinus konungi med mikilli 15 stadfestu: «Ef þu eignar þetta hugleysi helldr en tru, þa mun ek a morgin ganga fram i milli fylkinga vopnlaus, vera hvorki skryddr hialmi ne bryniu, helldr mun ek bera merki med helgu crossmarki drottins Jesu Criz ok ganga örðggr i gegnum allar fylkingar vorra andskota.» Þa² var Martinus vardveittr, ok ætladi konungr at 20 reyna um morguninn þat, sem hann hafdi bodit. En annan dag eptir sendu vikingar menn a konungs fund ok badu fridar, ok geingu allir konungi a hond orrostulaust. Penna sigr veitti almattigr gud af þenum Martini, at hann yrði eigi sendr vopnlaus til orrostu, en konungr feingi valld sinna ovina an öllu mannfalli. 25

4. Eptir þessa atburdi fyrirlet enn helgi Martinus riddara syslu ok for til fundar vid hinn helga Hilarium Peitu byskup a Fracklandi. Hann tok vid honum vel, ok dvaldiz Martinus þar med honum nöckveria stund. Hilarius byskup villdi vigia Martinus til diakns ok binda hann sva i gudligu embætti, þviat hann sa 30 med honum heilagt sidlaeti ok alla ena dyligstu mannkosti. En Martinus villdi þa enn eigi vid þeiri vixlu taka fyrir litillætis sokum. Þa band hann, at hann skyldi vera exorcista; vid þeiri vixlu tok Martinus, þviat honum þotti su litillatligri vera. Litlu eptir þetta var hann amintr i svefni, at hann skyldi vitia frænda 35 sinna heidinna ok telia tru fyrir þeim. Sidan bad hann Hilarius byskup leyfis at fara, ok leyfdi hann honum ok bad med tarum, at hann skyldi þegar aprt koma til hans, er hann hefdi þessi ferd lokit. Nu rezt Martinus til ferdar, ok sagdi þo byskupi ok

¹ ganga tilf. Cd. ² þar Cd.

brædrum, adr hann færi, at hann mundi marga gagnstalliga hluti þola i þeiri ferd. Ok er hann kemr a fiallveg, þann er Alphes heitir, villiz hann götunnar ok hittir a illvirkia. Einn þeira reiddi at honum öxi ok villdi höggva hann, en annarr stodvadi. Þa var 5 Martinus tekinn ok bundinn ok selldr einum þeira til vardveizlu, en sa leiddi hann fra odrum monnum ok spurdi, hvat manna hann væri. En hann qvaz cristinn madr vera. Illvirkinn spurdi, ef hann ræddiz nockut. Martinus lezt alldri hafa verit oræddari en þa, þvíat hann qvaz vita guds miskunn því meiri yfir ser, sem 10 freistnin var meiri, en illvirkian sialfan lez hann harma, er hann skylldi eigi verdr guds miskunnar. Sidan taldi hann tru fyrir illvirkianum ok feck snuit honum fra allri hans illzku ok utru; en sidan leysti hann Martinum ok fylgdi honum a gautu. Ok 15 eptir þeira skilnat rez illvirkinn i munklifi ok lifdi sidlatliga þadan fra alla sina æfi. Fra því er nu sagt, at Martinus for um dag leidar sinnar fra borg þeirri er¹ or herbergi sinu nema til kirkiu, allir mótduz þ(ar) saman. Eingin þeira drack vin, nema siukir væri; flestir voru þeir harklædum skryddir gervum af ulfallda hari, en i blautara buningi þotti þeim 20 lostr vera. Fiðldi redz þangat gófugra manna; sumir þeir er sik fraumdu i sva miklu litillæti ok þolinmædi, ok margir urdu þeir byskupar sidan, þvíat öll þiod villdi ser hellz kennimenn velia or hans munklifi. Þeir voru keisarar, þa er Martinus var byskup: Gracianus ok Valentinianus brodir hans, synir Valentiniani ens 25 ellra. Gracianus gaf keisara nafn Theodosio enum goda, til þess at hannu sigradi þessar þiodir: Scithicas ok Halanos, Hyni ok Gados, ok sigradi hann þa i morgum orrostum. Eigi mattu Arrius menn bera þeira samþyekki, ok letu þeir þa lausar margar kirkur, þær er þeir höfdu adr haft i sinu valldi .xl. vетra.

30 9. I þenna tima styrdi Damasus pafi guds cristni. Sa er fystr sagdr atburdr i iarteinagerd Martini, sidan hann vard byskup, at stadr var sa einn skamt fra Turons borg, er menn hugdu helgan vera af grefti guds piningarvotta, þvíat enir fyrri byskupar letu þar kirkiu gera ok allteri. En enn helgi Martinus spurdi eptir 35 ellztu kennimenn, a hverri tid þessir menn hefdi verit, edr hyat þeir pislarvottar hefdi heitid, er þar voru grafnir. En er þeir vissu eigi skyrt at segia honum, þa sa hann vid at koma til þess stadar, ok leitadi eigi a alþydu sid, þvíat hann vissi eigi et sanna, ok

¹ Her mangler 1 Blad i Codex.

(eigi) veitti hann þeim fullting, at eigi efldi hann villu¹. Þa for hann um dag med fa munka til þess stadar ok stod leingi fyrir allteri ok bad gud, at hann syndi honum, hvern þar væri grafinn. Þa leit hann til vinstri handar ser standana leidiligan skugga, ok baud hann honum at segia nafn sitt ok verdleik. En hann sagdiz verit hafa þiofr ok drepinn fyrir glæpi sina ok eiga ecki sameigit med helgum monnum guds. Pessa rödd heyrdu allir, þeir er hia voru, en Martinus einn sa þann er mællti, ok sagdi hann þeim, hvat hann sa, ok let sidan brott taka allteri, þat er þar var, ok leysti lyd allan fra þessi villu.

10

10. Enn mætti Martinus um dag monnum þeim, er liki heidins mannz fylgdu til grafar, ok nam hann stadar, er hann sa mart lid fara, ok vissi eigi, med hvat þeir foru. En er hann sa, at vindr hrærdi dukana yfir likinu, þa hugdi hann, at blotmenn væri, þviat þorpkarlar voru vanir opt at bera skurgod sin hvitum dukum vafit um akra sina. Þa gerdi hann crossmark i moti þeim ok bad þa hvergi hræraz or stad, adr þeir legdi byrdi sina. Þa stírdnudu þeir fyst sem steinar, en er þeir leitudu vid at hræra sik, þa sneruz þeir i hring ok mattu eigi framar ganga, vnzt þeir lögdu nidr likit, ok sa hvern til annars, ok vissu eigi, hvat þeim 20 var vordit. En er Martinus sa, at þeir foru med lik en eigi med blot, þa gerdi hann crossmark eptir þeim ok gaf þeim leyfi at fara, hvert er þeir villdi.

11. Sa atburdr vard enn, at Martinus villdi upp höggva eitt blotat tre a nöckurum bæ, en heidnir menn risu i gegn honum ok 25 letu hann eigi hoggya tred; en hann taldi fyrir þeim leingi, ok qvad eigi vera guddom i trenu helldr diðflablot, ok qvad þeim helldr fallit vera at þiona himnagudi, sem hann lez þiona. Þa sagdi einn þeira, sa er diarfaztr var: «Ef þer er nökut traust i gudi þinum, þa munum vær sialfir höggva tred, en þu tak vid því, 30 er þat fellr, ok mun þik þat eigi saka, ef gud þinn er med þer, sem þu segir.» En hann het þeim því ohræddr at gera, þat sem þeir beiddu. Þa urdu þeir aller sattir a þenna maldaga, ok virdu þeir litils skada tressins, ef þat felldi ovin blota þeira. En tred var hallt a einn veg, ok var audsynt, at þangat mundi a falla, er 35 Martinus var undir, ok hiuggu þeir sialfir ok voru gladir miðg. En munkar stodu langt fra trenu ok gretu ok væntu eigi lifs Martini. En er tred brast ok reid ofan at höfdi Martino, þa gerdi hann crossmark i moti því, ok hafdi hann traust i gudi. Þa fell

¹ villdu Cd.

5 tred af þveru fra Martino, sva sem hvössum vindi lysti i moti því, ok urdu þar undir nöckurir menn, þeir er adr þottuz i ðruggum stad komnir. Þa toku þorpkarlar at undraz takn þetta, en munkar felldu tar fyrir fagnadi, ok lofdu hvorertveggju Jesum Crist, ok var sa eingi i því lidi édr nalægum þorpum, at eigi tæki tru ok hafnadi blotum. En adr Martinus kæmi þangat, þa voru öngir edr faer þeir menn, er kynni nafn drottins. En af hans kröptum ok bænum efldiz trua, sva at hvert nes ok herad var kirkna fullt edr munklifa, þviat þar allz stadar, er hann braut hof, þa let hann 10 kirkjur gera edr munklifi reisa.

12. Slikan krapt syndi Martinus enn a annarri tid. Þa er hann lagdi elld i hof a nöckurum bæ, þa laust elldi i hus þat, er næst var hofino¹. En er Martinus sa þat, þa ste hann upp a husit skyndiliga ok rann a mot elldinum. Þa matti þar lita sialldsena 15 orrostu, er þeir elldr ok vindr genguz i mot, ok gerdiz sva af krapti Martini, at elldr vann þat eitt, er honum var bodit at vinna.

13. Enn villdi Martinus briota eitt blotaudgazta hof a odrum bæ, en þa reis i gegn honum mikill fiðldi heidinna manna ok raku hann a burt med mikilli meingerd ok bardögum. Þa for 20 hann þadan til nalægs stadar ok skryddiz harklædi ok fastadi .vi. dægr ok bad, at guds kraptr bryti hof þetta, er hann matti eigi briota fyrir ofridi manna. Þa syndiz honum tveir einglar sva sem riddrarar vopnadir ok skialldadir, ok sogduz sendir af gudi at veita lid Martino ok stöldva heidinn lyd, at eigi risi i moti honum, 25 medan hann bryti hofit. Þa hvarf Martinus aprí til hofsins. Þa urdu þorpkarlar enn varer vid ok atludu at gera for hans sem fyrr. En þa fellu sumir, en sumir stirdnudu sem tre ok mattu eigi hreraz. Þa braut Martinus hofit allt til iardar ok skurgod ok stalla at augsiandum heidnum mounum, þeim er hia voru. Þa 30 skildu þorpkarlar sik vera stodvada af guds krapti, at eigi berdiz þeir i gegn byskupi, ok toku miðg sva allir tru, þeir er vid þenna atburð voru staddir, ok neittu skurdgodum, þeim er hvorki megu biarga ser ne odrum.

14. Pat var enn, þa er Martinus braut hof a einhverium bæ, 35 at heidnir menn risu i gegn honum; einn þeira, sa er diarfaztr var, bra sverdi ok villdi þegar høggva Martinum. En er hann bra sverdinu at Martino, þa fell hann a bak aprí ok vard ræddr fyrir guds krapti ok bad ser liknar.

15. Enn braut Martinus skurdgod i einhverium stad, ok villdi 40 i busino Cd.

heidinn madr leggia skalm a honum. En er hann lagdi framin, þa rak hann a honum heftid, en skalmin fanz alldri sidan. Opt gat hann ok sva talit fyrir heidnum monnum, at þeir brutu sialfir skurdgod sin, þau er þeir bönnudu honum adr at briota. Sva var hann ok mattugr at græda siuka, at eingi kom sva siukr til hans, 5 at eigi tæki heilsu, þegar er hann blezadi.

16. I borg þeiri er Treveris heitir var mær siuk, er sik hafdi til einskis rærda leingi ok var miðg daud at öllum likam, en frændr hennar stodu þar hryggir yfir ok bidu andlaz hennar. Þa er sagt, at Martinus var kominn þangat til borgar. En er þat vissi fadir 10 meyiarennar, þa rann hann þegar til kirkju ok fell til fota Martino ok mællti: «Dottir min deyr vesaligum dauda, ok er þat dauda verra, ath andi er i briosti henne, en likamrinn er miog sva daudr; en eg bid þik, at þu komir til hennar ok blezir hana, ok væntir ek, at hon muni af því heilsu taka.» Martinus svaradi ok qvad enn 15 gamlamann rangvilda, ok taldiz hann þess overdr at geta iarteinir at gudi. En fadir meyiariinnar bad þess at meir, at Martinus vitiadi hennar, ok sva badu med honum þeir, er þar stodu hia. Þa for Martinus til hennar; en margir lydir stodu fyrir dyrum ok bidu þess, er guds þræll hugdi at gera. En hann fell a kne til bænar, 20 sem hann var vanr i slika þurft. Sidan vigdi hann vidsmiðr ok hellti i munn meyiunni, ok tok hon þegar mal sitt. Þa tok allr likamr hennar at styrkiaz, er hann for hondum um hana, unz hon reis upp heil ok stod a fætr sina.

17. A þeiri tid ærdiz þræll höfþingia þess, er Tetradius het 25 En er Martinus var bedinn at bleza hann, þa bad haun leida til sin enn oda. En oreinn andi let eigi a brott enn oda, helldr beit hann til þeira, er hann villdu taka. Þa fell Tetradius til fota Martino ok bad hann fara til ens oda. En Martinus lez eigi fara mundu til hus heidins mannz. Þa het Tetradius at taka tru ok 30 skirn, ef þrællinn yrli heill. Þa for Martinus ok rak ohreinan anda fra þrælinum, en Tetradius lagdi mikla ast a kennigar Martini þadan i fra.

18. Þa er Martinus geck inn i hus nökurs mannz um dag, 35 þa nam hann stadar a þreskelldi ok qvaz sia hrædiligan diðful i skidgardi, ok baud honum brott at fara. Þa ærdi oreinn andi cinn pion, er a gótu hans vard, ok tok sa þa at gnista tónnum ok bita til þeira, er fyrir honum urdu; ok (Martinus) bad hann stadar nema, en inn æri for at honum med gapanda munninn. Þa retti Martinus fingi sinn i munn honum ok mællti: «Bittu fingr þessa, 40

ef þu matt þer nackvat.» En hann gapti munninum þess at meir, sem hann tæki vid heitu iarni, en hann þordi eigi at bita fingr hans. En er Martinus neyddi oreinan anda til a brott at fara fra enum oda, þa for hann i brott med valldgangi hans, þviat honum 5 var eigi loftat at fara ut um munninn, þar sem þeir enir helgu fingr voru fyrir.

18b (30)¹. Þa er hinn helgi Martinus hafdi skamma stund byskup verit, þa atti hann naudsynlig eyrindi vid Valentinianum keisara. Modir þessa Valentiniani var Justina drottning, ok voru þau bædi 10 vðfd i Arrius villu ok veittu storar skapraunir enum helga Ambrosio byskupi; sem segir i sögu hans. Valentinianus vissi vonir, at Martinus villdi finua haun ok beida haun þeira hluta, er hann villdi eigi veita; bydr nu um sinum monnum at gaeta sva konungs hallar, at Martinus nædi eigi at finna hann, þviat modir hans ok 15 frilla eggindu hann þess fyrir sakir Arrius villu at veita einga lydni Martino byskupi. Iafnan leitadi Martinus til at finna hann, ok atti hann eigi kosti. Leitar Martinus ens kunnazta fulltings, heitr a gud til styrktar skryddr harklædi, fastadi vid vatn ok braud ok var a bænum nætr ok daga ok bad gud fulltings. En a enum .vii. 20 degi föstunnar vitradiz honum guds eingill ok bad hann upp risa ok fara til hallarennar, sagdi þa opnar mundu vera dyrnar, þott konungr leti læsa, lez hann ok mundu bleyta skapshafnir konungsins, þott hann ætladiz stirdi at vera. Ok þa er Martinus var styrkr af ordum eingilsins ok studdr af gudligu fulltingi, þa ferr 25 hann til hallarimmar, ok er hann kemr þar, þa eru opnar dyinar, geingr hann sidan i höllina inn, ok stendr eingi i mot. Nu ser konungr, at Martinus er inn kominn, ok verdr hann styggr vid ok ygliz a sina menn ok spyrr, hvi þeir leti hann na inn at ganga. Ok er Martinus nalgadiz, vill konungrinn eigi heilsa honum ok eigi 30 risa upp i moti honum. Þa verda þar undarligir atburdir, elldr kom upp i hasætinu undir konunginum, sva at logudu klædi hans öll, þau er at stolinum höfdu horft, ok vard hann naudigr at standa upp fyrir Martino. er hann villdi eigi lostigr, ok fell sidan til fota honum ok baud þa med litillæti at veita Martino alla þa hluti, 35 er hann villde þegit hafa, ok a sogort ofan villdi hann hafa gefit honum margar giafir virduligar. Martinus villdi eigi þiggia giafir hans, en for vid þat a braut. er hann hafdi allt þegit af honum þat er hann villdi.

¹ Det, her og senere, i Parenthes indsatte Tal henviser til Capitelinddelingen i Recension I og II af Sagaen.

19. Þat er sagt, at Martinus for enn til borgar þeirar er Parisius heitir, þar mætti hann likþram manni ok kysti hann ok blezadi honum, ok vard sa þegar heill, ok kom sa til kirkju annan dag eptir ok gerdi þackir gudi fyrir heilsu sina. Þat er ok sagt fra Martino, at siukir menn feingu heilsu sina, er þeir snurtu trefr af klædum hans. 5

20. Arborius het einn ríkr greifi trur madr ok vitr, en dottir hans hafdi ridusott. En rit Martini hafdi þangat komit litlu adr. En er sottin kom at meyiunni, þa lagdi Arborius ritid yfir briost henne, ok hvarf sottin fra henne öll. En Arborio þotti sva mikils 10 um vert um iartein þessa, at hann het gudi meydomi hennar, ok for þegar sialfr at færa hana Martino, at hann vigdi hana þegar til nunnu.

21. Paulinus het madr, sa er auga sins annars hafdi mist i sott. Þa dro Martinus fiðr yfir auga hans, ok tok af slimit, er adr var yfir dregit, ok tok hann syn sina ok vard trumadr mikill. 15

21b. Sa atburdr er enn sagdr, er Martinus skyldi ganga um dag i lopt eitt hatt, þa brotnadi steginn, er Martinus kom i ofanverdan, ok fell hann ofan ok meiddiz miðg; voru bein hans miog lest, ok stor sar voru vida a likam hans. Þa qvomu at lærisveinar hans, ok urdu ryggir vid, er þeir sa hann sva matt-20 litinn ordinn. Sidan toku þeir hann upp ok baru i .i. litinn kofa, ok satu þar yfir honum, ok var hann þungt halldinn, ok la hann þar, þat sem eptir var dagsins. En ena næstu nott eptir vitradiz honum guds eingill ok strauk um öll sar hans ok bein ok bad hann heilan verda; ok um morgininn eptir qvomu lærisveinarnir 25 til hans ok fundu hann alheilan, ok urdu allir gratfegnir ok lofudu gud.

22. Nw verdr fra því at segia, at höfþingia skipti vard yfir Fracklandi, tok Maximus konungdom, en Gracianus var dreppinn af iarli þeim er Andracacius het, ok eptir þat tok Maximus rikit 30 ok rak or landi Valentinianum ok þau Justino bædi. Hann var madr ríkr miðg ok sigrsæll i orrostum, grimmr ok dramblatr ok vidr alla ovæginn. Honum þordu öngir byskupar i gegn at mæla utan Martinus einn, er postolum almattigs guds var likr i sinum krapti, þviat sva er fra sagt, at alla þa hluti, er Martinus vildi af 35 honum þiggia, þa baud hann honum af guds halfu at gera sva sem sinum undirmanni, ok var Maximus miðg ræddr vid hann. Maximus konungr baud iafnan Martino til veizlu¹. En Martinus svaradi enu sama ok qvad ser vera ofallit at samneyta þeim manni,

¹ stundum hann hann til *tlf.* Cd.

er annan konung hafdi af radinn en annan or landi rekinn. Maximus svaradi því fyrir sík, at hann hefði eigi konungdom tekit af sinni fysi helldr at radi allra landzmannna, ok lez hann skylldr hafa verit at veria land sitt, ok qvad hann eigi guds vilia ser hafa i moti stadt, þvíat hann hafdi sigr haft i þeim bardaga, er eingi madr vænti honum lifs. Af sliknm ordum ok bænum Maximi þa Martinus veizlu at honum, ok vard konungrinn því akafliga feginn. Mørgum gófgum monnum var bodit til þessarar veizlu ódrum en Martino. Þar var iarla er Evodius het, enn rettlataztí madr, ok brodir konungs, ok sva födurbrodir hans, en a milli þeira sat prestr Martini, sa er honum hafdi þangat fylgt, en sialfr Martinus sat i hasæti hia konunginum. Ok er veizlunni var skipat, koma inn skutilsveinar konungs. Konungr bendi þeim manni, er a hans bordkeri hellt, at hann seli byskupi kerit, ok villdi, at hann blezadi ok drycki fyrri, en hann ætladi ser sidar at drecka. En er Martinus hafdi druckit, þa selldi hann kerit presti sinum ok virdi eingan makligra at taka vid sinni dryckiu helldr en prest sinn sialfs. Þessa tiltekiu hans undradiz konungr ok allir, þeir er vid voru staddir, ok vard þeim Martinus tindr af því, er hann gerdi sva (i) konungs hóll, sem eingin byskup hafdi fyrr gert, at virda meira kennimenn en veralldliga hófþingia. At þessi veizlu sagdi Martinus konunginum marga oordna hluti fyrir, þa sem sidar komu framm um vidskipti þeira Valentiniani keisara, sagdi hann sva Maximo konungi, at ef hann færí sudr yfir fiall, sem hann barst fyrir, at beriaz vid Valentinianum keisara, þa mundi hann sigr hafa i enum fysta bardaga en lata(z) þo litlu sidar fyrir sinum ovinum. Þetta geek allt eptir, sem Martinus sagdi fyrir, þvíat þa er þeir borduz, feck Maximus sigr, en Valentinianus flydi a fund Theodosij konungs, ok efldi hann hann a moti Maximo, ok bôrduz þeir a odru ari eptir ok drapu Maximus skamt fra borg þeiri er Aqvilegia heitir. Eptir þat kom Theodosius Valentiniano aptr i riki sitt, ok tok þa Valentinianus retta tru fyrir Theodosium, þvíat þa var daud en versta drottning Justina modir hans.

35 **22b.** Marga dasamliga hluti veitti almattigr gud enum helga Martino byskupi, þa er eigi eru einkum greiniliga í frasagnir færdir, í fagrligum fyrirburdum ok i hversdagligu vidmæli vid guds eingla edr adra helga menn, þa er honum sogdu oordna hluti fyrir edr letu hann vita þa hluti, er annars stadar gerduz a londum ok honum var forvitni a at vita. En i annan stad þoldi hann hvers-

dagliga skapraun i fianda freistni ok morgum sionhverfingum, þviat diðfullinn leitadi því meir hans at freista, sem hann for fyrir honum avallt rakligar en fyrir odrum astvinum almattigs guds, sva sem synaz mun i þessum atburdum er nu fara eptir.

krapta Mauri, þviat lif hans var ath ollu æдра miklu, en vær
megim þat skyra.

2. Dat var æ einnihverri tid, ath nockur tiginn madr bad
20 helgan Benedictum, at hann færi til heimkynna hans, þviat kona
hans, er skðmmu adr hafdi lettari ordit, var ordin od af diofli, ok
sva barnit, þat er hun hafde fætt. Hann for med honum ok mællti,
at Maurus skylldi þar fyrir rada, medan hann væri heiman. Maurus
for þann sama dag med ódrum braedrum at binda korn, ok eigi
25 allskamt a braut. Peir komo aprt nær midium degi, ok adr þeir
kæmi allt heim, þa var borinn a mot þeim sveinn einn mallaus
ok halltr. Fadir hans ok modir fellu til fota Mauro ok badu, at
hann gæfi heilsu syni þeira, en hann taldi sik sekjan ok syndugan
fyrir gudi, ok eigi sig slika luti mega gjora, ok kallade þat postola

verk vera at giora slike iarteinir. En þeir er honum fylgdu, toku at bidia honum hugganar. En Maurus var huggodr ok felldi tær, er hann sa þau klauckva, ok fell hann til bænar. En er hann hafdi lengi **aa** bæn werit, þaa tok hann stolo af halsi ser¹ ok lagdi yfir hófud ens siuka ok gerdi krossmark yfir honum ok leit upp **5** til himins ok mællti: «Drottinn Jesus Kristr, þu er svo mælir vit lærisveina þina²: satt segi ek ydr, at allir hlutir þeir er þer bidit, þa truit þer þvi, at þer munit audlaz af gudi; syn þat oss nu þrælum þinum litlum ok syndugum, er treystumz i ordum **10** þinum helgum ok þa tru hófum, er þu letz þer soma at veita oss.» **10**.
 Sidan snæriz hann til ens siuka ok mællti: «I nafni heilagrar ok oskiptiligrar þrenningar ok holpinn af verdleikum ens helgazta meistara wors stattu **aa** fætr þina alheill ok retrr.» En er hann hafdi þetta mællt, þa spratt sveinninn a fætr ok geck þegar fraliga ok lofadi gud ok mællte: «Lofadr se gud skapari allra luta, sa er **15** ser let soma at græda mik fyrir verdleika ens helgazta þræls sins Benedicti ok ens sæla hans lærisveins Mauri.» Pa kom Benedictus ok bratt heim ok sagdi, at þeir voru þa heilir, er hann for ath hitta.

3. A þeiri tid komu sendimenn til munklifis heilags Benedicti, þeir voru or borg þeiri, er Cinomamnica heitir, ok sendir af **20** byskupi þeim, er Berticiamus het, þviat sa enn helgasti byskup vissi heilagleik ens agætazta Benedicti ok sendi Plodegarium erkidiakn ok marga sidsama menn med miklum giðfum ok bad helgan Benedictum senda ser munika nockura vel lærda, þa er kynni regulohalld þat, er Benedictus hafdi sett, ok fyrirsogn hefdi, **25** hversu munklifi skyldi setia. En hinn helgi Benedictus vissi adr en þeir kæmi, ok svo af hverio þeir foro. Ok þott hann vissi fyrir, ath þa nalgadiz andlatztid hans, þa sendi hann þo Maurum ok fiora brædr med honum, ok mællti hann, ath þeir skyldu svo hlydnir vera Mauro, sem þeir hofdu honum verit. En munkarnir **30** urdu miog hryggvir vit þat, þviat hann hafdi sagt þeim andlatzdag sinn, en þeir sa þar til hugganar, er Maurus var, eptir andlat Benedicti. En er Benedictus sa marga munika grata, þa kalladi hann saman alla klerkasveit sina ok mællti: «Svo segir Pall postoli, ath godgiðrn er ast, ok godgirni astar vorrar skulum vær **35** mest rækia; fyrir astar sakir vit mik skulut þer huggazt nu, þviat mattugr er gud at senda ydr annan foringia, þann er miklu er dýrligri, ok þer megit þa lifa ath þess dænum ok tenad hliota af hans verdleikum, ok þat er naudsynligast ath sia **aa**vallt vid

¹ Þer Cd. ² sina Cd.

fiandans slægdum. En þat er wid þa at mæla, sem ek sendi til annarra herada, at þer sed traustir i hug ok styrkit hiðrtu ydur í heilagri sidsemi, ok vitid þer þat, ath því meiri laun munu þer taka af gudi, sem þer þolit meira vil fyrir hans sakir, ok latit ydr ⁵ eigi hryggva andlat mitt, þvíat ek mun ydr avallt vera tenadar-madr.» En er hann hafdi þetta mællt, þa kysti hann þaa Maurum ok leiddi þa til klaustradyra ok selldi Mauro regulobok, er hann sialfrí hafdi ritad, ok gaf þeim blezan ok bad þa fara i guds fride.

4. Þeir hofu ferd sina þrim nottum eptir .xiii^{da}. dag iola, ok ¹⁰ gisti fyrst í syslu Benedicti ær bæ þeim, er Voleia heitir, ok toku þar vit þeim munkar vegsamliga, het annarr Probus en annarr Aqvinus. Þa hafdi Benedictus þangat senda enn fyrra dag. En er þeir Maurus höfdu lokit ottusöng um nottina, þa komu þar .ii. munkar, er Benedictus hafdi senda, Honoratus ok Felicissimus ¹⁵ frændi Mauri, ok færdu Mauro gifafer þær, er Benedictus sendi honum; þat voru helgir domar, þrir spænir af krossi drottins ok af helgum dome Marie drotningar ok heilags Michaelis ok Stefani frumvotz Kristz ok heilags Martini, ok rit, er hann sendi Mauro, þat er svo mællte: Taktu vit hinum efzstum giðfum meistara þins, ²⁰ ok vænti ek þess, at giafir þessar muni ydr hlifa vit ollum illum hlutum, ok þat vitradi mer gud giærdags, þa er þer vorut hedan í burt farnir, at þu mundir lifa þria vetr, fra því er þu kæmir í munklifi, ok vera þaa innleiddr i fagnat drottins þins. Þat segi ek þer ok, ath ydr mun mart til torfellda verda ok dvala i ²⁵ þessi ferd, ok mun fiande upp egna snöror slægdar siunar í moti ydr. En alldregi mun gud ydr fyrirlata, ok hann mun opt veita ydr girndir ydrar, ok lifi nu heill ok sell.

5. Padan for Maurus í þann stad er Vercellis heitir, ok þar ³⁰ dvaldiz hann two daga, ok fylltiz spasaga Benedicti um farardvol þeira. Harderadus felagi þeira skyldi ganga ofan or stöpli einum hafum, en andskoti hepti for hans ok felldi hann ofan, ok lamdiz hann allr ok var borinn i linduki til fórunauta sinna nær örendr. Allir urdu þeir hryggvir vit þenna atburð, ok fell þat einna næst Plodegario erkidiakni. Þar voru þeir fior tan daga, en honum þotti ³⁵ avallt helldr at ser aka. En hægri hond hans, óxl ok armleggr þrunadi miok ok bles alla, ok var þa ætlat, at læknar mundu skera eda svida holld hans. En Plodegarius villdi eigi þat, ok for hann til kirkju, þar sem Maurus laa a bæn sinni, ok fell til fota honum ok bad med tarum, ath hann gæfi heilso Harderado ok leti ⁴⁰ eigi skera ne brenda holld hans. Sæll Maurus fell til bænar fyrir

alltare ok retti hendr sinar fra ser ok bad leingi fyrir enum siuka, sidan reis hann upp ok tok af altari budk, er Benedictus hafdi sent honum ok helgir domar voru i, ok for til ens siuka ok tok span af krossi drottins ok gerdi kross med honum **æ** oxl hans ok a ollum armi ok mællti: «Sa gud, er holldgaz let eingetinn son 5 sinn af helgum anda ok beraz i heim þenna fra Mariu mey, ok var pindr til lausnar ollu mannkyni a þessum enum helga krossi, sa sialfr gud, skapare allrar skepnu, lati ser soma at græða þik fyrir krapt ens helga kross.» Ok er hann hafdi þetta mællt, þa sprack i þrim stodum ok fell or mikit blod. Plodegarius matti 10 eigi vatne hallda, er hann sa svo mikla iartein, ok lofadi gud ok enn helga Benedictum, er þa lærisveina hafdi fostrad, er slik takn giordu. Ok þangat for mestr luti borgarlyds, ok þotti hvert sæll, er sia matti Maurum. En eigi eignadi hann ser þetta helldr lausnara vorum Jesu Kristo ok drottinligum krossi ok verdleikum ens sæla 15 Benedicti. Harderadus var þa nær alheill ok bad Maurum, at hann færi eigi a braut enn næsta dagh, adr hann hefdi komit til hverrar kirkju i borginni, ok færa lof gudi ok helgum monnum fyrir sakir heilsugiafar sinnar, ok þat veitti Maurus honum.

6. A fintanda degi þadan, sem nu var greint, hofu þeir ferd 20 sina. Þa bar svo til, ath þionn þeira, sa er Serglus het, fell af baki ok a hvassan stein, ok er hann villdi upp risa, þa var hann allr laandr, svo at hann matti hvergi hræra sik, ok brotinn var fotr hans enn hægri, ok allr var hann sarr. Maurus geck þangat ath, sem hann **læ**, ok hellt ath fæti hans enni winztri hendi, en 25 med hægri hendi gerdi hann krossmark yfir honum, ok mællti svo: «I nafne almattigs gud(s), þess er leysir med krapti sinum fiotrada ok þa sem i hoptum ero, riss upp þu heill ok þiona oss þrælum guds, svo sem Benedictus baud þer.» Serglus reis upp þegar heill, ok foro þeir til þess, er þeir komu til kirkju. Þar sat madr fyrir 30 kirkudyrum, sa er blindr hafdi verit alla æfi sina, ok bad giafar alla þa, er ut eda inn gengu i þa kirkju. Hann heyrdi getid, ath Maurus var þar kominn lærisveinn Benedicti. En er Maurus geck or kirkju ok forunautar hans, þa lagdiz enn blindi madr nidr a stræti fyrir þa ok kallade: «Ek særi þik, Maure þræll guds, fyrir 35 þa ena dyrligu pislarvotta, sem her hvila, ok fyrir göfugleik nafns meistara þins Benedicti, attu gefir mer syn af bænum þinum.» En er guds madr heyrdi þetta, bad hann, ath hann stædi upp, ok er hann stod upp fyrir honum, þa spundi Maurus, hversu leingi hann hefdi þar verit. Hann sagdi, at sa var enn ellepti wetr fra 40

því, er hann kom þar. «Fyrir hvi, sagdi Maurus, hafa eigi þessir enir helguzu pislarwottar, er pinaz letu fyrir guds sakir, gefit þer syn, ef þeir villdi þík sia lata, þvíat þeir mundu audlaz þat af gudi, þvíat þeira er slikt at gera, en eigi wort, ok þurfum vær 5 þeira **aa** hverri stundu.» Geck þa Maurus i brott. En þessi kalladi eptir honum akafliga ok taldi upp vesold sina. Þa hvarf Maurus aptr til hans ok felldi tær, ok sa i gaupnir ser, en stundum i himenenn, ok lagdi kross yfir augu ens blinda ok mællti: «Drottinn ok grædari Jesus Kristr, sa er satt lios er, þat er lysir 10 hvern mann komanda i þenna heim, hann sialfr lati ser soma fyrir akall nafns sins at lysa þessum manne ok fyrir werdleika þessa heilagra piningarwotta, sem hvila i þessum stad, ok ens helga vors meistara Benedicti, ath sia madr megi lita dasamlig werk sialfs guds skapara allra luta ok lausnara wors ok hann at lofa feginsamligri 15 röddu ok verki sannrar tru.» Ok er hann hafdi þetta mællt, þa fell þegar blod mikit af augum ens blinda manz, er Linus het, ok tok hann þegar syn sina ok sa sol, er hun skein biart, ok söng Benedictie med miklum fagnadi. Hann hafdi numit salltara ok allar hversdagligar tidir, svo at hann hafdi heyrta adra syngia. En 20 er su iartein var sogd um borgina, þa for þangat mikit fiolmenne ok badu, at Maurus skylldi gefa þeim blezan. En hann mællti sva: «Benedicat vos dominus in Syon omnibus diebus vite vestre.» Þat mælir sva: Blezi ydr drottinn, sa er byggvir i Syon, **aa** ollum dögum lifs ydvars. En hann mællti svo vid Linum, ath 25 hann skylldi þar þiona gudi ok helgum pislarvottun hans.

7. Sidan foro þeir Maurus þadan i brott, ok er ecki getit um ferd þeira, adr þeir toko ser herbergi eitt kveld nær kirkju, er helgud var Mariu drotningu, ok þar var hus litid hia, er kona su var i, er Remicia het, ok sour hennar, er legit hafdi two daga 30 i dae, svo at menn vissu eigi, hvort hann var iendr eda eige. Kona su hafde mist bonda sins litlu adr, ok fell henne nær harmr sia allr saman, ok sat hun yfir syni sinum gratandi. En Maurus geck til kirkju snemma nætr, sem hann var vanr. En er **aa** leid nottina, þa kom honum i hug, hve aum honum þotti vera kona 35 sia, er sat yfir syni sinum nær daudum, eda hversu nær henne fell harmr sia allr saman, er su var eingi stund, er hun matti sig fra grati hallda. Þa fell Maurus til bænar af nyiu ok bad drottin, at hann miskunnadi konu þessi ok gerdi heilan son hennar. Þa reis hann upp af bæn ok for til felaga sinna hliodliga, ok 40 vakti Simplicium munk ok bad hann upp risa leyniliga ok fylgia

ser. Ok er þeir komu til kirkju, mællti Maurus: »Mikil sott er mer i því, er ek se konu þessa hryggva, ok vil ek, at vit farim badir til reckju ens siuka manz, ok mætti svo vel verda, at haleit tign almattigs guds graedi hann.« Ok er þeir komu þar, þa mælltu þeir svo: »Kistr drottinn ok grædari wor, einka won ollum siukum ok harmsfullum, sa er miskunnandi war eckiu þeiri, er færði lik sonar sins med miklu fiolmenne, ok reisti upp son hennar til lifs at asiandum flockum Gydinga, nu lati hann ser soma ath hugga þessa konu med þeiri somu mildi ok gialldi henne son sinn alheilan.« Ok er þeir höfdu þetta mællt, foru þeir i brott. En sa er tva daga hafdi i dae legit an vitz ok mals, tok nu at mæla vit modur sina: »Hird eigi þu at grata, sagdi hann, þviat med tarum eins þræls guds var ek aptr kalladr til lifs fra helvitis kvolum.« Ok er hann hafdi þetta mællt, reis hann upp ok for til kirkju, þa er þeir sungu ottusong Maurus ok hans forunautar, veik þegar þar at, er Maurus var, ok mællti: »At sonnu ertu sa, er mik kalladir fra domstoli þeim til lifs med þinum tarum ok verdleikum, er ek var til kvala dæmdr.« Sia iarteign for um allt þat herad, ok foru margir menn i moti þeim, þar sem þeir foru, ok sungu lof gudi þeim, sem svo dyrkar helga menn sina. Sa madr het Olegius, er nu (var) fra sagt, ok tok munks wigslu i munklifi því er Siriensis heitir.

8. Þeir Maurus foru sidan ferd sina, þar til er þeir komu í þorp þat er Autisiodorensis heitir, ok var þat skirdags aptan. Þar heyrdu þeir getid Romani, munks þess er verit hafdi tænadarmadr heilags Benedicti fyrir longu, sem sagt er i sogu hans. Þa hitti Romanus Maurum ok foronauta hans, ok bad hann, at þeir færi þangat allir um paskana. En Maurus var fus at finna Romanum ok einkum af því, ath hann viði, at þa mundi heilagr Benedictus andaz þvottdaginn, ok hugdi gott til ath tala vit Romanum, ok foru þangat fostudaginn, ok tok Romanus wel vit þeim. Forunautar Mauri keyptu fæzlu, þa er hafa þurfti um paskana. En er þeir Maurus ok Romanus ræddu um dyrd eilifs lifs. En er þeir hofdu lokit tidum um morguniinn, þa mællti Maurus vit enn helga Romanum: »Aa morgin er sa dagr, er heilagr fadir vor Benedictus mun fyrirlata þetta lif ok stiga upp til eilifs lifs.« En er Romanus heyrdi þetta, þa tok hann akaffiga at grata. Maurus villdi hugga hann ok mællti: »Oss hæfir helldr at fagna hans andlati, þviat þar hofum vær nu mikinn fulltingsmann ok formælanda fyrir oss, ok er hann oss nu nalægari, hvar sem vær erum staddir, en

þa at hann væri her i heimi.« Ok þo at hann mællti slikt, þa matti Romanus eigi hallda sik fra tarum. Nott þa vakti Maurus ok foronautar hans, ok svo Romanus ok nockurir hans lærisveinar, ok sungu þeir allir salma ok bænir i minningu andlatz heilaghs Benedicti eptir sid Romveria. En er nott su leid or hondum ok lokit var tertio um morguninn, þa var Maurus at kirkju ok la a kirkiugolfi. Þa bra því vit, at hann þottiz vera heima i munklifi Benedicti, ok sa hann gotu liggia upp til himins austr fra kofa Benedicti; hun var þakin fogrum mótlum ok mórgum itarligum steinum. Pessa syn sa med honum .ii. brædr. Þeir undrudu miok syn þessa. Sidan sa þeir mann a gotunni buinn virduliga ok biartan i alite. Hann spurde, hvern þessa gótu ætti. Þeir kvoduz eigi vita. Þa mællti sa, er æa gotunni var: »Pessa gotu stigr heilagr Benedictus upp til himins.« Sa annar, er sa syn þessa med enum helga Mauro, var heima i munklifi Benedicti, en annar fiarlægr þeim stad, svo sem segir enn sæli Gregorius pave. Maurus sagdi vitran þessa Romano ok felogum sinum, ok helldu þeir þar gofugliga upprisutid drottins vors ok foru i brott annan dag i paskum. Þa mællti Romanus vit enn sæla Maurum: »Ef ek mætta fyrirlata þenna stad, þa munda ek giarna þer fylgia, enn kærazti vinr; nu bid ek, ath gud almattighr se avallt med þer ok brædrum þinum ok leidi ydr til sannrar fyrirheitziardar, þeirar er hann het voldum monnum sinum.«

9. Þadan foru þeir til þess stadar er Aurelianus heitir, þar var þeim sagt andlat Berticiamni byskups, ok þat med, ath annar var til byskups tekinn ok vigr i hans stad, sa het Dompnulus. Pessi tidendi óflodu þeim ahyggju mikillar ok hrygleiks, ok vissu eigi, hvat þeir skyllu til rads taka. Heilagr Maurus mintiz æ spasogu meistara sins, þa er hann sagdi mart torvelligt vera i þessi stundligri dvol, þviat gud launar þat margfalldiga, er menn þola til vandræda her i heimi fyrir hans sakir; «letz hann oss ok, sagdi Maurus, avallt fylltingsmadr(!) vera skyllu. Abraham hofutfadir for a brött af fodurleifd sinni at bodordi guds ok til annars landz ok audladiz af gudi blezan allz sin(s) kyns. Vær skulum ok gladir vera i þessi utlegd ok bida svo hugganar af gudi ok likiazt eptir meistara worum, er geck fra allre eigu sinni, ok um sidir leyndiz hann fra fostra sinum ok villdi gud(i) einum lika ok at honum einum hyggia, ok fyrir þat audladiz hann mikla miskunn ok tign af gudi, svo at eingi hefir fremri verit heilagra manna, þa er postola leid, ok setti fleiri munklifi en nockur annarra ok færði

gudi margar þusundir algerra munka.» En af þessi aeggian heilags Mauri þottuz þeir þegar stodugari vera en adr ok spurdu leidtoga sina, hvat þeir skyldu til rads taka. Harderadus mællti: »Pat syniz iner til liggia, ath vit, er eptir ydr vorum sendir, ok er sem þer haft fyrir vorar sakir þolat mikit vil ok erfidi i þessi fór, ath vit leggim þat erfvidi a ockr at fara til fundar vit þenna byskup, sem ockr er okunnigr, ok segim honum allan tilgang farar vorrar, ok kunnim sidan ydr skyrt ath segia hans vilia, en þu bid her, enn göfgazti fadir, i þeim stad, ok brædr þínir þeir sem med þer ero. En ef sia byskup vill eigi þat gera lata, sem hinn fyrri byskup sendi ord til, þa munum vær finna adra gotu, ok mun gud eigi lata verda þarflaust erfvidi ferdar ydvarar.«

10. Sidan foru þeir til þess, er þeir komu til borgar sinnar, ok tok byskup vid þeim forkunnar vel ok het þeim þegar audæfum sinum ok allre virding þeire, er þeir höfdu adr haft. Þeir 15 sogdu honum fra fór sinni ok letuz þat hafa aflat, sem þeim var bodit, ok spurdu¹, hversu hann villdi þenna lut vera lata. En honum kvodz(!) ecki mikit um utlenda menn ok letz ecki mundu klaustra smida lata at rade utlendz manz. En er Harderadus heyrdi, at byskup tok því ecki flíott, þa sendi hann frænda sinn, 20 er Hardemarus het, til fundar vit Maurum, ok bad hann eigi hryggvan vera um þessa sok, helldr skyldi hann fara til herads þess, er Andegaunensis heitir, ok kvaz hann þar mundu fyrir vera, þa er þeir kæmi þar. Maurus vard gladr vit þetta ok felagar hans. Sidan foru þeir i þann stad, er Testis heitir, ok fundu þar 25 Harderadum ok konu hans, er Cecilia het, ok sonu þeira, ok höfdu þau þar bedit two daga ok buit þeim goda veizlu. Þa gengu þeir Maurus ok Harderadus brott fra odrum, ok Cecilia kona hans, til tals, ok sagdi Harderadus allt, sem farit hafdi med þeim byskupi. Þa spundi Maurus, hvat til rads skyldi taka. Harderadus svaradi: 30 »Ek a mann þann, er Florus heitir, hann a miklar eignir i herodum þessum ok odrum, ok hann er mestr höfdingi æ ollu Fraklandi, þa er konungrinn lidr, ok hefir svo mikil metord af honum, at hann dæmir nær um oll mæl, þau sem verda milli manna i hans riki, ok þott hann starfi i mórgum veralldligum ahyggium, 35 þa þionar hann þo stadfæstliga almattigum gudi, ok hann vill munklifi reisa lata af sinum eignum, ok þangat ætlar hann ser til, þa er hann fær leyfi til þess af konunginum. Hann er kvongadr madr, ok eigi af því at hann girntizt þat, helldr let hann at

bæn konungs ok frænda sinna; hann a einn son vit konu sinni, ok ætlar hann honum i þat munklifi, sem hann lætr gera, ok þangat ætlar hann ath fā þa menn, ath algiorvir se i klerkdomi ok godum sidum, at sonr hans læriz af þeim ok þeira dæmum.
 5 Nu ætla ek at gera mann til hans, þann er skyri fyrir honum sök hingatkomu ydvarrar, ok sa segi oss sidan hans vilia, ef hann vill eigi sialfr fara at finna oss. En vær munum fara fyrir til þess stadar, sem hann hefir æflat, at munklift skyldi setia, ok litum a, hverso oss syniz sa stadr til þess fallinn.« En er Maurus
 10 heyrdi þetta, þa vard hann hardla feginn, ok foru þeir þegar annan dag til þessa stadar.

11. Pa red fyrir Fraklandi Theobertus konungr, ok var Florus i ferd med honum ok metinn allra manna mest. Ok er sendimadr Harderadi hafdi uppborit erende sin fyrir Florum ok
 15 sagt honum, at þeir Maurus voru þa æ ferd komnir, ok sva ath Dompnulus byskup villdi eigi vit þeim taka, þa geck þegar Florus æ konungs fund ok sagdi honum, hver sok til var, er Maurus var þangat kominn, ok sidan sagdi hann konungi sinn vilia ok beiddi, ath hann leyfði, ath Florus leti munklife setia, ok sidan
 20 redi Maurus þar fyrir. Konungrinn svaradi: »Svo sem þu hefir oss hingat til truliga þionat ok gert i ollu vorn vilia, þa megum vær eigi synia þer þess, sem þu bidr, ok far þu sem fyrst ok finn þa menn, er þer hafa ord sent, ok mun ek til leggia mina hammingiu, ok tak vit þeim enum helgum monnum wirduliga, ok giðrr
 25 þat, er þik fysir ok gudligh tign lætr þer i hugh koma; bid þa helgha menn, ath þeir arni oss ok sonum vorum miskunnar vit gud, ok at þeir bidi optliga fyrir ollu landzfolkinu, ok seg svo, at vær erum bunir at veita þeim hlydni i ollu þvi, er þeira embætti heyrir til; bid ek, at þeir hallde vel reglum sinum eptir bodordi
 30 meistara sins. Ok ek mun smida til afta, eptir þvi sem þu beidir, ok sia smid verdi skjott algjör.« Sidan for Florus med þessum ummælum konungs til bæiar sins þess er heitir Glannafolium.

12. En er Maurus ok Harderadus urdu varir vit kvomu Flori, þa gengu þeir a mot honum, ok þegar er þeir hittuz, ste
 35 Florus af baki ok fell til fota enum helga Mauro. Ok er hann reis upp, þa mintuz þeir til ok felldu tær fyrir fagnadi. Sidan tok Florus ena vinzstri hond Mōri¹ ok kysti æ sidan ok mællti: »Mikill fagnadr er oss a hingatkomu þinni, þar sem þu ert þræll ens hæsta guds ok lærisveinn ens helga Benedicti, þviat hans

40 1 Først skrevet flori i Cd.

vegr ferr nu um allan heim, ok lofat se nafn drottins, þess er þik sendi ok þina forunauta til þessa herada ok oss til tenadar.^s Annan dag eptir syndi Florus Mauro stad þann, er hann ætladi munklifit at setia. Þa sendi hann eptir syni sinum Bertulfo, ok selr hann i hendr Mauro til læringar. Hann var þa atta vetrā 5 gamall. Þa lysti ok Florus yfir því, at hann ætladi ser þangat, ef hann fengi leyfi til þess af konungi. Sidan let hann samna smidum mórgum ok verkmonnum, ok var þar munklifit reist, er odrum megum var fiall, en odrum megin á mikil. Fyrst var þar kirkia gior, ok sidan er vigd var, var helgut enum sæla Martino 10 byskupi ath radiⁱ Mauri, ok þar var hann grafinn at þeiri kirkiu.

13. Florus hafdi haft einn steinsmid fra konunginum, hann var lærdr madr. Þat var einn dag, at Maurus sat uti hia, þar er þeir smidudu, ok sa a bok sina, ok þar var Florus hia honum, ok skyrdi Maurus honum af bokinne. Þa vard þat, at smidr sia 15 fell ofan af hinum hæsta steinvegg ok æ einn mikinn Stein, hann fell a bak aprt ok landiz mi(o)k. Allir ætludu hann andadan ok ræddu um, hvor hann skyldi grafa, þviat blod fell hvervetna um hann. Þa komu þeir til Maurus ok Florus þar til, sem hann la. Maurus baud, at hann skyldi bera til kirkudyra. Hann bad þa 20 adra i brott fara, en hann fell til bænar fyrir alltare, ok er hann lauk bæn sinni, geck hann ut ok gerdi krossmark yfir enum lamda ok mællti: »I þess nafni, ermanninn skapadi or leiri iardar ok gaf honum lifs anda, ris upp þu heill ok smida klaustra þenna, þar til er lokit er.« Hann aurðgadiz upp þegar, ok sem hann vakn- 25 adi af svefni, ok undradi, er hann var þar kominn. Maurus sagdi, at adrir baro hann þangat. Ok er hann var þangat kominn, komu þeir þar Florus ok Simplicius. Florus fell til fota Mauro ok mællti: «Ath sonnu er þu Maurus lærisveinn Benedicti, þess er vær heyrdum opt fra sögd þvilik takn.» Ok eigi þordi hann at 30 koma vid klædi hans.

14. En þa er sa kom til smidar er græddr var, toku nöckurir enir verri menn at amæla enum helga Mauro ok sögdu, at hann hefdi² þessa iartein til þess gert, at hann væri þa meira virdr en adr, en eigi fyrir sakir gæzku, ok hann mundi því farit hafa fra 35 sinu odale ok til fiarlægra herada, ok svo at hann mundi slika lutu gera af nockórum golldrum en eigi af guds krapti. Ok er þeir ræddu slikt, þa hliop diofull i þria verkmenn ok kvalde akafliga, svo at einn feck bana af, sa het Flodegissus. En er guds madr

ⁱ raudi Cd. ² gerdi Cd.

fra þat, felldi hann tar ok geck til kirkju Martini, ok bad fyrir enum andada ok svo fyrir þeim, er ohreinn andi kvaldi. Sidan reis hann upp af bæn ok geck þangat, sem enir odu menn voru. Þeir rifu klædi af ser med tonnum. Hann gerdi krossmark yfir 5 þeim ok mællti: «Drottinn vor Jesus Kristr, eingetinn guds son, sa er þann matt gaf lærisveinum sinum, at þeir traði undir fotum höggorma ok eitrorma ok allan uvinar krapt, leysi hann ydr nu af þessi diofuligri kvol.» Þeir gnistu tónum ok iusu molldu i hófut ser, en hann geck at þeim eigi at sidr ok retti fingr sinn i munn 10 þeim. En ohreinn andi matti eigi þar ut fara, sem fingr hans voru fyrir, helldr for hann ned saur i brott. Þa bað Maurus, at enn andada skyldi bera i kirkiuskot, ok svo var gert. Hann vakti alla þa nott ok bad med tórum, at hann gæfi lif enum andada, ath eigi vægi diofull sigr a honum. En um morguninn 15 eptir let hann Simplicium munk syngia messo fyrir þeiri enni somu salo, ok er messo var lokit, þa gengu þeir þar til, er likit la. Þa mællti Maurus: «Drottinn Jesus Kristr, þú er upp reistir Lazarum, er fiora dagha hafdi i grauf legit, ok fyrir bænir þraels þins Helye lifgadir þu eckiu son, ver þu nær oss þraelum þinum 20 ok gialld þeim likama önd sina, þa er diofull tok i brott med mikille kvol.» Ok er hann hafði þetta mælt, þa skalf likit, ok eptir þat settiz madrinum upp. Maurus mællti þa: «Ef þu villt lifa, þa far þu i brott þegar ok kom alldri i þenna stad sidan.» Þetta bað hann honum fyrir litillætis sakir ok þess, ath hann 25 vildi eigi ordlof af monnum hafa fyrir þetta verk.

15. A enum atta vetri þangatkvomu heilags Mauri var klastrid algert. Þa var Eutropius heilagr byskup i því heradi. Fiorar voru kirkjur i munklifi Mauri. Ein var helgud Petro postola, onnör Martino byskupi, þridia Severino byskupi, en fiorda 30 var giðr **aa** þa leid sem enn hæsti turn, ferskeytt at vexti, ok var helgut enum sela Michaelae hófudeingle. Florus mintiz þa þess, er hann hafdi heitid, ok for til fundar vit konung ok bad leyfiss af honum til þess at taka munks vigslu ok þann sid, er þar **aa** at fylgia, ok baeta svo yfir misverka sina, er hann hafdi gert i veralld- 35 ligri atferd, med bænum ok odrum andar avóxtum. En er konungr leyfdi eigi þat, þa vard Florus uglaðr ok vildi þo eigi skiliaz vit konunginn. Konungrinn bad hann þar vera nockura daga, ok svo gerdi hann. Konungr spurdi vandliga ath Mauro ok iarteignum hans ok lifi ok allri atferd, eda hve margir munkar komu þangat 40 med honum. En Florus sagdi honum allt greiniliga slikt, sem

hann vissi af. Þa mællti konungrinn: «Ef ek vissa, ath þat likadi guds þræli, þa væra ek fuss ath sia hann ok stad þann, sem þar er reistr, ok vegsama hann med konungligri giðf.» Florus mællti: «Leitum fyrst ath því, hversu þetta hugni enum helga Mauro, ok gerum sidan eptir því sem honum þickir vera eiga.» Sidan sendi konungr hann þangat ok mællti svo: «Kunn þu bratt ath segia oss, hversu hann vill vera lata um þangatkvomu vora. Mikit þætti mer undir því, ef Mauro þætti svo vera mega, ath ek væra vit staddir, þa er þu leggr nidr veralldigan buning ok locka þina.» En er Florus kom til munklifiss Mauri, ok margir gaufgir 10 menn med honum or höll konungs, þa sagdi hann bratt Mauro vilia konungsins. En heilagr Maurus leyfði þat, eptir því sem konungr beidde, ok kvad æ skyrt um dag, hvenær hann skyldi koma.

16. Konungrinn kom ath nefndum degi. Gengu þaa i mot 15 honum allir munkar ok toku vel vit honum ok lidi hans. Konungrinn virdi þa litils metord sin ok tign, er hann hafdi af landzmonnum sinum, ok um morg lond onnur foru hans agæti, hann fell til fota enum sæla Mauro med miklu litillæti i purpuraklædum ok dyrliku konungsskrudi, ok bad enn sæla Maurum med tarum, 20 ath hann helldi bænum fyrir honum ok ollum hans undirmonnum. Þa tok Maurus i hond honum ok reisti hann upp. Konungrinn mællti þaa: «Agæt er tign meistara ydvars, ok fyrir longu kunnig hingat um lönd, þviat kraptr hans heilagleiks ok agæt verk, þau er vær heydum fra honum sogd, reynaz nu verda hversdagliga 25 giðr fyrir bænir ydrar ok verdleika, ok veitir þat oss mikinn fagnad.» Sidan bad hann Maurum, at munkar tæki hann i sveit sina ok samlag, ok nafn hans væri ritad med þeira nöfnum. Hann fal þeim a hendi son sinn Theodebaldum, ok baud honum sveininum ath vera eptirlatr enum sæla Mauro ok brædrum ok hagfelldr þeira 30 stad, ok hann væri tenadarmadr ok hlifesiolldr þeira optliga. Þa spurdi konungr, hverir þeir væri, er þangat komu med honum, ok mællti, at þeir skyldu standa allir saman, ok spurdi, hvat hvern heti. En er honum var sagt, þa mintizt hann til þeira allra, ok sidan kysti hann allt munka lid. Ok er hann sa Bertulfum hia 35 odrum brædrum, þa spurdi² hann, hverr sa væri enn unge munkr. Maurus sagdi honum, ath sá var son Flori. Þa kalladi konungrinn hann til sin ok fal hann æ hendi Mauro fyrir astar sakir vit fodur hans. Sidan kannadi hann öll munkahuss ok hugdi at,

¹ hversa Cd. ² sagdi Cd.

hversu honum þotti smidat vera, ok leitz vel **aa**. Eptir þat geck
 hann til Petrs kirkju ok gaf til þess stadar þorp nockut, er Boskus
 heitir, ok önnur þorp, þau er þar lagu i nand, ok let rita **aa** stadar-
 skra þessar tilgiafir allar. Þa lysti konungr yfir því, at hann
s mundi allt þat veita Mauro, sem hann beiddi **aa** þeim degi. Þa
 geck Florus til konungs ok bad, at hann leti giðra bodord konung-
 ligrar tignar yfir testamento því, sem hann let rita, ok þat veitti
 konungr honum. Þa voro færdar þær giafir þangat, er Florus gaf
 til stadarins, þat var bæde gull ok silfr ok gimsteinar ok klædi
io dyrlig. Sidan gaf hann frelsi. xx. þrælum sinum ok þar med godar
 giafir. Eptir þat geck hann til altaris, þar sem Maurus var fyrir
 ok öll klerkasveit, en odrum megin hia alltari stod konungrinn ok
 fylgd hans. Þa leggr Florus nidr allt heimsskraut; klyfti aboti fyrst
 af **haari** hans, ok þa konungr næst, ok sidan hverr at odrum merkis-
15 manna þeira, er konungi fylgdu. Konungrinn felldi tar fyrir
 fagnadi, er hann sa svo mikla godfysi med honum. Þa kalladi
 hann til sin brodurson Flori Landramnum ok feck honum veldi
 þat allt, sem Florus hafdi adr haft. Sidan bad aboti konunginn,
 ath hann gengi i hus þat, sem gestir voru vanir at vera ok af
20 virktum var gert. En er konungr kom þar, þa fell enn sæli
 Maurus til fota honum klækvandi. Konungrinn reisti hann upp
 ok spurdi, hvat hann villdi. Maurus mællti: «Sia er bæn ens
 minzta allra þioda, þeira sem her eru í þessum klaustra, at þer
 sed her i nott ok lid þat allt, sem ydr fylgir, ok neytid her þeira
25 guds giafa, sem brædr hafa ydr fyrir buit med godfysi.» En er
 konungrinn taldiz undan þvi litillatliga, þa mællti radgiafi hans, sa
 er Ebbo het, enn spakazti madr: «Veitid þeim þetta, herra, er
 þeir bidia med svo miklum godvilia, ok uggi ek, at gud reidiz
 oss, ef vær reitum í nockuru hug þeira.» Ok þa veitti konungr
30 þat, sem þeir bædu. En adr þeir foru í brot, þa let hann þangat
 kalla Florum. En er konungr sa hann klæddan munkaklædum,
 felldi hann tær ok mællti: «Packir geri ek almattigum gudi fyrir
 þinni godfysi. Bid ek þik, ath þu þioneer nu gudi þinum þeim
 mun betr ok rækiligar í þessi enni helguztu atferd, sem nu þionar
35 þu ædra konungi, en þa er þu hellt upp voro hofdi ok hafdir
 veralldigan bunad ok styrdir virduliga þvi valldi, sem þer var í
 hendr feingit, ok þu megin svo heimtaz fram í godlifi, sem salma-
 skalldit segir, at helgir menn munu fara af krapti í krapt, til þess
 er þeir sia gud guda í Syon.» Sidan tok konungrinn blezan af
40 Mauro abota ok for a brott sidan.

17. Annan dag for aboti at sia þorp þat, er konungrinn hafdi gefit til munklifissins, ok dvaldiz þar two daga. Þangat var færdr kararmadr, sáa er .vii. vetr hafdi i kör legit i því sama þorpi, ok var þa vitlaus; ok er guds madr signdi hann, reis hann upp þegar alheill, svo sem honum hefdi ecki til meins verit. 5 Sidan for aboti heim ok kannadi líf ok sidu lærivéina sinna, svo sem gert hafdi enn sæli Benedictus, ok eggjandi þa til gods lifs. Aa odru æri þangatkvomu Mauri reduz margir menn þangat ath piona þar gudi. Sumir selldu sono sina til læringar enum helga Mauro. En er .vi. vetr ok .xx. voru lidnir fra því, er munklift 10 var sett, þa voru þar .c. munka ok fiorir tigir; su sama tala hellzt leingi sidan, ok villdu menn hvorki auka ne minka þa tólu, er Maurus hafdi sett, ok matti þa vel endazt þat, er þar la til, ef eigi var fleira lid. En þa er Florus hafdi þar verit .xii. vetr ok þria manadi ok þria daga, þa tok hann sott ok andadiz .xii^{mo}. 15 kalendas Septembris, ok for til guds.

18. Theobertus konungr hafdi .xiiii. vetr radit fyrir Fraklande, þa er hann let velldi af hendi, ok tok konungdom Theobaldus son hans. Hann stiornadi miok eptir því sem fadir hans ok var vel vit enn sæla Maurum ok klerka hans. Hann for 20 eptir andlat fodur sins at finna enn helga Maurum ok færdi honum godar gjafir ok gaf til stadarins two bæi; hann vard skamlífr. Eptir hann tok riki Lotarius, hann for opt at finna Maurum ok sotti miök eptir hans radum. Pat var eitt sinn, at Maurus sendi .ii. braestr til hans af nockurum naudsynium, tok hann vit þeim 25 forkunnar vel ok let þegar til reidu þat, sem þeir beiddu. Hann spurdi þa vandliga at, hversu mikil tillaug enir fyrri konungar hefdi haft til munklifis þeira. En þeir sögdu honum þat glögliga. Pat var einn dag, at Maurus ok nockurir braestr med honum foru i þorp, þau er þangat lagu til munklifis þeira, ok komu þar sem 30 Gandiacus heitir. Pa geck Maurus til bænar i hus nökkt, ok .ii. munkar med honum. Ok er þeir höfdu setit þar um hrid, þa var þeim sagt, ath Ansegarius erkidiakn var þar fyrir dyrum uti ok villdi hitta Maurum. Hann baud honum inn at ganga. Ok sidan er þeir höfdu talat slikt, er þeim var skylldaz, kalladi Maurus til 35 sin Simplicium munk ok mællti vit hann: »Pessum manne eigum vær vel ath fagna, þvíat hann er enn kærazte vor win ok var fyrrum heimamadr wor, ok skulum vær byrla honum astar vin ok heilagrar elsku sem andligir menn andliga.« Simplicius mællti: »Eigi höfum vær meira vin en i einu litlu keri, þat sem vant er 40

ath hanga i kofa worum.« »Ber þo þat hingat,« sagdi Maurus. En er þat kom, mællti hann: »Takit oss ok nockut braud.« Maurus gerdi krossmark yfir kerino ok mællti: »Mattugr er gud, sa er matbord bio þrælum sinum i eydimork ok let vatn gnogligt spretta fram af hellu einni, þa er Gydingum var vatzfatt, ok enn hefir hann matt til þess at gefa oss þrælum sinum gnott wins, svo at vinniz, sem vær kunnum oss þörf til.« Af þessu enu litla keri drucku siautigi manna, ok drack hverr af þrim sinnum, ok var þa kerit fullt, er þeir höfdu druckit, svo sem fyrir öndverdu¹. Sia iarteign þotti þeim lik vera því, sem Heliseus spamadr gerdi, er hann fæddi leingi marga smidu med litlum mat. Eptir þat for Maurus heim ok forunautar hans, ok mætti siukum manne midleidis ok gerdi krossmark a mot honum, ok tok sa þegar heilsu.

19. A þeiri tid kom Lotarius konungr i þat herad, ok sendi ord hinum helga Mauro, at hann kæmi til motz vit hann. Maurus for þegar ok nockurir braedr med honum. Konungrinn gaf til stadar þeira þorp þat, er Blazon heitir, ok bæ þann, er Langavollr heitir. Þa bad enn helgi Maurus konunginn leyfiss til þess, at þeir munkar ok hann sialfr kiðri mann til (a)bota, þann er þeim syndiz vel vera tilfallinn, ok konungr leyfdi þat. Tok hann blezan af abota ok for heim sidan. Heilagr Maurus sagdi svo brædrum sinum, ath hann villdi nidr leggia umðnnun ok forrad stadarins, ok kvedz vilia lata gera ser kofa hia kirkju Martini byskups ok i því husi vera, medan gud ynni honum lifs, ok þar þiona gudi utan alla veralldar gledi; kvedz hann ok vita, at eigi var langt eptir lifstunda hans, at því sem enn helgi Benedictus spædi um alldr hans, ok þa mundi hann þria vetr hafa olifat. Þa voru þrirtigir vетra ok atta vetr fra því er klaustrid var reist. Þa let hann kalla til munka alla ok lærda menn, ok spurdi, hvern þeir villdi til abota kiosa. En allir mælltu ok sogdutzt vilia, ath hann kiðri, ok kvadu hann giðrst vita allra þeira skaplynde. »Pat synizt mer, sagdi hann, ath Bertulphus se til abota tekinn med godu samþycki braedra ok settr i sæti Mauri.« En hann geck þa i kofa sinn ok .ii. munkar med honum, þeir sem honum skylldu þiona, þeir hetu svo Primus ok Avianus.

20. En er heilagr Maurus hafde sva leingi lifat, halft fimta misseri, ok þiad likam sinn mórgum meinlætum, þa var eina nott, er hann geck til kirkju Martini, sem hann var vænr, ok villdi inn ganga, sa hann dioful standa fyrir ser ok hafdi mikinn flock

¹ öndvørdu Cd.

uhreinna anda; hann bannadi Mauro at ganga i kirkiuna ok mællti wit hann: »Heill sva Maure, þu er svo hefr oss opt i brott keyrt af worum sætum ok bygdum ok farit fra þinu heradi, kunnmonnum ok frændum til þessa okunnu¹ herada. Nu munum vær hefnaz vit þik ok hafa fram allan mætt illzsku vorrar i gegn þer, sva at vær munum koma ath ydr sott mikilli ok illri ok drepa svo nidr nær allt munkalid, ath fair einir munu eptir vera, ok mun ek nu wegha sigr a þinum monnum, þviat þeir hafa mart eptir mer lifat.« Maurus mællti: »Avita mun drottinn þic, andskoti, um mæl slik ok lygi þina, þviat þu ert sva sem fader¹⁰ lyginnar.« Þa hvarf uhreinn andi fra aughum hans sva sem reykr. Eptir þat vard gnyr mikill ok ogurligr, sva at Mauro þotti skialfa allt klaustrid, ok vit þann gny wóknudu brædr ok woru lostnir myklum otta ok hræzslu, ok wissi eingi, hveriu sæta mundi, ok risu upp til ottusaungs. Heilagr Maurus vard hryggr¹⁵ miðg vit syn þessa ok wit þat, er hann hafde heyrta, ok geck inn i kirkju ok bad drottin, at hann leti ser soma ath birta honum sammleik af þeim lutum. Þa vitradiz honum eingill guds ok mællti vit hann: »Hvi ertu svo hryggr, en kærsta sala guds, af þeim lutum, sem af sialfum gudi ero fyrirætladir? en diofull veit,²⁰ hve mart verda mun, þott hann se upphaf allrar illzku ok lyghe; þat skalltu vita, at hann hefir eigi þetta sagt af sinum vilia helldr ath guds bodordi, þviat þat er sumt satt, er þu heyrdir, þviat mestr luti munka þessarra munu saman samnaz til drottins²⁵ aa skamri stundu, svo sem gud hefir fyrir hugat; en þat er eigi satt, at hann sagdiz sigraz mundu a lyd þessum, þviat hann mun aa eingum þeira sigr vinna, þar sem þeir ero lærdir þinum aminningum ok þinum baenum, ok mun hverr bida andlatztidar sinnar; ok þa er þessir ero andadir, munt þu ok andazt.«

21. Eptir þessi ord hvarf syn sia fra honum. En um morg-³⁰ uninn eptir sagdi enn helgi Maurus brædrum þa lutu, sem honum voru vitradir, ok talde leingi fyrir þeim af fodurligri ast ok sagdi sva, ath þat endimark hafde drottinn sett þessa lifs, sem eingi daudligra manna, þeira er bornir voru i þenna heim, matti um lida. Nu er oss þat eina til at færa oss vel i nyt þat, er drottinn³⁵ hefir skyrt gert fyrir oss, ath vær munum skamma eiga idranar stund, ok er því meiri naudsyn aa at vanrækia eigi þat, sem hann villdi vara oss vit adr, ok skylldum vær nu af þvo syndaflecka vora med idranar tarum ok afian likama vors, þviat þa fitnar

¹ okunna Cd.

ondin, er likaminn megriz. Giorum vær, sem spæmadrinn mællti: ransokum ahyggisamliga gotur vorar ok verk, ath vær komim med iatningum fyrir andlit drottins, ok vær megim innganga med ymnum ok odrum lofsöngum i hlid hatidligrar borgar, ok verdim 5 þess makligir at sia birti almattigs guds med ollum helgum ath eilifu. Nu vitum vær, brædr, at nær er su tid, er domr hefz upp af husi guds, en domar hans eru stundum leyndir, en allir rettir. Giorum nu, sem samir þrælum guds, ok færum verkkaup vor, verum vakrir ok varir um oss med ollu, ok gongum eigi i snoror 10 andskota, þær sem hann hefir a gotu fyrir oss, þviat nu er komin en ellifta tid, þat er en efzta tid lifs vors.«

22. Af þessi aeggian ok aminningu guds manz tok sia oll munkasveit ath bua sig fyrir til ennar efztu tidar, svo ath allir stigu upp utan efa til himneskrar födurleifdar, þa er þeir lidu fram af 15 þessa heims lifi. Sidan kom sott med svo miklum haska ok akafa, at adr en .v. manadir eru lidnir, þa hofdu andatz .xiii. munkar ok .c., en eptir voru .xxiiii. af þessum mikla safnadi. Þa tok enn helgi Maurus sott ok lagdiz nidr i kirkju heilags Martini 20 fyrir alltare ok hafdi harklædi eitt undir ser. Hann andadizt .xviii^{da}. kal. Februarij manadar, þa er hann hafdi adr bergt hollde ok blodi drottins vors Jesus Kristz, ok for þegar til guds, ok var grafinn í þeiri somu kirkju til hægra vegs alltaris. I þeim stad veitaz margir velgerningar fyrir verdleika ok bænir heilags Mauri til dyrdar gudi. Bertulfus aboti lifdi sidan two vetr. Eptir þat 25 var Florianus aboti son Harderadi leidtoga Mauri, ok hafdi Maurus hann lærdan. Svo teliaz lifdagar en(s) sæla Mauri, at hann var fornadr gudi ok selldr til læringar enum helga Benedicto, þa er hann var .xii. vетra, ok var med honum .xx. vetr; þa telzt alldr hans allr saman .lxxii. vetr ok dagar .xiiii. Per omnia benedictus 30 deus in secula seculorum. amen.

MICHAELS SAGA.

(Cd. 657^a qv., A; Cd. 657^c qv., B; den sidste har kun Slutningen af Sagaen).

(Prologus).

I nafni grédara varss herra Jesu Kristi byriaz her litill bæklingr heilags Michaelis hofuðengils, til þess eina skrifanda ok samansettr, at hann iafnlega lesiz a messuðagh Michaelis kirkiusoknar monnum til skemtanar, einkanlega i þeim stöðum¹ sem hann er kirkjudentrinn yfir, at því ollu sætari verðr hans minning i rettlatra manna hugrenning, sem firir þessa litlu ritning verðr ollum kunnari hans augæta virðing. En því kunnu ver at skrifa skamt en eigi langt af þessum haleitum merkisberara Mikaele, at hans atferð ok unaðsemd er meirr i laynum himnanna firir aaliti ok a-synd eilifs ok osyniligs domara, en firir manna augum a iardriki til langra eða opinberra frasaghna. Liost verdr skynsaumum manni, at vorkynd letts vors er saunn, þo at stutt verði fyrst, firir þa sauð at syndugr maðr ma taka morg orð af engiligrí natturu hræddari en af mannligri, þviat hennar stetr ok astuð er hreinni ok helgari en hvat annat; firir þaa sauð aðra at þessa frasaugn ma eigi birta með aettartelum iarðneskra manna sem annarra heilagra manna, eigi nofnum fedgena, eða rikdomi frænda, eigi upprunasøgu mannzins eða frumvaxti(!) tiða, þviat þvílikir hlutir allir geraz i heimi værum; en kynferd Michaelis er eigi af dauðligum monnum helldr af eilifum guði, eigi þessarrar veralldar helldr himneskrar. Því verdr skilianligt, at þat eina er oss efni gefit til frasagnar, er blezaðr Michael kyndi sitt nafn heiminum meðr drottens vilia ok dasamligum verkum firir þa miskunnar grein, at iardneskir hlutir skilldu hialpazt mega firir hans arnaðarorð ok meðalgongu viðr

¹ stöðum A.

guð firir þæ stundliga þionostu, er nu veitiz honum i kristninni, hver eigi mundi giorzst hafa, utan drottinn allra miskunsemda hefði hans nafn birt yfir iordina. Nu þat litit sem ver hofum saman lesit hefr i guðs nafni medr þess hattar efni.

5 Her byriar upp soga Michaels engils.

1. Eilifr guð drottinn, skapari himins ok iardar, skapaði alla hluti i senn af engu efni ok greindi skepnu sina i sundr æ sex doghum, ok hvill diz æ siaunda vikudegi af verki, er hann framit hafsi; sem vættar hinn mikli laugmaðr Moises, þa er hann skrifar af skapan heims i upphafi þeirar bækur, er Genisis heitir. Oumræðilegr guð pryddi alla sina skepnu fögnum blomum bæði iardneska ok himneska¹, þvíat aull handa verk hans voru miogh heilug. Himnariki prydji hann oumræðilegri dyrð, sem engum er kunnikt utan honum einum. Til þeirar dyrþar skapaði hann dasamlega ok uðaudliga natturu meðr uvirdanligri sélum, sem honum er þionandi bædi æ himni ok æ iordu. Þessi vegsemdar nattura eru usyniligr flokkar ok fylkingar einglanna, þvíat sva byriar æzsta konungi usyniligum guðdomi at hafa usyniligar þionostur til lofs ok dyrþar sinu almattku guðdoms velldi. Aullum engla fylkium skapaði 15 drottinn einn engil fegra ok frabærlegra, sva at af sinni dyrð ok birti tok hann nafn i upphafi ok var kallaðr Lucifer, þat þyðiz æ norénu (liosberari), þvíat hann var forpris allra engla i himiriki firir lios ok prýði. En þvílikan heidr ser veittan af gude kunni hann sva ugíptulega i hondum at hafa, at engva stund meiri ne 25 minni stoð hann með þionkunar dygð firir sinum skapara, utan heldr i stað sem hann greindi ok sa sina fegrd, for hann til ok horaðiz gerandi ser dottur, er dramsemi heitir æ síðan, hver hann fysir þeirar ufærur, at firir sina fegrð ok frama [heriaði hann² til riki(s) i hendr hæsta guði ok (villði) sitia honum iafnhatt i nordri yfir 30 sitt valldzsæti. Til þessa hernaðar með Lucifero skiotaz margir i udygdir braut af hirdsvitum himnakonungs firir iblaastr ok fortolur þeirar sömu dottur Luciferi, er fyrr var nefnd; þvíat hon er nu þegar vorðen þeira lærimoðer. Ok er enn hæsti keisari ser, i hvert oefni komit var, neytir hann sterkum³ armlegg ok greiner lios fra myrkrum æ þann hatt, at biartir englar himirikis standa blezaðir ok sæliga profadir i þeim ofriðar stormi, er Lucifer efldi

¹ iardneskra **A.** ² [er hann heriaði **A.**] ³ steirkum **A.**

moti guði, sva at síðan eiliflega voru þeir styrkir í goðu, ok alldri mattu þeir annat girnaz en guðs vilia, ok engen er þeira sysla ǫnnur utan standa medr astriki í guðdoms augliti at syngia honum lof ok dyrþ **aa** nott ok **aa** degi. En Lucifer ok hans fylgiarar foru leið adra, eigi þa er þeir hugðu, helldr þa sem guð dæmdi þa vera makliga firir sina hofuðofdirfð. Þvíat Lucifer hofuð allra þeira lagdi bæði senn¹ ríki ok sæmdina, at alldri síðan var hann lios-berari kallaðr utan til smanar ok brigzslis sinnar fordæmingar; þvíat hann fekk ser annat nafn maklig(r)a, ok var kallaðr nattberari, sákir þess at hann glataði ríki liossins en tok dauða nott ok myrk¹⁰ i moti. Þvílika framfærslu feck dramsemi feðr sinum, at hon fletti hann or himnarikis fegrð² ok setti niðr i diupp helvitís til endalausrar pislar i gnistanda loga elldz ok eilifra kvala. Sva for Sathan or sæmdarhæð, sem hann verdskylldadi, ok þeim se lof ok dyrð, er sva dæmdi, at sa er hann villdi gripa guðlikt valld¹⁵ með hernaðar hendi, fell undir hann hit helvitzka forað til forraða, sva at diupsettr i dauða, diofull vorðinn af englinum, var hann ollum verri með ofmetnaði ok ofund (ok) með eitri i enu heitazsta orvæntingar heraði.

2. Nu sem hinn hæsti konungr seer sinar hirdsveitir miog skerðaz firir dirfð ok afdratt hins grimazsta vikings Noctiferi, skipar hann i sinu velldi, at þat skarð, sem **aa** varð engla fylkiunum, skal aptr (bæta), ok til þessarrar sæmdar, at fāa bræðralagh englanna medr eilifð ok unaðsem, skappar hann **aa** setta degi annat kyn andlighrar natturu, þat er hann klædir miog meistarliga af því likams formi, er aðr hafði hann skapat af iardar duppti, ok i samteinging andar ok likama vard hinn fyrsti madr fadir varr Adam lifligr ok skynsamligr firir guðligan iblastr skipadr af sinum skapara herra ok hofðingi allrar iardneskrar skepnu. Þar med eignaðiz hann samfelag englanna með eilifð ok odaudleik²⁰ paradisar sælu, ef hann **3** staðfestiz i dygð ok hlyðni sins drottins, hvat er honum brast eigi litt; þvíat i stað sem guðniðingrinn Noctifer var við vorðen af eingilegri smasmygli, at guð hefir skapat duptligan mann til þeirar sömu fullsælu, er hann or veltiz med bolgenni ugiptu, þa brennr hann nu með nyfundnu galli eitrfullrar³⁵ ofundar moti fyrsta manni fóður Adam, ok steytir hann meðr hoggormligri prettvisi braut af boðorda palli skaparans niðr i dauðleik þessar veslu veralldar undir okk ok ænauð illgiarnra anda, sem alldri gekk af kyni Adams, fyrri en sialfr græðarinn leysti

¹ sæmd ok tilf. **A.** ² fegðr **A.** ³ hæn **A.**

þat meðr sinu banabloði, sem verolloðin veit ok aull kristni truir. En þo at drottinn Jesus Kristr Mario son ynni fagran sigr **aa** herbuðum helvitis undir merki krossins, leggr fiandinn ei því helldr sina grimð ok illzku brott af maunkyninu, helldr svíkr hann ok **5** um sitr **aa** nott ok dagh hvern, er hann ma, firir sina eyrendreka, er um loptið fliuga ok enga hafa syslu adra en leiða mankindina meðr falsi ok prettum fra guði til eilifs dauða. Ok þa vyrði sem diofull villdi, efⁱ all(t) mankyn firirfaeriz ok felli honum i munn. Því væri manninum hugleiðanda ok engum tima gleymanda, **10** hverssu stranga orrostu hann **aa** heyia við helvitzka anda, er alla vega knosa ok knyia qnd ok likama hætt ok leynilega með to lum ok tilbunaði sinna flærða. Hverr ma standa i striði þessu, nema drottinn miskunni sinni skepnu ok sendi henni fulltingh ok lidsafla af sæti sinu sva herralega sem hofðingliga, at myklu fleiri **15** vernda kristnina af guðs halfu en **aa** sakia firir uvinarius illzsku. Hvar oss syniz vel fallit at setia eina daemisøgu af.

3. Tveir heilagir feðr medr abota naufnum bygðu i Egiptalandz eyðimorkum, annarr Moises en annarr Ysodorus aboti. Moises sat i þeim stað er Petra kallaz, var hann dagliga sem einn **20** einsetumaðr ok hvartveggi þeira, þo at aðrir brédr (væri) i maurkinni uti undir þeira heilagleik ok faderne; i sinum kofa var hvarr þeira, ok eigi allskamt i meðal. Nu berr sva til einn tima, at aboti Moyses varð firir sva þungum **aa**runa diofuls i horanar fystum ok saurlifis, at hann færð eigi sitiandi borit ok leitar undan ut af **25** kofanum fram **aa** fund Ysodori, seghiandi honum greinilega, hvat hann atti hraera moti saurlifis anda. En heilagr Ysodorus tiar honum faggurlig vitni heilagra ritninga, at því kaullmanligar skili hann þetta strið ifir vinna, ok biðr hann øruggan aptr venda til sins kofa; hvat er Moyses aboti villdi eigi geyra sakir þess, at **30** hann þíkkiz berr verða firir baratu sakir sinna uvina. Ok er Ysodorus skilde þat, at Moyses þíkkiz aflatani moti ovinum, ef hann sækir holmgongu heim i kofa sinn, ganga þeir baðer samt upp i lopthus nokkut, at hærra bar en qnnur herbergi. Þar voru gluggar **aa** ofarliga bædi til austrættar ok norðrættar. Ysodorus **35** leiðer þa Moysen at þeim glugga, er til norðrættar vissi, ok segir sva: »Sit her ok profa, hvat firir augu kann bera.« Ok er Moyses gerir sva, litr hann i loptinu daligan dioflaflokk akafliga til bardaga buna með æði ok reiði allt at hræra ok rifa ok særa, þat er firir **værd**. Sem Moyses hefir þetta seeð, snyrr Ysodorus honum

til austrættar, ok biðr hann sia. Moyses litr þa otaululiga flokka ok fylkingar heilagra engla skinandi ifir solar geisla. Var þessse herferð himneskra kræpta sva veglig, at eigi maa ordum skyra, ok eptir þetta talar Ysodorus til Moysen: »Pa sem þu satt i norðri til bardaga buna, eru æstriðrarar guðs heilagra manna; en þa er 5 þu satt i austri biarta sem sol, eru þeir riddarar, er milldr drottinn sendir af himnum til fulltings sinum monnum voldum. Nu kennst við, minn kiæri broðir, segir Ysodorus, at fleiri ok matkari stända meðr oss en moti, sem vattar Heliseus spamaðr ok hinn sæli Jon postoli.« Ok at þessum hlutum senum ok heyrdum, varð aboti 10 Moyses styrkr i drottni ok sneyri aprí til einsetu sinnar, þakkir gerandi ok dyrkandi varn herra Jesum Kristum, er sva margfalliga miskunn gerir mannkyninu bæði fyrr ok sidar, vinnandi þat med sinum dauða braut af kverkum helvitis ok leiðanði aprí i fyrra stett ok enn betra, en hafði fyrsti maðr faðir varr Adam, fullkomit 15 sattmal gerandi milli guðs ok manna; ok her æ ofan sendir hann sterkar hirðsveitir af sinni haleitu borg Jerusalem, at æfinliga geymi ok halldi vorð yfir kristninni, at hun firifariz eigi af varga sokn i diofla stridi, þvíat allir af honum sendir eru hans hiarta miog skaplikir at elска ok viðrhialp at veita veralligu 20 mannkyni því, er guðliga kenning hefir; sva sem i annarri grein hafa uhreinir andar gnoghligt hatr ok illzsku upp æ skaða kristninnar, sem nu mætti skommu heyra, er ver læsum af Moysi abota, hversu þeir skelva guðs valda menn i aflu ok orrostu sinna unaða. Ok enn til provanar þeira greina, er ver settum her fram 25 af elsku guðs engla en illzsku uhreinna anda, skulum ver syna hvara leið meðr liosri dæmisoghu; at því framar elskizst himna valldit, en fordiz diofla grímð ok syndagialldit hverr, er þvílika hluti heyrir.

4. Þat er lesit af einum kaupmanni, at af sinum mikla auð, 30 er hann hafði saman dregit, veitti hann alldri nokkura olmusu fatækum monnum. Nu berr sva til einn dagh, at saman komu margir fatækir menn. Syndi þa hvern oðrum ok sagði, hvat hvergi goðr maðr hafði þeim firir guðs skylld gefit, utan þessse kaupmadr, þó at hann væri allra þeira audgazstr, hafði því síðr 35 nokkurum þeira olmusu gort, at honum var miog upokkat at sia fatæka menn. Nu sem þeir attu um þetta þinga, sagðiz einn þeira þa i stað mundu þiggia af honum, ef hann bæði þarfliða. En þeim oðrum moti mælaundum, rann þessi skyndiliga i gærð auðga mannz ok innkominn i herbergit, þann tima sem þionostu- 40

menn settu fram vist **aa** bordit firir hinn auðga mann, æpti hann i akafa biðiandi ser olmusu. Kaupmadrinn miog reiðr firir umfang hans ok unaðir, svifz um fast, ef hann fyndi firir ser Stein nokkurn eða tre at sla með hinn fataeka mann; ok því at hann **5** fann ekki annat, greip hann upp hveitistump einn af bordinu ok fleygði til hans ætlandi at setia **aa** hans æpanda munn¹. En hinn hafði hendr firir ser, greip þegar stumpinn ok skundaði ut med til kumpana, bidiandi bonda hafa guðs ast firir giofina. Syndi hann felaugum sinum, hverssu fagra olmusu hann hafði þegit af **10** þeim rika manni, er aðrir kolludu sva sinkan, at alldri villdi nokkurum manni gott gera. Ok litlu sidar en þesser hlutir gjorðuz, tekr riki maðr harða sott. Ok sem hann er kominn at dauða, ser hann fianda flokk mikinn þysia inn i husit at ser. Þeir tia ok tina með haði ok hoppi alla þa illa hluti firir honum, **15** er hann hafði guði i moti giort. Ok því næst koma til englar guðs af annarri halfu hafandi fram eptir vana miskunn ok elsku, at þeir megi hialpa mannzus **sælu**. Því leita þeir eptir smasmugliga vit varðhallðzengil rika mannz, hvat hann hafði til vernda moti **aagangi** ovina. En engillinn segir hann ekki ser **20** hlyðinn verit hafa eða eptirlatan, utan einn dagh hoti hellz, er hann kastaði ok þo reiðr **aa** einn fatakan mann þeim sama stump, er hann hellt **aa**. Verða helgir englar vit þessa soga miogh glaðir, priva stumpinn ok briota sundr i smæsta mola, ganga síðan at fram firir saatum dioflanna, segiandi at maðrinn hefir hialpat goðu **25** verki, ok þess skal hann niota. Fiandr segia, at þat er ekki annat en litr ok læti þeira, kveðaz fullkomit² þenna mann eiga, ef þeir skolu uræntir vera. Guðs englar bioða saatt prof **aa** þessu mali ok bera vogir fram; fera dioflar mikinn þunga i sina skal medr storum syndum rika manuz, en englar guðs setia æ ut i **30** moti smátt ok litið af þeim mola, er fyrr var greindr, sva meistarliga sem stormerkiliga, at þat **vaa** iafnan meira. Sva gengr ut, at diofla þrytr til vægarrinnar, en guðs englar eiga þa enn noghan feng eptir af mola stumpsins. Fiandr taka at yla ok æpa, segia þenna mann sinn heimoligan þrael ok með einu saman rangendi **35** af ser tekinn. Guðs englar bioða þetta mal under hæsta domara, ok þat verða dioflar at hallda. En drottinn miskunnar sinni skepnu firir bæn engla sinna, at syndugr maðr lifi ok bæti lif sitt, ok þegar i stað hverfr riki maðr apr til sin ok er heill vordenn **aa** somu stundu, þakkir geyrandi guðligri milldi bæði með orði ok **40**

¹ ok and tilf. **A.**² fullkumit **A.**

verki, þviat hann var síðan hinn gotfusazsti(!) maðr til miskunnarverka ok olmusugædis, sem vel lysiz i því er eptir ferr.

5. Einn dag sem þessi riki maðr gengr ut af sinum garði at letta ser ok spazera, verdr a veg firir honum einn fatækr maðr klæðlaus ok kalinn, ok þegar i stað sampiniz hann hinum valaða 5 ok lætr siga skikkju aagæta aprt af herdum ser, er hann stoð i, ok gefr hinum nokkta. Skilia þeir sva, at fatæki maðr biðr guð launa honum, en rennr síðan fram **aa** torg meðr fagnaði ok selr skikkiuna ser til þarvenda. A næsta dag eptir berr sva til, at riki maðr hefir sik uti fram i staðinn ok kemr i eina kaupmanzbuð; þar ser 10 hann medal annarra (hluta), hvar su væna skikkia ligr **aa** einu stagi, er hann hafði fyrra dag fatæka manni gefit. Þessi syn angrar hann storliga miog, at fullrikir skolu sälaz **aa** fatækum ok **faa** þeira gerssimar littlu verði. Her af tæraz hann ok gengr heim til herbergis. En af langri sut sofnar hann ok ser i stað 15 haleita syn, þviat drottinn varr Jesus Kristr birtiz honum segiandi bliðlega til hans: «Hvi grætr þu, eða hvat hryggir þik?» Riki maðr svarar: «Herra minn, hvi man ek eigi grata, þar er fatækir menn virðaz eigi at bera sialfer þau klæði, er ver þrælar þinir þo at umakkligir gefum þeim firir þina aast.» Váarr herra talar þa: 20 «Hygg at, minn kiæri, hverssu ek er buinn, ok lit, hverssu mer samir su væna skikkia, er þu gaft hinum fatæka.» Eptir sva talat vakknar hinn riki maðr, virdandi fatæka menn framar en allt aunat i heiminum firir þa sæmd, er váarr drottinn virðiz at yera með þeira tölu. Því næst selr hann allar sinar iardir ok gefr 25 verðit fatækum monnum, ok allt annat er hann atti me(i)ra hlut ok minna. En er hann hafði giorsamlega gefit alla sina eigu, þa bauð hann þræli sinum ok skylldaði hann til at selia hann i þrældom sialfan nokkurum ríkum manni, ok gefa verð hans þurfandum. Sem þrællinn hafði sellt hann, tok þessi goði maðr ok þionaði 30 sinum meistara, er hann hafði keypt, meðr aullum goðvilia ok litilæti, en alla þa fæðu ok dryk, sem honum var ætlat dag fra degi, gaf hann fatækum monnum, en neytti engis nema litils af brauði ok vatni. Tok hann þa skina haleitum iarteinum ok kroptum ok leiddi sitt lif sva fram meðr allzhattar goðlifnaði, þar 35 til er lifandi guð kallaði hann af þessi verolloð i eilifra fagnat.

I þessarri dæmisøghu finnr gott hiarta margar nytsemadir. Her mæ heyra oumbraðiliga milldi við sina athofn, (at) firrifæriz eigi, hvar af sva finnz skrifat, at guð geyrir engan hlut iafnnaudigr sem dæmamanninn at makligleikum til eilifra kvala. Her matti ok 40

heyra fylgi ok frammistoðo himneskra hirðmanna, þegar þeir hafa nockut; því væri kristnum manni hugleiðanda at fa þeim bæði mart ok gott i hendr at geyma. Skilia matti her eigi síðr óp ok **aagirni** diofulsins ærendreka at draga sem flesta af husi hins kross-
5 festa meðr ser i helvitis bruna; því væri skynsamri sál vakanda ok til geymanda, at eigi fengi hann þvílika gisting sem þeir bioða. Her matti ok heyraz, hversu haleitr kraptr fylgir heilagri olmusu, ok hversu sætliga hun ilmar firir guði, ef hon er gefin aðr heigomligri dyrð ok manna orðlofi, firir eina saman ast Jesu Kristi.

10 I fimtu grein var her lesit þat, er hinn goði Gregorius segir, at hverium kristnum manni, er i kemr heiminn, eru fullkomlega skipaðir tvéir **naagaunglir** englar, annarr goðr af guði, en annarr illr af fiandanum; eru þessarra tillaugur harðla olikar: guðs engell tiar firir monnum, at þeir elski skapara sinn umfram alla hluti aðra,

15 ok þioni honum **aa** hvern arla morgin, er hann stendr upp af sinni sæng, gangi fyst til kirkju ok beri bæn sina, þó at eigi se long, miog meðr goðum athuga, aðr hann fæz i nokkurum haska veralldligra fiolskyllða. Fiandinn fysir þvers i moti, vill at maðr hæreysti ok skrapi þenna **aa** ok annan hegoma, þegar hann vaknar um morg-

20 ininn eða fyrri **aa** miðri nott, sem hann gefr upp at sova, þvíat myklu er honum kiærra kallz en kirkiuvistir, miklu þekkara kvenna samtal ok hugskotz saurgun en tilalestr eða knebeðia foll, miklu kaerra þessa heims **astuð** en eilifra fagnaða. Ok hvat er lengra, engill fysir iafnan goða hluti, þa er manninn leida til himinrikis,

25 en fiandr fysa svik ok saurlifi, ofat ok ofdrykkiur, umfang ok forðz, kallz ok **aakefð**, reiði ok ranga eiða, purk ok **aagirni** penga, sem ekki annat en heimr þessi. Her hia fram kostar uvinrinn **aa** með allri list ok lymsku, at maðrinn virði sem minstz þat, er hann gerir illa, **vaarkynnir** ser veykleikinn ok syndina, en vanræki yfir-

30 botina, skriptiz sem sialdnaz ok gleymi því, sem honum var botðarfa, teli þat sem opptaz i luginn, at kristnir menn ok skirðir meghi ekki firifaraz, þó at læ(r)ðir menn geyri grylur afheimis ok sege slikt, er þeim likar. Þetta allt ok fleira annat er fiandans daraskapr, er hann stillir um hugskotið ok hefir **aa** kafi allt hug-

35 vitið, ferr hann þa með sálinu ok setr hennar reikningh **aa** sinar skraær, en maðrinn blindaz ok hefir ekki af, sva at þa sialdan, er hann viðr leitar at skriptaz, hefir hann litid bref af sinu lifi ok þo eigi skilvist, en fiandinn hefer meginbokina ok berr hana þa fram, er verst gegner; sem i því dæmi lysiz, er her skal seghiaz.

6. Riddari nokkur riks konungs tok sott banvæna, ok herra konungrinn vitiar hans með guðs ast ok goðvilia æminnandi, at hann iðriz afgiorða ok iati syndir sinar. Riddarinn svarar: «Ek mun sva geyra, ef mer batnar eigi, en ek dvel firir þa sauð at skriptaz, at ef ek stend upp or sott þesse, munu aðrir riddarar 5 gabba mik ok segia mik hræz hafa dauða minn.» Konungi gatz eigi at ordum hans, ok gekk i braut at sinni, ok i annan tima kemr hann ok æeggiar sōmu hialp sem fyrr. Riddarinn svarar þa meðr miklum moði: «Nei, rett aðr þer komut, gengu her inn tveir¹ ungar menn hardla friðir ok fagrir ok fēru mer litið bref², 10 ãa því var skrifat med gullstofum hvert þat hneig, sem ek hefir gott giort ãa minni æfi. Litlu síðar þustu inn utóluligir dioflar med miklu harki, þeir settu fram firir mik hina stærstu bok, þa er ek kendi æskrifut aull þau ill verk, er ek hefir gort fra barnæsku. Siðan spurðu hofdingiar dioflanna, hví³ hinir vænu menn 15 væri sva nakvæmir, þar er ver vitum, seghia þeir, at hann er værr maðr. Ok eptir þat gengu ut hinir biortu menn ok letu mik eptir i þeira valldi. Þa hlupu dioflar ãa mik at tilvisan sins konungs med hinum hvassuzstum skaalmum, ok tok annar til at fotum, en annar at hofðum at særa ok saxa. Nu þann tima sem 20 þeir mætaz ãa mer miðum, man ek deyia ok af þeim dreginn vera til helvitis.» I þessi kveinan var þessa auma mannz sael grimlega gripin fra likamanum til hræðilegra kvala, firir þat er hann vanrækti lifandi at lækna sin andar sær(r) með synda iðran.

7. Nu öttiz menn þvílik dæmi, at bera ubættar syndir ok 25 setia glæp yfir glæp, vera hlyðin ok auðraðr fiandanum ok reisaz i moti guði ok hans boðordum, gleðiaz i illum hugrenningum ok leika ser at syndsamtligum likneskium. Eru þvílikar framferðer miogh moti guðs engli, þviat hann vildi, at maðr rendi hug ifir sinar afgiordir ãa kvelldit, adr hann sofnaði, ok iðraðiz þess allz, 30 sem hann gerir guði mest i moti, skriptaðiz sem skiotaz firir þunga hluti, þegar hann mætti við komaz, ok sæi við nattverkum illum, er manr leida til eilifra kvala, ef dagrinn birtir eigi nattena með regni tararna. Nu er engi blutr særligri, en sialfr vanræki sitt lif, þviat meðan maðr gerir sva, gerir ɔngum ɔðrum at biðia firir 35 honum; hvat liosara veiðr hugskotinu, ef ver synum medr einni dæmisoghu.

7. Nokkur maðr varð firir freist(n)i mikilli af saurlifis anda, ok því ferr hann ok heim sækir einn dyrlligan mann ok heilagan,

¹ tvrir A. ² breif A. ³ in A.

sva talandi til hans, sem her stendr skrifat: «Þu saelazsti faðir, segir hann, set i hiarta þinu mikla vandvirkta at biðia firir mer, þvíat horanarpina striðir **aa** mik miog forliga.» Sa blezaðr fadir tiar honum retta sampining þegar i stað ok biðr firir honum nott **s** ok dag, þar til at i annan tima sækir þessi sami maðr biðiandi meðr **ækafa**, at hinn heilagi faðir leggi en meiri alvöru til at biðia firir honum. Her þarf eigi langt um, sva ferr, at faðirinn biðr **aa**n aflati meðr qliu **aastriki**, ok heyrirz(!) eigi því helldr af guði, þvíat sa er freistar var kemr optliga ok kveinkar sin sömu vand-
10 ræði, þar til at sa heilagi maðr hryggiz særliga ok þikkiz eigi vita, hvat til man bera, er guð drottinn vill hans bén eigi veita. Ok **aa** næstu nott birtir drottinn honum þvílika syn: hann ser, at sa freistninnar son, er fyrr var greindr, sitr i sinu herbergi, ok frammi firir honum standa fiandr i foðrum myndum ymisligra
15 kvenna leikandi **aa** margan hætt, þvíat sa aumi maðr gjordi ser skemtan at þeira ferð ok flauktan; her með seer sa heilagr faðer, at guðs engill stendr **aa** annan veg riðr ok reiðr af meingjorðum þessa mannz, er sat ok svam i sinum hugrenningum en reis eigi upp at vilia seer miskunnar biðia. Af þessarre birtingh skilr
20 heilaghr faðer, at vanræktar glæpr ok vilialeysi mannzins byrgir uti bæninnar, sva at þær mattu eigi naalægiaz guði; hvar af hann talar einn tima, er sa aumi kom til hans næst: «Þat er, broðir, þinn glæpr at gleðiaz i illum hugrenningum, þvíat umattuligt er, at illgiarn¹ andi letti af þer firir annara manna bænir, ef þu van-
25 rækir þík sialfr. Þer er liost dæmi til, þvíat engi læknir er sva kiaenn² eða vel viliugr, at hann megi þess manz sarum groðr veita, sem sialfr neytir með ohlyðni þeirar fæðu, er læknirinn firir-byðr ok mest er motstaðligt hans heilsu. Sva ferr ok hin andliga lækning sem hin likamliga.» Firir þessi orð heilax faudur iðraðiz
30 maðrinn sinnar glæpsku³ ok pindi sik i vokum ok fóstum ok heilagum bænum, þar til at guðs miskun fríalsaði hann af allri pinu. I þessum æventyr, er nu var lesin, geriz vel skilianligt þat, er ver sogdum fyrri, ok þat annat, er vottar Gregorius pafi, at allir himneskir guðs englar vilia manninum eilifan fagnat, en
35 einkanlega varðhallðengell hvers manz stendr fremzstr i hverri grein ok goðvilia; sva sem i uliku dæmi vilia allir helvitzskir andar mannzins ufagnat, en þo sa myklu grimmazstr i hatre ok holi glæpanna, er ser eignar sigrinn með bloði sins hofðingia, ok

¹ illgiann **A.** ² kian **A.** ³ glaymsku **A.**

til þess at maðrinn fordiz at falla i obliðu guðs engills, skolu ver syna, hver(su) þat stendr, meðr einni dæmisoghu.

8¹. Sva er sagt, at i borg þeiri **aa** Irlandi er Cololensis [heitir, var² sa maðr, er Duggall het. Þessi maðr var ungr at alldri, dyrrar ættar, fridr i andliti, bliðr i mæli; en at sónnu, þoat varlla se hormungarlaust segianda, þa trúði þessi Duggall sva miogh **aa** fegrð likama sins, at hann hirti meðr aullu ekki um hialp **sælu** sinnar, sva at honum var **aangr** at aullum þeim, er hann mintu **aa** nokkut gott at gera. Hann hafnaði kirkju iafnan, ok miok mislikaði honum at sia fateka menn guðs, ok alldri villdi **ro** hann þeim hialp ne huggan gera. Allar landskyllder sinar ok fiarhluti hafði hann iafnan til heigomleg(r)ar dyrðar ok heimligs skrautz **3**. En þa er guði likaði at hirta hans vangeymslu ok firirkoma hans hörmulegum hegoma, þa kalladi guð hann til **sin**, eptir þeim hætti sem honum likaði. Þessi Duggall atti marga vini, en **15** einn þeira af **læni** því, sem hann hafði leð honum, atti at gialda honum þria hesta. Sem stefnudagr skuldarinnar var liðinn, þa for hann til vinar ok heimti skulldina. Honum þar komanda faggnandi⁴ felagi hans **5** vel ok veitti honum goðan fagnat þria daga. Því næst heimti hann skulldina, en sa sem giallda atti, sagði **20** honum meðr hovgværum ordum, at hann hefði eigi faung **aa** þa skulld sva skriott at giallda. Þa reiddiz hann **akafliga** ok bioz brott at fara, en skulldarmadr hans villdi hugga reiði hans ok bað hann mataz med husbonda⁶. En sva sem hann retti hond sina fra ser, þa fekk hann eigirett hana til munz; ok hann iafnskiott **25** ogurliga æpandi mællti til husfru vinar sins: «Giæt, sagdi hann, oxar minnar, þviat ek er nu i annlati.» Ok þegar i stað fell likami hans til iarðar, sem alldri hefði ond i verið. Því næst fellu aull dauða mork **aa** hann: hær hans fell, enni hans hroknaði, augun um snæruz, nasraufar byrgðuzst, varrar bliknuðu, haka⁷ **30** hans ofan signaði, ok allir hans limir kolnuðu. Þa gengo til þionostumenn ok toku brott matinn; hans menn ok husbondans gættu hans, ok lögðu niðr likit ok letu hringia firir **sæl** hans. Þar komu kennimenn ok allr borgarlyðr harmandi miog braðan dauða hans sem duganda mannz. Eigi þarf þat lengra at gera, segir sa er **35** soguna diktaði, at þat vattuðu margir borgarmenn **aagiætir**, þeir er nær voru, at Duggall læ **þria** daga ok **þriar** nætr liflauss fra mið-

¹ af Duggali *Overskr.*; jvf. ovenfor S. 330—335.

² [er **A**.

³ skrytz **A**. ⁴ faggnandi **A**. ⁵ honum tilf. **A**. ⁶ Her er over-

sprunguet et Par Linier, se ovenfor S. 33127—29. ⁷ hafa **A**.

vikudegi til næsta laugardags nær miðium degi, sva at ekki lifs mark var a hans likam, nema þeir er giorst vissu, hugðu at ok hondlaðu likam hans, ok fundu, at nokkurr ylr var i herdarblaði hans vinstra, ok því villdu þeir eigi grafa likit, at þeir kendu hann varman i þeim stað. En **aa** þeiri stundu er hann la sva dauðr, birti guð honum allt þat er hann misgjordi þessa heims.

9. Pessu næst sem mikil(l) fioldi lærðra manna ok ulærðra var saman kominn at iarða likit, enðrlífgaði guð hann; ok er hann fekk qnd sina, anðvarpaði hann langa stund meðr þungmegnum **10** anda. Allir vitrir menn, er þat sa, undraþuzst ok mælltu: »Eigi ferr þessi qnd sva firir honum, at hun viti eigi likamans i þessu lifi.« Ok sva sem hann leit medr þungu aaliti til þeira, er honum voru næstir, þa spurðu þeir, ef hann villdi taka guðs likama; en hann villdi. Ok sem hann hafði tekit corpus domini, þa lofaði **15** hann guð með miklum þokkum ok mællti: »Drottinn guð, meíri er miskunn þin en ilzska min, þo at of mikil se. Miklar ok undarligar pislir syndir þu mer, margar ok illar, en miskunn þin lifgaði mik qðru sinni þadan i þetta lif.« Því næst skipti hann firir þeim aullum, er vit voru, fee því ollu, er hann atti, ok gaf **20** helgum kirkium ok fatækum monnum. Siðan let hann merkia sik marki heilags kross ok het guði meðr staðfaustu hiarta, at hann skilldi allt sitt hið daliga lif firirlata ok bæta. Því næst syndi hann ok sagdi, hvat hann hafði þolat. Sva sem qnd min skildiz við likama, sagði hann, ok vissi at saunnu, at hann var **25** dauðr, þa mintiz hun synda sinna ok tok at iðraz, ok vissi eigi, hvat hun skilldi at hafazst. Hun villdi þa aprt snuaz i likam ok matti eigi inn komazst. Þa villdi hun **aa** brot fara ok hræddiz hvetve(t)nna, sem hun forðaþiz, af því at hun vissi sik synduga. En þa treystizst hun guðs miskun ok tok at grata ok æpa, skialfa ók **30** kveina; því næst sa hon þar komanda fiolda uhreinna anda; var eigi at eins husit ok golfit allt fullt, þar sem likit lá i, helldr var ok hvert stræti ok staðr, er tomur var i bænum, fullr af þeim, ok þustu fram firir þa aumu salu hana at hryggia ok angra, ok mælltu þeir sin i millum: »Syngium ver makligan liksong þessi aumu **35** sál, þviat hun er dottir dauðans ok matr oslokkviligs elldz, hun var iafnan myrkrunn unnandi en lios hatandi.« Ok því næst snaeruz þeir allir at henni ok gnistu tónum **aa** hana ok slitu andlit hennar grimliga meðr klom sinum í reiði sinni, grimð ok æði (ok mælltu): »Se her, vesol sala, herra þina ok þan flokk, sem þu **40** hefir þor kosit til samfélags, með þeim skalltu brenna i eilifum loga

helvitis; þu var leidtogi rogs ok sundrþykkis elskari, hvar er nu metnaðr, skart ok dramb þitt ok hegomlig gleði? hvar er hlatr þinn ok spottsamtligt gaman? hvar er nu af þitt ok styrkleikr, er þu angraðer marga medr ok svivirdir? hvar er nu augnabending þin eða ugiptusamligr hlatr, er þu hafdir við eiginn broður þinn? 5 hvar er nu fota stappan þin eða likams hræring? hvar er nu illviliafull undirhyggia hugar þins?« Þessum ordum ok morgum ðórum angraðu þeir sálinna, hæddu hana ok hrygdu, sva at hun kveinaði ok æpti ok vænti ser engis af þeim nema dauða ok pisla, sva sem þeir heitaðuz¹ vit hana, at þat mundi eigi firfafarazt. 10 En haleiti værr herra Jesus, er eigi vill dauða syndugs mannz ok mattugr er at likna ok letta vandræði hins dauða, allzvalldandi guð, milldr ok miskunsamr drottinn meðr heilagri hialp sinni sk(i)paði þo eptir sinum vilia ok minkaði þessa vesold, því at hann sendi engil sinn æ mot þessi sál. Sem hun leit hann um 15 langt biartan sem dagsbrun, þa hafdi hun uhverfilita syn **aa** hann, væntandi ser af honum hialpræði. En sva (sem) eingillinn nalæg-iz, heilsaði hann sálinni meðr eiginligu nafni ok mællti: »Heill þu Duggall, sagði hann, hvat hefz þu nu at?« En hann hörmuligri sianndi þa ena fogru skepnu guðs aullum sonum manna fegri ok 20 elskuligri, sem hann heyrði sialfan sik nefndan með eignarnafni, þa svarar hann einglinum með hræzlu ok nykominni gleði sva seghiandi: »Vei er mer, herra faðir, þviat mer ængra helvitis pislir, ok sorgir hverfa um mik, ok gilldrur dauðans egnaz firir alla veghu mina.« Pa mællti engillinn: »Nu kallar þu mik herra 25 þinn ok faudur, en þu valdir mer ei fyrri sva virduligt nafn.« Sálin svaraði: »Herra, segir hun, hvart sa ek þig nokkurt sinn fyrr, eða hvart heyrða ek þina sætu raudd fyrr en nu?« Engillinn svaraði: »Ek fylgi þer iafnan, síðan þu vart fæddr, hvervetna þar sem þu vart, ok villdir þu áalldri minum raðum fylgia.« Ok því 30 næst retti hann hond sina at einum diofinum, þeim sem honum bólvaði optazst ok mest heitaðiz við hann: »Se þar felaga þinn, sagði hann, ok ráðgjafa, hans ráðum fyll(g)dir þu, en minum vilia hafnaðer þu meðr óllu. Nu meðr því at guð lætr miskun sina firir ganga dom sinn, þa skalltu niota miskunnar hans. Ver nu 35 glað ok feghin, þviat fær pislir skalltu þola af sva morgum, sem þu værir verdug², ef eigi hialpaði þer miskunn lausnara mannkynsins. Fylg mer nu, ok mun allt skilvisliga, þat sem ek man syna þer; þu skallt aptr fara í likam þinn.« En þa hræddiz sálin

¹ heitaiz **A.** ² verdghug **A.**

æakafliga ok gekk til eingelsins af likamanum, er hun stoð aðr **aa**. En þa er dioflarnir heyrðu røddu(!) engelsins ok fundu, at þeir mundu eigi mega fremia þat, er þeir heitaðuz vit **sælina**, þa mælltu þeir meðr ylandi røddu: «Se hversu grimr ok ranglatr
5 guð er, hann drepr þa er hann vill, ok hann lifgar þa er honum syniz; eighi efnir hann heit sin at dæma hvern eptir sinum verðleikum, en nu frelsar hann firirdæmdar saalur ok firferr saklausum.» Ok sem þeir höfðu þetta mællt, þa reð hverr þeira **aa**
annan ok borduz lenge ok særðuz storum særum; ok þeir hryggir
10 ok hræddir ok miog reiðir foru braut ok blesu sva fulum anda fra ser, at engi dauðligr maðr matti þola. Þa gekk engell drottins firir **sælina** ok mællti til hennar: «Fylg mer,» sagði hann. Hon svaraði sva: «Vei er mer herra, sagði hon, ef þu gengr firir mer, þa taka anskotar minir mik fra þer, ok munu kasta mer i elld eilifan.»
15 Engillinn mællti: «Hræz eigi þu, þviat guð er mattugr ok er með okkr, ok því þurfu mið engan at ottaz moti okkr. A vinstri hond þer skolu falla þusund, en **aa** hægri hond tiu þusundir ovina þinna ^{1.}» Gengu þeir fram leið sina til harðra ok ymmisligra staða, ok eptir þat algort synði engillinn honum unaðsemadir eilifra fagnaða, hvat
20 ver munum her sakir langmælis um liða. Bætti hann fagurliga sit lif, sem fyrr var skrifat.

10. Nu hugsi hverr kristinn maðr firir sik, er þvilik dæmi heyratz, at hans varðhalldzengill megi honum eigi þviliktt **aa** brynn bera eptir andlatit, sem her var lesit. Því geri maðr stóðugt
25 hans minning dagliga meðr nokkuru bañahalldi, sakir þess at viðrkvæmilit er ok skyldugt, at faðer ok herra mannzins se hvern dag sæmiliga kvaðr með litiletti sva. Vera kann, at nokkurum þikki undarligt, hvi ver lengium bækling þenna meðr þess hattar mali,
30 sem um stund hefir lesit verið, þar sem i fyrsta kapitulo sogðu ver, at þetta verk skal eighinligt vera hinum mæta Mikaele hofuðengli; því ma segia, ef likar, at ver hafim reikanði farit af rettum grundvelli ok varlla vitað, hvat ver eigum gera. En sa er þvilik talar, hefir eigi heyrt eða gleymar, hvat ritningar segia, hvilika þionostu almattigr guð skipaði sinum æzsta þiou Mikaele hofuðengli: þat er hans eighinlig sæmd, at hann kallaz valldzherra heilagrar paradisi, þat er sva at skilia, at Mikhael hofuðengill þa svá mikit valld af guði, (at) allar rettlatar saalur skolu honum offraz i զðru lifi, at hann leiði þær ok laði til þess fagnaðar ok gleði, sem allzvalld(and)i guð bio hverium firir at upphafi. Pessi hans
35

virdingargrein er sva mikil ok mattugh, at hun leggr undir sik stor riki veralldarinnar, þvi framar þiona honum ok hans virdingh til luta þeir fair hlutir, sem ver hofum her saman lesit. Hvæt eru verndir vaghir eða viðrhialpir hinna lægri guðs engla utan þionostur Mikaelis hofuðengils, þviat hans herradomr er þvi haleitari firir ⁵ ævoxst ok innleiðzlur saðnanna, sem hinir lægri guðs ærendrekar fylgia kristninni roskligar ok lata siðr or hondum dragha þat er guðs er, þviat nog er grimð i neðra plazi, sem fyrr var skrifat. Nu þa, hvæt hofu ver sett i sogðu mali utan æminningh til upp-tendranar, at menn elski ok auki hirðsveitir ok høfdingskap upp i ¹⁰ loptið fram i fagnat himirikis, en ottiz ækafliga ok fordiz at skriðna or flokki Mikhaelis ok falla með sutlegum blyðunga ubætra synda i fiandans greipr ok niðrgongu helvití, þviat hvarir fara sina leið godir meðr guðs (vin) Mikhaele, illir meðr illum anskot-anum. Hvæt ver skolum en til skemtanar setia með einum ȝeventyr. ¹⁵

^{112.} Sva er lesit i Karllamagnus soghu mikla keisara, at þann tima sem hann var hniginn at alldri, komo tveir konungar Marsirius ok Deligandus sender af konungi Babilonis hegat um hafit þess ærendis at svikia með fridarmarki stiorn ok frelsi krist-ninnar. Ok sva geriz firir meðalgongu fiandans ok nidingligan ²⁰ falsaradom þess mannz, er het Guenulun iarll af Franz, at Karlla-magnus keisari verðr blektr ok beittr þungum raðum illzsku-fullrar undirhyggiu, sva at roskazstu riddarar ok villdazstu vinir keisarans verða uppgefnir, takandi i þeim stað strið ok sterka orrostu, sem þeim var iattat sköttum ok skylldum. Peir børðuz ²⁵ langt ok prýðiliga strangt i þeim stað aa Span, er Runzival heitir. Var Rollann systurson Karllamagnus keisara þar æzstr hofðingi i þvísa striði, þviat sialfr konungrinn var þar eigi vit, sakar þess at hann hugði frið boðinn, sem faugur orð vættuðu, en eigi sverð ok exi sem medr orrostu. Sva varðiz Rollann sinum ovinum ok ³⁰ barðiz frækliga badum hondum, sniðandi buk ok bryniur, hend(r) ok fætr ok høfuð Saracenorum, at hans ægæta snilld ok hreysti man æ lifa, meðan heimrinn stendr; þviat hann var sannr guðs riddari ok sparði alldri sinn likama at veria erfð hins krossfesta firir heidinna manna aagangi. Hann hafði luðr þann, er Olivant ³⁵ heitir, ok aett hafdi Jatmunðr son Agulandi konungs af Affrika, þat var sva hvellt horn, at heyrði .viii. milur ut i fra, er þvi var blasit. En hvæt ma segia af hreysti ok riddaraskap Rollanz iarlls i skómmu mæli utan þat i þessum stað, at hann gaf Marsirio

konungi þat høgg i høfuðit með sinum brandi Dyrumdala, at sneið
 hialminn ok heilabustina, þar með bryniaðan bukiðn ok herklæddan
 vapnhestinn sundr i miðiu, sva at sina leið fell hvart að vollinn.
 En medr því at almattigr guð hafði þessa orrostu skipat Rollann
 5 iarlli enda strids ok innleizlu eilifs fagnaðar¹, verðr hann særð til
 olifis skotinn i gegnum með fiorum kesium. Her meðr þeytir hann
 luðrinn Olivant með sva miklu meghni, at hlíðæðarnar ok sinar
 malsins þoldu eigi, sva varð ok horninu ofbodit ok sprakk i midiu.
 Ok er hinn blezaði Rollann iarll skilr kominn sinn endadagh, riðr
 10 hann brott af Runzival ok fram að eina sletta eng, stigr af baki
 hesti sinum ok setz niðr undir eitt tre fagrt, er þar stoð, aðkafliga
 mæðr af langri sokn ok farinn af særum. Ok er hann skil, at dauði
 nalgazst, þakkar hann himmeskum guði þa miskuun, er hann hafði
 veitt að þeim deghi, þviat um morgininn firir orrostuna hafði hann
 15 bæði skriptaz ok tekit corpus domini; því biðr hann nu gladlega
 sins andlaz meðr selli væn stinnra malagiafa, takandi niðr að
 briostid baðum hóndum, ok helldr hørundit meðr þvilkum ordum
 þrysvar²: in ista carne videbo dominum salvatorem meum, þat
 norænaz sva: i þessu holldi man ek sia guð græðara min. Eptir
 20 þat tekr hann badum hóndum til augnanna sva mælandi: et isti
 oculi conspecturi, þat ma norænaz: ok þessi aughu munu fagnaðinn
 fæ með guði. Ok þat fylldiz skioft, er hann vænti, þviat litlu
 síðar talar hann sva i annat sinni: «Meðr þinni giof, drottini minn
 Jesu, lit ek 3 nu þegar þa hluti, er eigi sa auga, ok eigi heyrði
 25 eyra, ok eigi steig upp i hiarta mannz.» Siðan gerir hann bæn
 sina til guðs firir ollum sinum bræðrum, þeim sem fallit høfðu i
 Runzival, ok sofnar i fridi guðs að kalendas dag Julij. En meðr
 því at ver høfum greint her tveggja manna liflat Rollanz iarlls ok
 Marsirij konungs, skolu ver syna þessu næst, hverssu satt hann
 30 segir psalmaskalldit i sinni bok af dauða heilagra manna ok rang-
 latra, sva segiandi ulikt miog, sem hvaru heyrir. I fyrra stað segir
 hann sva: Preciosa est in conspectu domini mors sanctorum eius;
 þat þyðir sva: i drottins augliti er dyrligr dauði hans heilagra
 manna; i síðarri grein segir sva Davið konungr til vandra manna:
 35 Mors peccatorum pessima, dauði syndugra manna er hinn versti,
 segir hann. Firir þenna spamanzzins orskurð verdr liost, at andlat
 Rollanz iarllz er dyrligt i augliti guðs, því at hann auðladizst
 fagnað liossins; en dauði Marsirij konungs verdr hinn versti, því

40 1 fagnagar A. 2 meðr þessum orðum tilf. A. 3 er A.

at hann var leiddr hertekinn tónum diofulsins, sem enn verdr liosara, ef frasogn fylgir.

111. Su bok heitir *Speculum Historiale*, er þat vattar, at virðuligr herra Turpin erkibiskup Reinsborgar var eigi i þeim bardaga, er giorðiz i Runzival, helllör með Karllamagnusi konunge, ⁵ þo ² at sumar norænubækr segi ǫðruvisi af því efni. Því vattar þat fyrr nefnd bok, at **aa** sama dag sem orrostan var i Runzival, söngh Turpin erkibiskup sáulumessu **aa** þeiri fegrstu eing, er Karlla-magnus keisari hafði sett landtiold sin, uvitandi með ǫllu, hvat haskalikt fram for moti hans frændum ok astvinum. Ok er erki-biskupinn stendr i messuembættinu, er hann upptekinn i andar syn ok litr i loptinu, hvar fara haleitir flokkar heilagra hirðsveita með söngh ok sætum hlioðum, meðr birti ok bloma miklum, sva at byskupinum gefr **aa** at lita ok heyra, þar til at su himneska ferð firriz sva miogh iardríkit, at honum hverfr at syn upp i loptið. ¹⁵ Hann hugleiðir með ser, hvat þesse syn mun hafa at þyða, ok litlu siðarr ser hann ferd aðra miog olika; i þessarri ferd eru svartir dioflar hardleitir ok helvitlegir asyndum, þeir eru margir saman ok hafa nockut meðferdar, þat er þeir þysia at ollum megum sem dioflar at agni dauðans. Turpin erkibiskup verpr ordum **aa** þa ok ²⁰ segir sva: «H(v)at dragi þer eða starfit.» Peir svara: «Ver drogum felagha varn ³ Marsirium konung til eilifðar kvalar i helvitis herað, en Mikhael styrir þeiri ferð, er leidir luðþeytara yðvarn upp i himnana.» Af þessari birting vissi erkibiskup tiðendi ok sagði konunginum, hvat guð hafði synt honum. Ok litlu siðar kom ²⁵ Balldvini broder Rollanz **aa** mæddum vapnhesti våttandi sōmu tiðendi, sem aðr voru greind, hvaðan ver munum fra venda, þviat nu er vitni borit, at Mikael fylgir voldum monnum til eilifra fagnada ⁴. Synir þat i offertorium i hverri sáulumessu, at sva gófuglig þionosta er hans skipat embætti. Því er allri kristni at ³⁰ hyggianda, hversu miukliga henni er kriupanda til sva virduligs herra fauður ok stiornara paradisar; þviat þessi astvin guðs hefir þat gera ok geyma, sem hverr kristinn maðr mundi ser kiosa ok i þeim hlut mikit um finnast, hversu margfaldr er miskunnardomr almattigis guðs, at sva nauðzsunligr hialpari heilagr Mikael skyldi ³⁵ verda nafnkunnigr veroldinni, er enga ætt eða edli tok af verold-inni, sem fyrr segher. En hvi er sva vordit, utan þat at drottinn milldr ok blezaðr vill alla menn (til) hialpar ok til sinnar miskunnar koma lata. Því setr hann sin hialparnet i hverium stað, er

¹ Af Turpin erkibiskupi *Overskr.* ² Þa **A.** ³ varr **A.** ⁴ fagnaga **A.** ⁴⁰

maðrinn skal ganga, hvar dyrkan heims ok hatidarhalld hins mæta Mikhaelis stendr meðal annarra Kristz utvega, at maðr skili fastr vera i friðarbandi **æ** gautu guðs ok æ vel fara. En **æ** hvern haðt til kom i fyrstu dyrkanligt hatiðarhalld hins saelazsta Mikhaelis, s eptir því efni sem skrifat finnz i latinu mali, er byrianda þessu næst i guðs nafni.

12. Virding ok loflig minningh hins sela Mikhaelis dyrkanlig ollum heimi tekr efni ok understoðu af guðligri milldi ok þar með af kynning kirkju þeirar, er nefndr astvinr guds vann i verki ok helgadi **i** sinu nafni. Þessi kirkia byriar ok skærliga byrlar allri verolloð nafn ok virding Mikhaelis. Þetta musteri er eigi prytt eða pentað, telgt eða tiiglsett, helldr er þat skrytt engiligrí **aast** ok alvoru, fatekt i formi en hardla rikt i himneskum krapti. Þetta hið mæta musteri smiðaði Michael i einum fiallzhvirfli eigi með upp-
reistum veggium eða **haari** þekiu, helldr er þat sem einn hellir klappaðr i biarginu, ok því er nu sva vordit, at Michael ann meira hiartans musteri en hafu steinsmiði, mæira sanri goðfysi en skygðum pilþrum eða vænum glergluggum. En hverssu kirkia þessi kom i vitorð heilagrar kristni, skal segja þessu næst i guðs nafni.

13. Sepontus heitir borg, er stendr ut **æ** Pul meðal siovar þess, er Sinus Adriaticus heitir, ok fiallz þess, er menn kalla Garganum. Fiallit stendr .xii. milur brot af borginni, þat er storliga hátt vaxit utan með laghum skogi ok fagrum grausum, einkanliga þeim megum, sem at vissi borginni Seponto. I þeim fiallzhvirfli er Michaels musteri, ok i því musteri er su bok, er sva vattar af sinni funding ok upphafi, at i greindri borg Seponto var forðum einn harðla ríkr maðr Garganus at nafni, hann atti marga hiorð, naut ok sauði, svín ok yxn, gómul ok yngri; með ymisligum hætti lagði hann undir sinn **2** ríkdom fiallit Garganum ok let þar ganga **30** hiorðina i hogum goðum, var því fiallit kent við nafn ríka mannz; er þó su grein i meðal, at heiti fiallzins skal seint leiða, en mannz nafnit skioðt. Nu ber sva til **æ** naukkuru sumri, sem smali ríka mannz gengr i fiallino Gargano, at graðungr einn hafnar veniuligt samlag sinna kumpana ok ferr miok einn samtt um sumarið, sva at **35** blandaz ekki vit aunnur naut. Liðr sva timi, þar til um haustit, at ríki maðr lætr skoða hiorðina ok heim reka, er þa saknat graðungs, er getit **3** var aðr. Hvar firir burgeissinn hefir uppi mikit fiolmenni sveina sinna ok sialfan sik, fer fram i fiallit ok leitar, sem list var til, allt þar til at hann sialfr herrann kemr upp i

40 **1** heilagi **A.** **2** sik **A.** **3** gætt **A.**

fialzins koll ok ser um langt, hvar gradungrinn stenðir firir hellis-dyrum nokkurum. Verðr hann sva reiðr þessarri syn, at hann settr aur **æ** st(r)eing ok ætlar at skiota i gegnum gradunginn ok ǫmbuna honum sva einferðir sinar ok uspeki. En er skaytið kemr **æ** aplann ¹, snyr því **æ** annan veg, en maðr hugdi, þviat sva for til at 5 iafna, sem sterkazti vindzbylr kiæmi **æ** moti ok kastaði aprt sōmu leið, stef(n)ði **æ** bonda miðian ok snaraði i gegnum hann. Ok er borgarmenn Sepontini sia þessi nyvorðin tiðendi, hræðaz þeir **æ**akaflega ok þora eigi nær at koma, skynda sem mest aprt i borg ok segia byskupi, hversu giorz hefir. Ok meðr því at byskup var 10 bæði vitr maðr ok goðr firir guði, neytir hann spóku raði ok kallar saman borgarmenn i hofuðkirkju stadarins, kunnigt gerandi, hvat fram hefir farit litlu aðr med leyndum guð(s) domi i braðu liflati rika mannz, greinir hann ok undirstoðu þessa hlutar. En hvat þetta allt saman hefir þyða, seghir hann af himnesku sæti leitanda: «því 15 byðr ek þriggia natta fostu um alla borgina með bænahalldi, at almattigr guð virdiz birta sinni kristni þat, er hann ser naudzsnylt i þessu mali.»

14. Sem allir hlyða giarna sinum feðr byskupinum ok hafa sva lenge fastað, auðlast herra byskup **æ** þriðiu nott fóstunnar 20 mikinn fagnat, þviat honum birtiz i syn gofugligr herra með himneskri birti andlitzins òk liomandi fegrð klæðanna, sva talanði til hans sem her ma heyra: «Vel tokz yðr ok viturliga, at þat, er leynt var firir monnum, baðu þer guð auðsyna, þviat eigi ma iarðnesku hugskoti liost verða þat stormerkí, sem i því leyniz, er 25 maðrinn var gegnum grafinn sialfs sins handskotinu; vitið **æ**an ifa, at þetta er gort með minum vilia, þviat (ek) Mikhael hofuðengill, er iafnan stendr i angliti guð(s), hefir skipat, at sa staðr i fiallinu skal vera hreinn ok heilagr, frials af allri sorgan ok bloðsuthelling, mer til dyrkanar valdr **æ** iarðriki; vilda ek syna með þesso takni, 30 at ek er ver(n)dari staðar þess ok **æ**litari allra goðra hluta, þeira (er) þar gerazt með rettri tru ok goðfysi.» Eptir sva talat hverfr synin brott fra byskups augliti. Ma sva spyria, ef likar, or vitran þessari, (hversu) hinn sætazsti Mikhael sagðiz iafnan standa firir guðs augliti, þar sem hann var **æ** sagðan tima her **æ** iarðriki firir augum 35 byskups Sepontini(i), þviat þat ma eigi skilia eptir likamligri staðasetning, at engill sa, sem eigi var i ollum stöðum senn, megi bæði standa **æ** himni firir guðs augliti ok vera þo hegat senðr **æ** iarðriki. En þessi spurning verðr auðvelliga leyst, ef ver hugsum, at

¹ apliann **A.**

guð er i ollum hlutum ok þo með engu moti inni strengðrⁱ, ok hann er um alla fram ok hvergi uti luktr; renna því englarnir firir omælt viðerni hans guðdomligrar navistu, hvart sem þeir renna til himins eða iarðar, ok þo at þeir se eigi i ollum stöðum, þa er 5 hann þo þeim nalægr i ollum stöðum, ok því mega (þeir) hvergi fara fra hans augliti; rikir sva sanleikr i orðum sæls Mikhaelis, því at hann er enn hæsti guðs ærendreki.

15. Nu er þar til at taka, sem byskup vaknar gerandi sonnum guði lof ok dyrð firir sina milldi, kallar hann enn sem fyrr saman 10 allan borgarlyð fram til kirkju um morgininn, greinandi þeim meðr guðshraezlu, hvat hann hefir heyrt ok seed um nattina. Siðan nefnir hann agætazstu menn borgarinnar til ferðar með ser upp **aa** fiallit Garganum; ok er þeir komo þar, sem hæst var, finna þeir tvær dyrr i fiallinu, aðrar til suðrs aðrar til norðrs, voru þær staerri 15 er stoðu til norðrs. Sia þeir, at frami firir norðdýrunum eru gradur nokkurar, aðr nalgiz dyrnar ok hurðina sialfa, en uppi yfer pollunum lykr biargit siuu rafi **aa** þann **haat** sem eitt forhus. En er Sepontini koma her inn i fram at sialfri hurðinni, þora þeir eigi firir augu sin at forvitnaz lengra, þvíat sva bar miklum otta ok 20 heilagleik ifer þenna stað, at engin dirfiz framrar ganga, en honum er nefniliga lofat. Koma borgarmenn af Seponto fra þeim degi íafnan upp **aa** fiallit at biðja ser guð iniskunnar ok hinn helga Mikhaelem, standa þeir dagliga firir dýrum uti, þvíat enn var þeim eigi lofat at ganga inn i sialft musteríð.

25 16. Narri þessum tiðendum geriz þat, at su heiðin þioð, er Neapolite kallaz, stridir upp **aa** Sepontum ok setz um borgina. Hófdu heiduir menu liðsafla myklu meira, sva at borgin var skjott uppgefen þeira valldi eptir likendum. Því gefr herra byskup þat rað sinum borgarmonnum, at þeir beiði þriggia natta frest af 30 heiðingum til raðagiorðar, hvart þeir skolu borgina upp gefa eða veria, meðan þeir mega. Ok sakir (þess) at Neapolite þikkiaz einn vegh i hendi hafa rað borgarmanna, hvern vegh sem þeir taka, gefa þeir dvalir þessar. Pat gengr þeim ok annat til, er þeir fresta atgongu borgariumar, at þeim þikkir vel standa, þo at Sepontini biði sva 35 meira skaða fiar ok sœmða, at þeir taki firir fram þriggia natta kvöl i velltiligu hioli sinnar raðagiorðar. En i þess hattar brogdum blekkiazt heiðingiar eigi litt, þvíat allan tima þenna nætt með degi standa Sepontini i liðzdrætti eigi af iardneskum heroðum, sem vita ma, þvíat þeir voru inni stre(n)gdir af her Neapolitarum, helldr er

þessi liðsamnaðr af himneskum rikium. Þviat byskup þeira byðr sva, at meiri ok minni skal halda þriggia nætta faustu um alla borgina ok biðia fulltings almatkan guð ok helgan Mikhaelem, at hann veiti þeim nokkura asia, sva at þeira frelse ok fóðurleifdir leggiz eigi undir heiðinn dom. Þvilik er framferð kristinna manna at vaka til guðs ok biðia miskunnar. En Neapolite fara leið aðra, þeir fær alla þessa daga i leikum storum ok þionostum guða sinna, at þeir efz því framar moti kristnum monnum.

17. Sem ifir stendr hin þriðja nott fóstunnar ok hin næsta firir bardagann, birtiz Mikhael Sepontino byskupi i annan tima 10 sva segiandi: «Fagni þer, þviat heyrdar eru bænir yðrar; því buiz i morgin røsklega fram i strið ok byrit¹ orrostu **aa** fiorðu stund daghx, skolu þer þa profa mitt fulltingh, sva at fógrum sigri munu þer fagna eigha.» En er byskup vaknar af vitran þessi, syngr hann lof hinum sela Mikhaeli birtanði lyðnum þæ feghinsogu, at 15 ráðinn er sigr i orrostu. Gerizst nu þegar gleði mikil² i folki guðs, sva at langar til bardagans. Ok þegar arlla buaz þeir ok herklæðaz hvatlega, eru þa ok heiðingiar³ bunir ok hafa fylkt firir utan muræana. Sem her er komit, at hvarirtveggio eru bunir til atgongu, sia kristnir menn, at þóka mikil liðr niðr ifer hæsta hlut²⁰ fiall(z)inzs Gargani, her med heyra þeir gnyreidir miklar, þvilitk sem pipri fiallit allt, en ut af þókunni fylgia elldingar som orfar gloandi fram i flokk Neapolitarum, sva at engi hlif ma við standa. Fylldiz vel **aa** þeim degi spasaga Davids, er hann tok sva til ordz at lofa guð: Qui facit angelos suos spiritus et ministros suos 25 flammam ignis etc. Her þarf eigi langt um, utan þegar i stað brestr flotti **aa** heid(in)gium, þviat ɔrvar Mikhaelis urðu snarar ok harðla manskæðar, sva at þar firir rufuz allar fylkingar. Rennr nu hvern sem harðaz ma, en Mikael ok hans menn reka flottann með mikilli akefð ok harðfengi. Sottu heidingiar ret matuliga kaupferð til 30 Sepontum **aa** þeim degi, þviat nu eru þeir dreifdir, hraktir ok drepnir, sumir með elldi, sumir meðr iarni. En þeir sem lifit þiggia, komaz sem nauðughligazst aptr i borg sina Neapolim barðir ok sprengdir af mæði, hofðu latið lið mikit ok frit, þat til marks at firir ɔrum Mikhaelis einum saman hofðu fallit .vi. hundrat manna, 35 en þat at auk allt, er Sepontini hofðu drepit brukum niðr sem busmala. Ok er su auma þioð kemr skilning **aa**, hvern krapr⁴ stoð meðr kristnum monnum, kasta þeir villuklæðum en skryðaz

heilagri tru; fengu þeir með þeiri atferð lift, at þeir voru bardir til batnaðar.

18. Eptir þenna aagæta sigr venda Sepontini aprí með fagnaði til borgar sinnar ok dveliaz litinn tima, aðr þeir heim sækia sinn s hertuga Mikhael hófuðengil fram i Garganum, þess ærendis at offra honum makligar lofgiordir firir þa mætku hond, er hann tiaði þeim i sinni nauðsyn. Ok er þeir koma arla upp **aa** fiallit fram firir þær norðryrr, er aðr voru greindar, sia þeir þa nylundu, at i biarginu frammi firir forkirkiu eru nykomin tvø fotspor, þvílikt 10 sem maðr hefði stigit i kramman snio. Skilia þeir, at þetta er elskumark Mikhaelis til verndar ok nalægðar viðr þan heilagan stað. Reisa Sepontini þar síðan vegligt musteri ok setia altarit þar sem sporin voru; tok su kirkia nafn af fotsporum Mikhaelis ok var kólluð Appodonia. Aðra kirkiu efla þeir til austurs fra must- 15 erinu Mikhaelis til lofs ok dyrðar sælum Petro hófðingia postolanna; i þeiri kirkiu voru alltari tvau, annat vight ok helgat guðs moður Marie, en annat sælum Johanne baptista. En mustari Mikhaelis stod sem aðr lukt ok læst, þviat menn þorðu ekki at gera, fyrr en 20 guð birti. Hafði byskup Sepontinus margan traktatum af þvisa efni með sinu vildazsta raði, hvart hann skilldi treysta upp at luka ok vighia musterit, ef guð bannaði eigi. En þat verðr statt i raðagiordum, at hann gerir sendimenn með brefum til herra pafans i Romam; i brefum skrifar hann greiniliga allan hæt af þeim stormerkium Mikhaelis, er um stund hafa lesin verit, biðiandi 25 postoligan herra, at hann segi, hversu bezst er geranda i sogðum vanda. Sem gjorr er boðskapprinn, takar sendiboðar orlof ok raða i vegh; ber þeim sva giptuliga til, sem væn var, at herra pafinn hefir farit í moti þeim eigi minnr en fímtigi milna firir einshverja kirkiunnar sauð. Þessi romverski byskup heitir Silvester pafa 30 nafni ok viðkvæmiliga, þviat hann hafði forðum þolat ofrið ok ofskonir guðs ovina ok flyit undan i fiall Sarepte, sem giorði hinn fyrsti Silvester pafi, er kristnaði Konstantinum hinn mikla keisara. Var þessi guðs maðr likr hinum fyrra, heilagr ok rettviss, milldr ok litillatr. Því fa sendimenn byskups af Seponto bliðar viðtökur 35 **aa** pafans garði, ok eru giarna heyrðir ok **aa** dvol með sinum ærendum fagrliga greiðdir. Koma þeir aprí i Sepontum berandi sinum byskupi bref af herra pafans curia, hver upp broten ok ifer- lesin hallda þvílikan skilning af mali Mikhaelis meðal annarra greina: Ef þat er, segir herra pafinn, guðligh skipan ok forsi, at 40 musteris vigsla Mikhaelis veitiz firir dauðlighs mannz þionstu

byriar at þvilitkt embætti geriz **aa** þann sama dagh, sem Mikhael birti sinu stormerki firir þa sigrvegaragiof, er þer skrifuð ut til vær i brefum yðrum. En ef herra stadarins likar betr ǫðruvis, synzit oss, sem hans valld ok vili se framaz biðianda til birtingar ifir þvísa mali **aa** þeim sama degi. Því er þat vort rað, at ver ok 5 þer bioðit vorum borgarmonnum þriggia natta fostu moti þeim signaða deghi, næst er hann kemr, biðiandi heilaga þrenni(n)g, at þær giafir, sem hann virðiz veita firir hinn hæsta þion sins almættis vilia, leiddi hann ut til æskiligs enda. Sva segir virðuligr herra pafinn, ok hans **ræð** er fyllt ok framkvæmt i alla grein. En þann 10 tima sem yfir stendr hin sidarsta nott fostunnar, birtiz hinn blezaði Mikael Sepontino byskupi i þriðiæ sinn með dyrð mikilli sva mælandi: «Eigi er þórf, segir haun, at þer vigit þat mustari, er ek smiðaði, þviat ek sialfr helgaði min handaverk; nu gangit inn i morgin með minu orlofi, er þa mitt at syna, hversu ek hefe 15 helgat þann sama stað firir sialfan mik. Þú skallt syngia þar messu i morgin ok gefa ollum lyd þionostu, en ek patronus stadarins skal nærrí standa ok offra guði yðra þionostu, skolu þer ok heðan ifra optarr vitia staðarin(s) firir mina þókk ok vinattu.

